

BRYNDÍS GUNNLAUGSDÓTTIR

Jarðarber ljá salatinu ákveðinn ferskleika

• matur • helgin

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



PÓRDÍS ELVA P. BACHMANN

Byrjaði að skrifa þegar henni leiddist

FÖSTUDAGUR FYLGIR BLAÐINU Í DAG



OPNUM
NÝJA VERSLUN
GLÆSILEGUR 4 BLS BÆKLINGUR Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG

TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

OPNUM Í DAG 12:00

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

3. október 2008 – 270. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Vakað yfir djarfri nótt

Lögreglan fylg-ist grannt með skemmtanahaldi Óla Geirs á Selfossi.

FÓLK 42



Bubbi segir stopp

Kónginum er nóg boðið og hyggst mótmæla í næstu viku.

FÓLK 42



Kjartan í kuldanum

Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari skipti út markvarðapari sínu í gær.

ÍÞRÓTTIR 38




Bleika slaufan

Árveknisátak um brjóstakrabbamein Söfnunarmarkmið 40.000 slaufur



VEÐRIÐ Í DAG



VINDUR Á VESTFJÖRÐUM í dag verður stíf norðanált á Vestfjörðum og norðvestan til, annars hægari. Snjócoma eða slydda norðan til en léttir smám saman til syðra. Hiti nálægt frostmarki.

VEÐUR 4

Kaffirjómi í nýjum umbúðum

Frábær út í kaffið og til matargerðar.



ms.is

Erfiðleikum mætt af þunga

Ríkisstjórnin ætlar að gera allt sem í hennar valdi stendur til að tryggja stöðugleika fjármálakerfisins. Stjórnarandstaðan átelur aðgerðarleysi stjórnvalda, hvetur til nýrra úrræða og býður upp á samstarf.

ALÞINGI „Það mun taka alþjóðlega fjármála- starfsemi og heimsbúskapinn langan tíma að jafna sig og allt bendir til að ástandið eigi eftir að versna áður en við sjáum til lands.“ Þetta sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra í stefnuræðu sinni á Alþingi í gærkvöldi.

Geir fjallaði um aðkomu ríkisins að Glitni og sagði hana ekki marka endapunkt í þeim hremmingum sem steðjuðu að bankakerfinu á Íslandi. „Íslenskir bankar, eins og allir aðrir bankar í heiminum, heyja nú mikla varnar- baráttu með liðsinni stjórnvalda og opinberra aðila. Ég fullyrði hér að ríkisstjórn mín mun hvergi slá af í þeirri stefnu sinni að tryggja með öllum tiltækum ráðum stöðugleika fjármálakerfisins og færa þær fórnir sem nauðsynlegar kunna að verða,“ sagði Geir.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra fór hörðum orðum um stjórnendur bankanna og sagði útrás þeirra virðast hafa einkennst

„Ríkisstjórn Íslands verður nú á næstu sólarhringum að svara því hvort hún treysti sér til og hefur bolmagn og styrk, kjark og sjálfstraust til að leiða endurreisnaraðgerðir í okkar þjóðarbúskap.“

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON
FORMAÐUR VINSTRI GRÆNNA

meira af kappi en forsjá. Kaupréttarsamningar hefðu vafalaust átt sinn þátt í að gera stjórn- endur of áhættusækna. „Græðgin réð því miður för og með ofurkjörnum slitu menn sig úr siðferðilegu sambandi við þjóðina. Af því verða þeir að læra,“ sagði Jóhanna.

Formenn stjórnarandstöðuflokkanna átöldu ríkisstjórnina fyrir aðgerðarleysi í efnahags- málum og röktu stóran hluta ástandsins til hennar. Stjórnin gæti ekki skýlt sér á bak við

alþjóðlegu lánsfjákræppuna. Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, sagði að nú þegar ætti að boða forystumenn stjórnvalda, fjármála- og atvinnulífs til fundarsetu, svo langrar sem nauðsyn bæri til, til að fjalla sameiginlega um vandann og leggja til lausnir.

„Ríkisstjórn Íslands verður nú á næstu sólarhringum að svara því hvort hún treysti sér til og hafi bolmagn og styrk, kjark og sjálfstraust til að leiða endurreisnaraðgerðir í okkar þjóðarbúskap,“ sagði Steingrímur.

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknar- flokksins, sagði stórkostlega lækkan stýri- vaxta, úr fimmtán prósentum í fimm prósent, nauðsynlega. Hún þyrfti að verða fyrir jól.

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjáls- lynda flokksins, sagði tímabært að taka stórt erlent lán til að styrkja gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans. Með því væri von til þess að krónan styrktist.

- bps / sjá síðu 16



Á SIGLINGU UM JÖKULSÁRLÓN Fátt er um ferðamenn úti á landi þessa dagana enda ferðamannavertíðinni að mestu lokið. Nokkrir ferðamenn saust þó á siglingu innan um jakana á Jökulsárlóni í gær og voru þeir vel búinir í kuldanum. Hlýtt hefur verið í veðri það sem af er hausti en strax og kólnar leggur lónið og þá er siglingum með ferðamenn sjálffhætt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Erlendir miðlar tala um gjaldeyriskreppu og segja að ríkið ráði ekki við verkefnið:

Stjórnvöld með allar klær úti

EFNAHAGSMÁL Stjórnvöld leita allra leiða til að leysa úr efnahags- þrengingum, til að mynda með lántöku eða gjaldeyrissektasam- ningum. Svo herma heimildir Fréttablaðsins, en ríkisstjórn og Seðlabanki segja fátt.

Hrafn Magnússon, fram- kvæmdastjóri Landssambands líf- eyrissjóða, segir að lífeyrissjóðir myndu ekki neita viðræðum um að koma að málum. Ekki hafi þó verið komið að máli við þá. Eignir

sjóðanna nema ríflega 1.800 mill- jörðum króna, þar af eru um 520 milljarðar í erlendum eignum.

Bloomberg-fréttaveitan segir að hér sé gjaldeyriskreppa. Fjár- festar hafi misst trú á fjármála- kerfið. Ríkið hafi ekki bolmagn til þess að bjarga hinum bönkunum, eftir þjóðnýtingu Glitnis. Norde- bankinn, sá stærsti á Norðurlönd- um, segir viðskiptavinum sínum að forðast íslensku krónuna.

Gengi krónunnar féll enn í gær

og stendur gengisvísitalan í 206 stigum. Seðlabankinn gaf út ríkis- bréf fyrir 150 milljarða króna og vonar að erlendir fjárfestar hætti ekki við krónuna.

Jón Steinsson, hagfræðingur við Columbia-háskóla, segir það gott svo langt sem það nær, en jafn- framt þurfi að rýmka veðheimild- ir banka hjá Seðlabankanum.

Úrvalsvísitalan hefur ekki verið lægri síðan upp úr miðju ári 2004.

- ikh / sjá síðu 20

Kafbátur mánaðarins
Pizzabátur
SUBWAY
6 tommu bátur
329 kr.

Gildir í okt. 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Sjámannum

OPNUM EFTIR

1 DAG!

RÚMFATA LAGERIÐ
HERBERGID • BABID • HEIMLID
KORPUTORGI

SPURNING DAGSINS



Óskar, ætlið þið að stokka spilin?

„Er ekki „Stokkum upp“ ágæt þýðing á „New Deal“?“

Sex mánaða uppgjör Reykjavíkurborgar og aðgerðaáætlun verða lögð fram í næstu viku. Svo gæti farið að ellefu milljarða umferðarstokki verði frestað. Óskar Bergsson er formaður borgarráðs.



FYRSTA SNJÓKOMAN Fyrsta snjócoma haustsins var á suðvesturhorni landsins í gærkvöld. Búast má við hálfu í dag.

Höfuðborgarsvæðið:

Hætta á hálfu eftir snjóinn

VEÐUR Þétt snjócoma var á höfuðborgarsvæðinu síðdegis í gær og í gærkvöld og lagðist snjóþekja yfir. Theodór Hervarsson veðurfræðingur segir að hætt sé við því að hálfu geti verið á götum í morgunsárið og ástæða fyrir fólk að fara varlega á leið í vinnuna í dag.

Í dag og á morgun er búist við norðaustanátt og telur Theodór að bjartviðri verði á Suðvesturlandi, jafnframt þurrt og kalt. Á sunnudag er gert ráð fyrir að hlýni en hvessi jafnframt. „Það verður hlýtt eitthvað fram í næstu viku,“ segir hann.

- ghs

Hæstiréttur um Árdegi:

Tugmilljóna sekt staðfest

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest 65 milljóna króna stjórnvaldssekt á hendur Árdegi fyrir brot á samkeppnislögum. Þetta kom fram í frétt á Vísí.is í gær.

Samkeppniseftirlitið hafði komist að því að Skifan, forveri Árdegis, hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína með því að gera samninga við Hagkaup um sölu á hljómdiskum og tölvuleikjum. Með samningunum hefðu keppinautar Skifunnar verið nánast útilokaðir frá viðskiptum. Var um ítrekunarbrotað að ræða og félagið því sektað um 65 milljónir króna.

- ghs

Listaverk lækka verulega í verði þegar eigendur vilja flýta fyrir sölu:

Verk á hálfvirði í kreppunni

VIÐSKIPTI „Það ber nokkuð á því að menn séu til í að lækka verðið verulega til að flýta fyrir sölu,“ segir Pétur Þór Gunnarsson, eigandi Gallerís Borgar, um listaverkasölu um þessar mundir.

Hann nefnir dæmi um mynd sem galleríið er með í umboðssölu og var metin á um fjórar milljónir fyrir ári en nú er eigandinn tilbúinn til að selja hana á þrjár. Eins er mynd eftir Tolla í galleríinu sem metin hefur verið á 1,2 milljónir en nú býðst hún á 550 þúsund krónur.

Hann segir að nú, eins og venjulega þegar kreppi að, sé mikið framboð af málverkum. „Þegar

framboðið er mikið lækkar verðið náttúrulega. Ég tel að myndlist hafi lækkað í verði síðustu mánuðina um svona tuttugu prósent,“ segir hann.

Elínbjört Jónsdóttir, eigandi Gallerí Foldar, segist ekki verða eins vör við þessa þróun. „Eitt-hvað höfum við orðið vör við það að fólk sé að spá í það hvaða verk sé best að selja til að losa um peninga en það er þó ekki mjög mikið af því,“ segir hún.

Pétur Þór segir að í Danmörku hugi margir að listaverkum sem fjárfestingu þegar kreppir það.

„En það er ekki hefð fyrir þessu hér á landi en Kjarval verðfellur



PÉTUR ÞÓR GUNNARSSON Lausafjárkreppa veldur því að nú gefst færi á að kaupa málverk á verulega lágu verði.

ekki og týnist eins og hlutur í Glitni,“ segir hann.

- jse

Barnungir kynferðisbrotamenn fá aðstoð

Rúmlega helmingur kynferðisbrotamanna hefur brotaferil sinn fyrir 15 ára aldur. Forstjóri Barnaverndarstofu telur að um 20 til 30 ungmenni þurfi á meðferð að halda árlega. Opna á sérstaka göngudeild fyrir þessi ungmenni í bráð.

FÉLAGSMÁL Koma á upp göngudeild fyrir kynferðisbrotamenn á aldrinum þrettán til átján ára á vegum Barnahúss á næsta ári.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnahúss, segir að vegna þeirra staðreyndar að rúmlega helmingur kynferðisbrotamanna hefji sinn brotaferil fyrir fimmtán ára aldur hafi lengi verið kallað eftir fjármagni til þess að reka sérstaka deild fyrir þessi ungmenni. Það hafi ekki fengist fyrr en nú en í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að sjö og hálf milljón renni til Barnahúss vegna reksturs göngudeildar fyrir þennan hóp. Um þriðjungur geranda í kynferðisbrotum er nú undir átján ára aldri.



BRAGI GUÐBRANDSSON

„Með þessu er hægt að forða mörgum fórnarlömbum auk þess sem meðferðarárangur er almennt séð meiri eftir því sem gerendur í kynferðisbrotum eru yngri þegar meðferð hefst. Það er því til mikils að vinna að geta tekið á vandanum strax,“ útskýrir Bragi og bætir við að kynferðisbrotamenn verði ekki til á einni nóttu. „Þetta er þróun sem þarf að grípa inn í strax,“ segir hann.

Bragi segir það hafa verið mat þeirra sem starfa á vegum Barnaverndarstofu að um tuttugu til þrjátíu ungmenni þurfi á þessari aðstoð að halda árlega. Svo virðist sem þessi hópur hafi farið



TIL MIKILS AÐ VINNA Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir árangur af meðferðarvinnu með unga kynferðisbrotamenn mikinn. Um þriðjungur gerenda í kynferðisbrotum er nú undir átján ára aldri. Bragi telur að um það bil tuttugu til þrjátíu ungmenni þurfi nú á meðferð að halda árlega.

NORDICPHOTOS/GETTY

stækkandi síðustu ár. Vitað sé að hluti þessara ungmenna átti sig fljótlega á því að það sem þau hafa gert er rangt. Fræðin sýni að af þessum hópi haldi um fimmtán prósent og upp í helming áfram að brjóta af sér.

Bragi segir að hingað til hafi verið reynt að vinna með unga gerendur í kynferðisbrotum á meðferðarheimili hér á landi en reynslan sýni að það sé ekki heppilegt að vista þennan hóp barna og unglinga á slíkum stofnunum. Bæði geti það haft í för með sér svokölluð smitáhrif, ógnað öryggi

annarra auk þess sem þeir hafi lent í einelti á stofnununum. Betra sé því að vinna með þennan hóp á göngudeildum en með innlögnum. Enn sem komið er sé ekki búið að taka ákvörðun um hvar göngudeildin eigi að vera til húsa.

„Við höfum séð gríðarlega góðan árangur af sams konar starfi í nágrannalöndum okkar og vonumst til þess að svo verði einnig hér,“ segir hann en einkum verður litið til þeirrar meðferðar sem fer fram í Danmörku við útfærslu á meðferð hérlendis.

karen@frettabladid.is

Nýjung í löggæslumálum:

Hægt verði að kæra á netinu

STJÓRMÁL Dómsmálaráðuneytið ætvar að yta úr vör verkefni á sviði upplýsingatækni sem kallast lögreglustöð á netinu.

Markmið þess er að koma á gagnvirkum þjónustuvef lögreglu þar sem almenningi gefst meðal annars kostur á að sækja um ýmiss konar leyfi hjá lögreglu, sækja persónulegar upplýsingar um sig; til dæmis skoða punktastöðu og skráningu persónuupplýsinga í lögreglukerfinu og tilkynna eða kæra tiltekin brot.

Óskar ráðuneytið eftir fimm milljónum króna til verkefnisins á fjárlögum næsta árs.

- bps

LL og ASÍ tilbúin til viðræðna:

Ekkert rætt við lífeyrissjóðina

EFNAHAGSMÁL Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, segir að sjóðirnir neiti ekki viðræðum við stjórnvöld um efnahagsaðgerðir.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, segir skoðun sambandsins þá að forsendur kunni að vera fyrir aðkomu sjóðanna.

Hvorugur hafði þó heyrð í stjórnvöldum í gær.

Gylfi segir ekki útilokað að lífeyrissjóðir yrðu með, lægju fyrir heildstæðar áætlanir, til lengri og skemmri tíma.

„Það má vel vera að hægt yrði að sannfæra lífeyrissjóðina um þátttöku í aðgerðum. En við verðum að hafa í huga að hér er um lífeyrissparnað fólksins í landinu að ræða.“

- ikh

Sauðamessa í Borgarnesi:

Ærlega skvett úr klaufunum

MANNFAGNAÐUR Talsvert fjármagn mun streyma um götur Borgarness á morgun. Það er áhættufé þótt það rýrni minna en annað fé um þessar mundir, að sögn Gísla Einarssonar fréttamanns. Hér á hann við sauðfé enda stendur hann fyrir hátíð sem hann kallar Sauðamessu, ásamt Bjarka Þorsteinssyni. Hún verður í Skallagrímssgarði, sem Gísli segir vannýttan afrétt í hjarta bæjarinnar.

Ókypis kjötsúpa verður í boði og fjöldi skemmtiatriða, meðal annars keppni í ólympiugreinum eins og sparðatíngi og fjárdrætti.

Í lokin verður hlöðuball þar sem ærlega verður skvett úr klaufunum.

- gun

Gísli Guðmundsson aðalræðismaður komst í hann krappan í Frankfurt:

Handtekinn vegna plastbyssu

LÖGGÆSLA „Það komu fjórir óeinkennisklæddir lögreglumenn og skelltu mér í handjárn,“ segir Gísli Guðmundsson, aðalræðismaður Suður-Kóreu, sem átti sér einskis illa von, þar sem hann sat í flugstöðvarbyggingunni í Frankfurt í fyrradag og beidd eftir flugi heim.

Gísli hafði verið í Moskvu. Þar keypti hann eftirlíkingu af vélbyssu í búð. Með henni fékk hann pappíra á nokkrum tungumálum þess efnis að byssan væri eftirlíking.

„Þetta var plastbyssu með einhverjum smá málm,“ útskýrir hann.

Þegar Gísli hélt frá Moskvu til borgarinnar Samara í Rússlandi, þar sem hann ætlaði að veidda villisvín og hitta vini sína, var taskan hans opnuð á flugvöllinum.

„Þeir hlógu eins og vitlausir menn þegar þeir sáu byssuna; hvað maður á þessum aldri væri að gera með svona leikfang,“ segir Gísli.

Í Samara var farangur Gísla bókaður til Íslands í gegnum Frankfurt. Og á síðarnefnda flugvöllinum byrjaði ballið. Hann var handtekinn „fyrir framan 120 manns“ eins og hann segir og færður til þriggja



GÍSLI GUÐMUNDSSON Segir mjög neyðarlegt og leiðinlegt að lenda í svona. En þegar fólk hafi hreina samvisku sé ekkert að óttast.

klukkustunda yfirheyrslu vegna byssunnar, sem sést hafði í töskunni við öryggisleit. Af vélinni missti hann, en er nú kominn heim. Plastbyssan er enn í höndum þýsku flugvallarlögreglunnar.

- js

Erum með mikið úrval af buxum, peysum og toppum í stærri stærðum, ásamt mittisúlpum með loðkraga.

Fallegar vörur og frábært verð, sjón er sögu ríkari

Diddy.is
Faxafeni 14.

ToysRUs®

Þessi tilboð gilda aðeins í Grafarvogi



494505
WII-LEIKJATÖLVA
Með spilinu Wii Sports. Með leikfjarstýringu og þráðlausri fjarstýringu sem skráir hvernig þú heldur á henni og hvar þú ert í himingeyminum. 512 mb innra minni og með möguleika á stækkun með SD-kort. Wi-Fi þráðlaus tenging. Getur líka spilað Game Cube leiki. Hægt er að hafa niður klassískum NES-, Super NES- og Nintendo 64 leikjum. Þarf 2 C-rafhlöður. Verð 34.999

Wii™

1/2 VIRÐI!

TILBOÐ AÐEINS 50 STYKKI
8.999

SPARID 9.000



1/2 VIRÐI!

TILBOÐ AÐEINS 50 STYKKI
9.999

SPARID 10.000

NINTENDO DS™ lite



493709
PS2-LEIKTÆKI MODELL L SUMLINE
Með innbyggðu netkarti sem gerir það mögulegt að spila á netinu. Getur líka spilað DVD-diska. Með DUALSHOCK 2-handsstjórnæki. Verð 17.999

494457
DS - LITE
Með þráðlausri fjarstýringu svo hægt sé að teikna, spjalla og deila með spilum eða spila á móti 16 öðrum. Getur bæði spilað 3D DS- og GAME BOY ADVANCE leiki. Skjáirir tveir eru lýstir í bakgrunninn og virka saman eða hver fyrir sig. Neðri skjáinn er snertiskjár. Með bendipriki, endurhláðanlegri rafhlöðu og hleðslutæki. 13 x 7 x 2 sm. Fæst í hvítu, svartu, bleiku og silfrúðu. Verð 19.999

KOMDU Á RISASTÓRA OPNUNARHÁTÍÐ OKKAR Í GRAFARVOGI ÞANN 4. OKTÓBER KL. 8

SUNNUDAGA 5. október kl. 12

Á LAUGARDAGA KL. 12.00

Íþróttáalfurinn kemur í heimsókn í TOYS"R" US og spjallar við krakkana og syngur jafnvel nokkur lög. Það má enginn missa af þessu!

LATI BÆR



Hún snýr höfðinu þegar þú gengur til hennar

Hljóðneminn og fótin glampa þegar þú talar

46 SM

089380
BABY ANNABELL
Alveg eins og alvöru barn. Hefur barnahljóð og sýgur snúðið sitt. Grætur „raunverulegum“ tárur. Opnar og lokar augunum. Gagnvirk dukkan. Þarf 4 C-rafhlöður. Verð 6.999

089445
BABY BORN MAGIC EYES PRINCESSA
Með aukabúnaði. Verð 6.499



EINSTAKT VERÐ

TILBOÐ AÐEINS 100 STYKKI
6.999

SPARID 8.000

153847
FERRARI 599 GTB (8145)
Frá 10 ára. Verð 14.999



43 SM



Tilboðin gilda til og með 12. 10. 2008. Í verðunum er innifalinn viðskafakassar. Það er tekið fyrirvarari á prentvillum og uppseldum vörum.

OPNUNARTÍMAR
Mánudaga-föstudaga 11-19
Laugardaga 10-18
Sunnudaga 12-18

KORPUTORG, 112 REYKJAVÍK

GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	111,03	111,55
	Sterlingspund	195,92	196,88
	Evra	154,39	155,25
	Dönsk króna	20,694	20,816
	Norsk króna	18,645	18,755
	Sænsk króna	15,842	15,934
	Japanskt jen	1,0528	1,059
SDR		170,47	171,49

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
204,6839
HEIMILD: Seðlabanki Íslands



FÉLAGAR Breski auðkýfingurinn Richard Branson faðmar hér vin sinn Fossett eftir flug þess síðarnefnda umhverfis jörðina án millilendingar í febrúar 2006.

Hvarf ævintýramanns: Flak flugvélar Fossetts fundið

BANDARÍKIN. AP Flak flugvélar auðjöfursins og ævintýramannsins Steves Fossett er fundið, ári eftir að hún hvarf eftir að Fossett lagði upp í æfingaflyg yfir eyðimörkinu í Nevada.

Að sögn rannsakenda virðist vélin hafa rekist beint á fjallshlíðina. Jarðneskar leifar Fossetts fundust ekki í flakinu en að sögn Johns Anderson, lögreglustjóra í bænum Mammoth Lakes sem er næsta þéttbýli við fundarstaðinn, er „algennt að ekkert finnst ef lík finnst ekki innan fárra daga, vegna vargdýra“.

Mikil en árangurslaus leit var gerð að vél Fossetts eftir hvarfið í fyrra.

LÖGRELUFRÉTTIR

Lúðraþytur í Þorlákshöfn

Nokkrir íbúar Þorlákshafnar vöknúðu við lúðraþyt á götum bæjarins aðfaranótt sunnudagsins. Þar voru á ferð lúðraþeytarar sem sóttu landsmót Sambands íslenskra lúðrasveita sem haldið var í bænum um helgina.

LEIÐRÉTTING

Ranghermt var í blaðinu í gær að Árni Mathiesen fjármálaráðherra hefði aðspurður svarað að ekki kæmi til greina að læsa gengi krónunnar. Svar hans var: „Það hefur ekki verið rætt.“

Stjórn málafræðingar um útspil Davíðs Oddssonar um þjóðstjórnina:

Kominn út fyrir verksvið sitt

EFNAHAGSMÁL „Óvenjulegt útspil,“ segja stjórn málafræðiþrúffarnir Gunnar Helgi Kristinsson og Baldur Þórhallsson um þá hugmynd Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra á ríkisstjórnarfundum að mynda þjóðstjórn.

„Óheppilegt. Með því að blanda sér í pólitíska atburðarás er hann að auka þann vanda sem við er að glíma,“ segir Gunnar Helgi.

Baldur telur að taka verði útspilið alvarlega því erfitt sé að skilja í sundur starf Davíðs sem aðalbankastjóra og fyrri störf sem formaður Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra landsins. Astandið sé annað hvort enn alvarlegra en menn



GUNNAR HELGI KRISTINSSON



BALDUR ÞÓRHALLSSON

hafi viljað vera láta eða að öfl innan Sjálfstæðisflokksins reyni að yta Samfylkingunni til hliðar í ríkisstjórn.

Einar Mar Þórðarson stjórn málafræðingur segir að Davíð sé „algjörlega kominn út fyrir sitt verksvið.“

Það er ekki hlutverk seðlabankastjóra að skipta sér af því hvernig stjórn landsins er mynduð,“ segir hann.

Baldur telur atburðinn sýna að Davíð telji sig hafa pólitískt ítök og sé enn þátttakandi í stjórn máli. Gunnar Helgi segir að seðlabankastjórar summs staðar tjái sig um ýmsu mál en þá hafi þeir sterkan faglegan bakgrunn. Einar Mar efast um að þetta gæti gerst í nágrannalöndum okkar.

Allir telja þeir að Davíð hefði brugðist reiður við hefði hann verið í hlutverk forsætisráðherra og seðlabankastjóri komið með sömu hugmynd.

- ghs

Atvinnuleysistryggingasjóður: Bætur verða 8,5 milljarðar króna

STJÓRN MÁL Reiknað er með að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs verði átta og hálfur milljarður króna á næsta ári.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu verða framlög í sjóðinn rúmlega 7,3 milljarðar og vaxtatekjur eru áætlaðar 1,7 milljarðar.

Á þessu ári var 6,3 milljörðum varið til sjóðsins en í fyrra tæpum 2,2 milljörðum.

Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi verði 2,7 prósent og er það lægra en í forsendum fjárlaga 2008 þar sem reiknað var með 2,9 prósentu atvinnuleysi.

- bps

Segir Davíð beita smjörklípuaðferð

Menntamálaráðherra segir embættismenn eins og Davíð Oddsson ekki eiga að skipta sér af stjórn máli með ummælum um þjóðstjórn. Eykur á óvissu og vanlíðan fólks segir viðskiptaráðherra. Forsætisráðherra vill ekki tjá sig.

STJÓRN MÁL „Hann er að fara langt út fyrir sitt verksvið með þessum tillögum. Auðvitað hefur hann skoðanir en hann er embættismaður og á ekki að vera á vettvangi stjórn mála,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra um hugmyndir Davíðs Oddssonar um þjóðstjórn.

Þorgerður segir stjórnina hafa góðan þingmeirihluta og fráleitt sé að hún fari frá. „Við þurfum á öllum okkar kröftum að halda til að styrkja krónuna á ný og menn eiga ekki að vera að senda út svona smjörklípur.“

Þjörgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra tekur í sama streng. „Mér þóttu ummælin alls ekki viðeigandi og mjög óheppileg. Umræður um stjórnarbreytingu auka óvissu og vanlíðan fólks á þessum erfiðu tímum. Stjórnin sem nú situr hefur mesta þingmeirihluta lýðveldissögunnar og má allt eins nefna þjóðstjórn.“

Þjörgvin segist ekki líta á yfirlýsingu Davíðs sem vantraust á ríkisstjórnina. „Nei, ég tek því ekki þannig. En það er óþægilegt að embættismaður valdi meiri óróa í samfélaginu á þennan hátt.“

Geir H. Haarde forsætisráðherra vildi ekki tjá sig um ummæli Davíðs.

Formenn stjórnarandstöðuflokkanna kalla allir eftir viðtækara samráði. Þeir efast þó um að ríkisstjórnin afsali sér sínum sterka meirihluta. „Ríkisstjórnin hefur mikinn meirihluta og ég sé ekki að hún sleppi honum,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson.

Þjóðstjórn hefur aðeins einu



ÁTELUR DAVÍÐ Þorgerður Katrín átelur Davíð Oddsson fyrir að skipta sér af stjórn máli. Hann sé embættismaður og eigi að hegða sér sem slíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



DAVÍÐ ODDSSON



ÞJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

sinni setið hér á landi, 1939, undir stjórn Hermanns Jónassonar. Dregið hefur verið í efa að um þjóðstjórn hafi verið að ræða með sósíalístaflökkin utan stjórnar. Sömu flokkar sátu í stjórn 1947-1949 án þess að hún væri nefnd þjóðstjórn.

Í bók Guðna Th. Jóhannessonar, Völundarhús valdsins, segir frá hugmyndum um myndun þjóðstjórnar. Í efnahagsvandanum árið 1968 boðaði Bjarni Benediktsson fulltrúa stjórnarandstöðu á sinn fund til viðræðu. Ekkert varð þó úr þjóðstjórn.

Við stjórnarslit árið 1974 vildi Ólafur Jóhannesson forsætisráðherra mynda stjórn allra flokka, en Framsókn fór í stjórn með Sjálfstæðisflokki. Árið 1978 reyndi Geir Hallgrímsson að mynda þjóðstjórn til að taka á efnahagsvanda en upp úr viðræðum slitnaði eftir tíu daga. Í stjórnarkreppu þeirri sem lauk með myndun stjórnar Gunnars Thoroddsen 1980 reyndi Geir einnig að mynda þjóðstjórn.

kolbeinn@frettabladid.is

Innkauparáð Reykjavíkur: Litháar byggja Norðlingaskóla

ATVINNULÍF Innkauparáð Reykjavíkur borgar hefur samþykkt að ganga að tilboði verktakafyrirtækis Adakris UAB ehf. frá Litháen í uppsteypu og fullnaðarfrágang á Norðlingaskóla.

Adakris, sem átti lögsta tilboð í verkið, er með útibú á Íslandi.

Á fundi Innkauparáðs þar sem tilboðið var samþykkt var lögð fram sérstök árétting ráðsins um að í útbóðslýsingu fyrir verkefnið í Norðlingaskóla kæmi fram að vinna skyldi í samræmi við ákvæði gildandi laga og reglugerða, meðal annars um réttindi launafólks.

- gar



Í KÍÐJABERGI Sveitarstjórnin heimilaði byggingu margfalt stærra húss en áður voru leyfð í Kíðjabergi.

Sveitarstjórn hafnar kröfu: Óleyfisbústaðir ekki fjarlægðir

SKIPULAGSMÁL Kröfu hjóna, sem eiga sumarhús í Grímsnesi, um að tvö ný hús í nágrenninu verði rifin hefur verið hafnað af sveitarstjórn Gríms- og Grafningshrepps.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu kærðu hjónin byggingu tveggja nýrra húsa í nágrenni við sumarhús þeirra. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála sagði húsin ekki hafa verið reist með löglegu byggingarleyfi þar sem nýtt deiliskipulag fyrir Kíðjaberg hafði ekki tekið gildi. Sveitarstjórnin segir hvorki skipulagsleg rök né hagsmuni krefjast þess að húsin verði rifin.

- gar

ÓLYMPIUSTÆRÐFRÆÐI
HEFST Í NÆSTU VIKU
Nánari upplýsingar á hr.is/ofs

ÓLYMPIUSTÆRÐFRÆÐI FÜRÞR GRUNNSKÓLA

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

HLÝNAR UM HELGINA
Það verður kuldalegt á landinu í dag en á morgun hlýnar allnokkuð og verður stífgandi í hitastiginu fram yfir helgi. Þetta þýðir að úrkoman sem fellur á landið verður yfirleitt rigning en þó er rétt að benda á að á heiðum og fjöllum má búast við snjókomu. Hvar úrkoman fellur sjáum við á veðurkortunum.

Á MORGUN
5-10 m/s en allt að 15 m/s við SA-ströndina.

SUNNUDAGUR
3-8 m/s.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	14°
Billund	13°
Ósló	6°
Stokkhólmur	11°
Gautaborg	14°
London	11°
París	11°
Frankfurt	12°
Friedrichshafen	7°
Berlín	13°
Alicante	25°
Mallorca	23°
Basel	11°
Eindhoven	11°
Las Palmas	26°
New York	20°
Orlando	30°
San Francisco	17°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Buongiorno!

Ítalskir dagar

ÍTALSK-ÍSENSKA
VIÐSKIPTARÁÐIÐ

KJÚKLINGABITAR MED BASILÍKU OG PARMASKINKU

4 stk. skinnlausar bringur
12 sn. parmaskinka
1 búnt basiíka
120 ml ólífuolía
4 msk. hvítvínседik
maldon salt
pipar

Skerið hverja kjúklingabringu í þrennt. Leggið parmaskinkuna á fat, setjið vel af basilíku á hverja sneið, setjið síðan einn kjúklingabita yfir og rúllið upp. Stillið ofninn á 180°C. Hrærið ólífuolíu saman við edik og kryddið með salti og pipar. Leggið til hliðar og geymið. Hitið olíu á pönnu og steikið kjúklingabitana vel á öllum hliðum þar til þeir eru fallega brúnaðir. Setjið í eldfast mót og eldið í ofni í um 10 mín. Takið úr ofninum og hellið olíu-edik-dressingunni yfir. Berið fram með salati og brauði.



40%
afsláttur
við kassa

1.797 kr/kg

Merkt verð 2.995.-

Kjúklingabringur

Kjöt & Fisktorgið
Alltaf ferskt

25%
afsláttur

2.998 kr/kg

Verð áður 3.998.-

Nautalundir

Kjöt & Fisktorgið
Alltaf ferskt

20%
afsláttur

2.878 kr/kg

Verð áður 3.598.-

Lambafile með fitu

48%
afsláttur

774 kr/kg

Verð áður 1.498.-

Nautahakk

30%
afsláttur
við kassa

2.064 kr/kg

Merkt verð 2.949.-

Nauta piparsteik



20%
afsláttur
við kassa

Nýtt
í Hagkaup

Ítalía vörur í úrvali
- allt það besta, beint frá Ítalíu

Callipo túnfiskur
- hágæða túnfiskur

La Novella
- ólífuolía og balsamikedik

20%
afsláttur
við kassa

La Selva tómátvörur
- frá Toscana á Ítalíu

NÝBAKAÐ

299 kr/stk.
Verð áður 479.-

Ítölsk brauð
- nýbakað

Nýtt
í Hagkaup

Giovanni Rana ferskt pasta
- 3 bragðtegundir, 3 litir

OPIÐ
til 20
alla daga

Tilboðin gilda til 8. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN

ÁRVEKNI UM BRJÓSTA-KRABBAMEIN

Ert þú búin(n) að kaupa bleiku slaufuna?

Já	15%
Nei	85%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Er kominn tími á þjóðstjórn?

Segðu þína skoðun á vísir.is **vísir**

Október uppbókaður á einum degi hjá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna:

Mannúðarstarf á ráðgjafarstofu

SAMFÉLAGSMÁL Aðeins tók einn dag að fullbóka í alla viðtalstíma fyrir októbermánuð hjá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Í fyrradag var bókað í alla tíma í mánuðinum og síðdegis í gær voru tíu komnir á biðlista.

„Það er nokkuð óvanalegt að allir tímar klárast fyrsta daginn sem við bókum en þetta þarf kannski ekki að koma á óvart miðað við stöðuna í dag,“ segir Ásta S. Helgadóttir, forstöðumaður stofunnar. „Auðvitað verðum við vör við það að greiðslubyrði fólks með erlend lán á bakinu hefur hækkað en svo má náttúrliga ekki gleyma því að verðtryggð lán hafa



ÁSTA S. HELGADÓTTIR FORSTÖÐUMAÐUR Mikið álag er á starfsmönnum Ráðgjafarstofunnar þessa dagana en Ásta segir heimikið mannúðarstarf unnið þar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

einnig hækkað með vaxandi verðbólgu.“ Hún segir mikilvægt að sett verði lög um greiðsluáðlögun

sem fyrst. „Það vantar einnig frekari úrræði fyrir fólk sem er að lenda í vandræðum með eignir sínar nú á þessum tímum þegar engar eignir seljast.“

Hún segir álagið vissulega vera mikið á starfsmönnum stofunnar. „Þegar fólk á í greiðsluferðileikum geta verið mörg vandamál því samhlíða og það má velta því fyrir sér hvað er orsök og hvað afleiðing. Og ég segi það oft að það er unnið heimikið mannúðarstarf hérna.“

Fyrir þá sem ekki hafa fengið tíma má geta þess að stofan veitir einnig leiðsögn með símavíðtölum og á netinu.

- jse

Byggingafélag námsmanna: Fjárhagsstaðan er alvarleg

VIÐSKIPTI Forráðamenn Byggingafélags námsmanna hafa nú gripið til aðgerða til að treysta rekstrargrundvöll félagsins.

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra rannsakar nú rekstur þess þar sem grunur leikur á að ekki hafi verið allt með felldu með störf fjögurra fyrrverandi starfsmanna. Til að rétta af alvarlega fjárhagsstöðu félagsins hefur verið gripið til þess að auka tekjurnar með hækkan á tekju-tengdum gjöldum. Dreigið hefur verið saman í rekstrarkostnaði og samkomulag gert við viðskiptabanka um endurfjármögnun skuldbindinga.

- jss

Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

KORPUTORG

Ný Europris verslun opnar á Korputorgi á morgun, laugardaginn 4. október.

FJÖLDI OPNUNARTILBOÐA

Europris - ódýrt fyrir alla



ADALHAGFRÆÐINGARNIR Arnór Sighvatsson, aðalhafgræðingur Seðlabanka Íslands, og Þóririnn G. Pétursson, staðgengill aðalhafgræðings Seðlabankans, sjást hér á ráðstefnu um gengismál í Háskólanum í Reykjavík fyrir nokkru.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hagfræðisvið ekki haft með í ráðum

Hagfræðingar Seðlabankans mátu ekki þjóðhagsleg áhrif þjóðnýtingar Glitnis. Margir hagfræðingar eru í forystusveit Seðlabankans og forsætisráðuneytisins.

EFNAHAGSMÁL Hvorki aðalhafgræðingur Seðlabankans né staðgengill hans tóku þátt í að meta þjóðhagsleg áhrif þjóðnýtingar Glitnis eða áhrif hennar á fjármálakerfið. Aðspurður sagði Arnór Sighvatsson aðalhafgræðingur: „Ég mun ekki tjá mig um þessar fréttir.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var málið í höndum bankastjórnar Seðlabankans og koma nöfn starfsmanna hagfræðisviðs bankans ekki fyrir á minnisblöðum um afleiðingar þjóðnýtingarinnar.

Heimildarmaður innan stjórnarráðsins bendir á að málið sé á ábyrgð forsætisráðuneytisins. Þegar spurt var hvort nöfn hagfræðinga Seðlabankans kæmu fyrir á minnisblöðum um þjóðhagsleg áhrif og áhrif á fjármálakerfið, sagði heimildarmaðurinn að margir hagfræðingar hefðu

komið að málinu. Hann vildi hins vegar ekkert segja um það hverjir það hefðu verið. „Þú verður að spyrja Seðlabankann,“ sagði hann.

Tveir bankastjórnar Seðlabankans, Eiríkur Guðnason og Ingimundur Friðriksson, eru hagfræðingar. Geir H. Haarde forsætisráðherra er hagfræðingur og líka Tryggvi Þór Herbertsson, efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar. Sama á við um Bolla Þór Bollason, ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu.

Fréttablaðið hefur sent bankastjórn ítarlegan spurningalista um hvernig þjóðhagsleg áhrif og áhrif þjóðnýtingarinnar á fjármála-stöðugleika voru metin. Enn fremur hvernig verði á bankanum var fundið. Svör höfðu ekki borist þegar blaðið fór í prentun.

Starfsmenn Seðlabankans sátu í gær fund sem bankastjórnin boðaði óvænt til í hádegina. Þar fór

Davíð Oddsson yfir þær opinberu upplýsingar sem fyrir liggja um Glitnismálið. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst, hnykkti hann á því að ákvarðanir hefðu verið teknar af ríkisstjórninni, en ekki Seðlabankanum.

Hlutirnir gerðust hratt eftir að forsvarsmenn Glitnis leituðu til Seðlabankans um fyrirgreiðslu fyrir helgi. Þeir óskuðu 600 milljóna evru láns, á mánudagsmorgni hafði ríkið eignast 75 prósent hlut í bankanum. Þá höfðu fundir staðið um nætur.

Síðan tíóndi bárust um þjóðnýtinguna hefur gengi krónunnar lækkað um fimmtán prósent.

Lánshæfismat ríkisins og allra banka hefur verið lækkað, raunar hefur Moody's ekki lækkað lánshæfiseinkunn ríkisins, en íhugar að lækka hana. Þá hefur skulda-tryggingaaálag ríkisins rokið upp.

ingimar@markadurinn.is

SÓMI

FERSKT EINFALT & ÞÆGILEGT

PANTAÐU SÓMA VEISLUBAKKA

Pantaðu í síma **565 6000** eða á www.somi.is Frí heimsending*

TORTILLA VEISLUBAKKI
30 bitar 2.930 kr.

TORTILLA OSTABAKKI

EDALBAKKI
30 bitar 2.930 kr.

GAMLI GÓÐI
20 bitar 2.650 kr.

PIÐUBAKKI
20 bitar 2.830 kr.

LÚXUSBAKKI
20 bitar 2.650 kr.

DESERTBAKKI
50 bitar 2.390 kr.

ÁVAXTABAKKI
Fyrir 10 manns 2.680 kr.

Hver samlokubakki er hæfilegur fyrir fjóra eða fimm.
*Frí heimsending gildir aðeins ef pantaðir eru 4 eða fleiri bakkar.

Skýringar þörf ef satt reynist

„Seðlabankinn og forsætisráðherra þurfa að skýra þetta sérstaklega ef satt reynist,“ segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, um þær fréttir að hagfræðisvið Seðlabankans hafi ekki verið haft með í ráðum þegar ákveðið var að ríkið þjóðnýtti Glitni.

Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstri-grænna, var kölluð til fundar í Seðlabankanum ásamt öðrum forsvarsmönnum stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi, Guðna Ágústssyni og Kristni H. Gunnarssyni, þingmanni Frjálslynda flokksins, á sunnudagskvöld. Þar var þeim greint frá þeirri ákvörðun að ákveðið hefði verið að ríkið þjóðnýtti bankann. „Því meira sem kemur í ljós, þeim mun sérstakara er þetta allt saman. Þessi ákvörðun, sem var tekin á sunnudagskvöldið og okkur var tilkynnt án þess að fá neinar frekari upplýsingar, virðist alls ekki vera að bera þann árangur sem henni var ætlað. Það hefur í raun ræst sem við óttuðumst,“ segir Katrín. „Ef þetta reynist rétt þá er það mjög sérkennilegt, svo ekki sé meira sagt.“



GUÐNI ÁGÚSTSSON



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR



KRISTINN H. GUNNARSSON

Kristinn segir að nauðsynlegt hafi verið að meta bankann, stöðu hans og eignir, en ekki síður heildaráhrifin af aðgerðinni. „Mér finnst það mjög einkennilegt ef ekki liggja fyrir athuganir af þessum toga í Seðlabankanum. Ef svo er ekki þá er ljóst að málið hefur ekki verið kannað það vel að hægt hafi verið að afgreiða það.“

- shá

Ódýrari kostur!



40%
afsláttur



HEILL KJÚKLINGUR FERSKUR

469 kr/kg
~~782~~ kr/kg



TILDA BASMATI
hrísgrjón 2kg

899 kr/pk.



PATAKS KORMA SÓSA
540g

148 kr/stk.

PATAKS TIKKA MASALA SÓSA
540g

139 kr/stk.



40%
afsláttur

LIFRARPYLSA, ÓSODIN
4 stk. í pakka

479 kr/pk.
~~798~~ kr/pk.

GÓÐI

BLÓÐMÖR, ÓSODIN
4 stk. í pakka

449 kr/pk.
~~748~~ kr/pk.



30%
afsláttur

SAMBANDS HANGILÆRI
Úrbeinað

1.574 kr/kg
~~2.249~~ kr/kg



25%
afsláttur

LÚXUS HNETUBLÖNDUR
Allar tegundir



DEL MONTE SAFI
epla, appelsínu m/aldinkjöti og ananas 1l

199 kr/stk.

www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 2. - 5. OKTÓBER

Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

VEISTU SVARID?



1. Hvaða landsliðsmaður í handbolta hyggst ekki taka þátt í næstu leikjum liðsins?
2. Hver er nýr formaður stjórnar Strætó bs?
3. Hversu mikill halli er áætlað að verði á ríkissjóði á næsta ári?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Forstöðumaður við Háskólann í Reykjavík um Evrópusambandið og upptöku evru:

Telur kvótakerfið fráleitt vera í hættu

EFNAHAGSMÁL Aðalsteinn Leifsson, forstöðumaður við Háskólann í Reykjavík, sagði á Evrópuráðstefnu Starfsgreinasambandsins og Samtaka iðnaðarins, í gær að samkvæmt reglum ESB ætti það ekki rétt á einu einasta kíló af kvóta í íslenski lögsögu. Þær áhyggjur að miðin fylltust af erlendum togurum væru óþarfar. Hægt væri að koma í veg fyrir að kvóti færi úr landi.

„Þetta eru þrjár leiðir; að krefjast þess að helmingi afla sé landað í heimahöfn, minnst helmingur áhafnar hafi fasta búsetu í heimahöfn og sýna fram á að raunveruleg efnahagsleg tengsl séu milli útgerðarinnar og þeirra svæða sem hún

er gerð út frá. Þessar reglur eru ekki til staðar á Íslandi í dag og við ættum kannski að læra þær því þær gætu styrkt byggðirnar.“

Aðalsteinn telur fráleitt að kvótakerfið verði í hættu. ESB skipti sér ekkert af úthlutun kvóta. Ákvörðun um heildarkvóta sé samningsatriði. Íslendingar hljóti að setja alla sína orku í að tryggja að hagsmunum þeirra sé borgið.

Daniel Vartikari, alþjóðafulltrúi frá Finnlandi, sagði að matarverð hefði lækkað og sömuleiðis vextir. Vextir á íbúðalánunum hefðu farið úr 15,5 prósentum í 3,8 prósent. Atvinnuástandið hefði skánað. „Í lok níunda áratugarins hófst banka-



ATVINNULEYSIÐ MINNKAR Á Evrópuráðstefnunni kom fram að atvinnuleysi hefði minnkað eftir inngöngu Finna í ESB.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

kreppa í Finnlandi. Hún varð mjög slæm og ríkið varð að koma í veg fyrir gjaldþrot banka. Margir bandar sameinuðust í einn og aðrir hurfu af sjónarsviðinu. Á þessum

tíma var atvinnuleysi tíu til tuttugu prósent. Við erum nú með sex til níu prósent atvinnuleysi. Á sumum svæðum vantar vinnuafli,“ segir hann.

- ghs



LITLA-HRAUN Gert er ráð fyrir 350 milljónum í uppbyggingu á Litla-Hrauni.

Aðbúnaður á Litla-Hrauni:

Nýtt hús byggt

STJÓRNMÁL Áætlað er að hefja byggingu á sérstöku móttöku- og heimsóknarhúsi á Litla-Hrauni á árinu. Verður 350 milljónum króna varið til þess samkvæmt fjárlagafrumvarpinu.

Segir í skýringum að áætlanir dómismálaráðuneytisins miði við að heildaruppbygging fangelsa verði á Litla-Hrauni. Á höfuðborgarsvæðinu verði eingöngu gæsluvarðhald og skammtíma-vistun fanga í tengslum við nýja lögreglustöð.

- bps

Lofstlagssérfræðingur um jarðhitavirkjanir:

Mengun mun aukast

UMHVERFISMÁL Það er rökrétt að gera ráð fyrir því að áhrif brennisteinsvetnismengunar frá útblæstri jarðhitavirkjana, sem sjást til dæmis á ónýtum mosa, aukist með tíð og tíma. Þetta segir Þorsteinn Jóhannsson, sem sér-



FRÁ SVARTSENGI Mosinn í kringum Reykjanesvirkjun Hitaveitu Suðurnesja hefur látið á sjá. MYND/SIGURÐUR H. MAGNÚSSON

hæfir sig í loftslagsmálum hjá Umhverfisstofnun.

Gróðurskemmdir út frá virkjununum eiga ekki að koma á óvart, segir hann og vísar til umsagnar stofnunar sinnar fyrir umhverfismat um Bitruvirkjun.

Þar mælir Umhverfisstofnun með frekari mælingum á höfuðborgarsvæðinu verði Bitruvirkjun samþykkt. Enda stefni þá í að heildarlosun brennisteins á Hellisheiðarsvæðinu verði sjö sinnum meiri en samanlögð losun frá Álverinu í Straumsvík og Járblendiverksmiðjunni á Grundartanga.

Eitt skilyrði Skipulagsstofnunar í neikvæðri umsögn um Bitruvirkjun var að viðeigandi búnaður til að farga brennisteinsvetni í útblæstri yrði tryggður áður en virkjunin væri gangsett.

- kóp



NÝ VERSLUNARMIÐSTÖÐ Þrátt fyrir þrengingar í efnahagslífinu verður um helgina opnuð ný verslunarmiðstöð við Korpu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Heildsalar stöðva greiðslur til útlanda

Formaður Félags íslenskra stórkaupmanna segir heildsala fresta greiðslum til erlendra birgja vegna veikrar krónu. Rekstrarumhverfið sé farsí og hvorki ríkisstjórn né Seðlabanki skili hlutverki sínu.

VIÐSKIPTI „Ég veit um fjölda fyrirtækja sem segja við sína erlendu birgja að á meðan þetta ástand sé svona þá fái þeir ekki borgað,“ segir Skúli J. Björnsson, formaður stjórnar Félags íslenskra stórkaupmanna.

Að sögn Skúla hefur gengisfall krónunnar sett alvarlegt strík í reikninginn hjá vöruinnflytjendum. „Við höfum heyrt frá forsætisráðherra og seðlabankastjóra að þetta sé gríðarlegt yfirskot sem gangi til baka. Á meðan eru menn einfaldlega ekki að borga út gjaldeyri og fá frest á sínum erlendu lánunum þar til ástandið lagast. Þá byrja þeir að borga sínar skuldir aftur,“ segir hann.

Aðspurður svarar Skúli að það kæmi honum afar mikið á óvart ef ekki drægi verulega úr vöruinnflutningi á næstunni. „Það er enginn með það djúpa vasa að hann geti tekið á sig þetta gengisfall. Hækkun á gjaldeyri er stóralvarleg í sambandi við vöruverð. Það er eins mikil fylgni þar á milli og hægt er að hugsa sér.“

Samúel Guðmundsson, framkvæmdastjóri vörustýringarsviðs Olís, segir fyrirtækið ekki hafa frestað greiðslum til erlendra birgja.

„Við borgum okkar reikninga á tíma en eins og aðrir reynum við að lágmarka okkar pantanir á meðan krónan er svona veik,“ segir Samúel sem aðspurður kveður það blasa við að frekari hækkun á eldsneytisverði sé yfirvofandi. „Það segir sig sjálf að þegar króna veikist svona mikið myndast þrýstingur á hækkun. Veikingin að



SKÚLI J. BJÖRNSSON Farsi að fólki og fyrirtækjum skuli boðið upp á þetta umhverfi, segir formaður Félags íslenskra stórkaupmanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

undanförunu er ekki komin öll út í verðlagið. Ef hún verður viðvarandi er ljóst að það verða frekari hækkunarir.“

Skúli segir morgunljóst að verslunarmenn hafi tekið á sig gríðarlega tekjuskeroðingu að undanförunu.

„Auðvitað eru menn að hagræða hjá sér og að leita leiða til að þurfa ekki að hækka sína vöru,“ segir Skúli sem þó tekur undir að mikill þrýstingur sé á hækkunir. „Það hækkar allt nema launin. Það er farsí að fólki og fyrirtækjum í landinu skuli vera boðið upp á þetta umhverfi. Það er bara ekki á vetur setjandi.“ Skúli tekur fram að allt af sé hægt að vera gáfaður eftir á og ítrekar að engar töfralausnir séu til. „Auðvitað þurfum við að taka til í okkar málum en það er hlutverk ríkisstjórnar og Seðlabanka að skapa umhverfi svo þjóðfélagið geti rekið sig eðlilega. Þau eru ekki að gera það núna.“

gar@frettabladid.is

Orkunýting til hagsældar

7. október 2008 kl. 8.30-10.30
Gullteigur, Grand Hótel.
Morgunverður í boði SI kl. 8.00.

SI efnir til morgunverðarfundar um nýtingu orkuauðlinda.

Dagskrá:

Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra
Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar
Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls
Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands
Pallborðsumræðum stýrir Sigríður Guðlaugsdóttir, verkefnastjóri miðlunar hjá SI

Fundarstjóri: Helgi Magnússon, formaður SI

Fundurinn er öllum opin og ókeypis en tekið er við skráningum á netfangið mottaka@si.is.





+TEMPUR®

AÐEINS FRÁ TEMPUR®
ÓSVIKIÐ
TEMPUR® EFNI

Eitt líf - njótum þess



Mikið úrval af rúmgöflum og rökkum fyrir allar stærðir rúma. Til í tauáklæði og leðri í mörgum litum.

Verðdæmi

Gafl og rammi á mynd.
Verð áður 115.176,-
Nú aðeins kr. 92.140,-

20%

afsláttur

af rúmgöflum, rökkum, stillanlegum rúnum og Tempur rúnum í október



betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði
Opíð virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK



Í FULLUM HERKLÆÐUM Mexíkóskur hermaður stendur vörð fyrir utan lögreglustöð í bænum Tijuana þar sem menn grunaðir um aðild að gengjastríði og drápum á lögreglumönnum eru í haldi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gengið til góðs á laugardag: Rauði krossinn skorar á fólk

HJÁLPARSTARF Alls hafa nú á fjórða hundrað skráð sig til þátttöku í átakinu Göngum til góðs, sem Rauði krossinn stendur fyrir á morgun til styrktar stríðshrjáðum og sundruðum fjölskyldum í Kongó.

Síðast var gengið til góðs fyrir tveimur árum og tóku þá 2.500 sjálfboðaliðar þátt í átakinu. Því skorar Rauði krossinn nú á fólk að gerast sjálfboðaliðar í eina klukkustund á laugardaginn, til að endurtaka þann frábæra árangur. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, verndari söfnunarinnar, heimsótti Fjölbrotaskóla Suðurlands heim í gær þar sem hann hvatt nemendur til að taka þátt. Einkum yantar sjálfboðaliða í Reykjavík. Áhugasamir geta skráð sig í síma 570 4000, eða á www.raudikrossinn.is. - kg

Íslenska orðabókin gæti farið til ríkisins

Íslensk orðabók var seld frá ríkinu fyrir fimmtán árum en kann að verða ríkisvædd að nýju. Útgáfan Forlagið á bókina en má ekki gefa hana út, eftir sátt sem gerð var við Samkeppniseftirlitið. Háskóli Íslands vill festa kaup á bókinni.

MENNING Bókaförlag Háskólans, Háskólaútgáfan, vill kaupa Íslenska orðabók sem áður var gefin út af Menningarsjóði. Orðabókin var seld frá ríkinu, það er Bókautgáfu Menningarsjóðs, árið 1993 og var síðast gefin út af Eddu árið 2007.

Bókin er nú í eigu Forlagsins, en þegar Edda/Mál og menning vildi sameinast JPV-forlagi og mynda Forlagið, féllst Samkeppniseftirlitið ekki á samrunann að óbreyttu. Sátt varð um að Forlagið seldi frá sér ákveðin lykilverk, svo sem Íslenska orðabók.

Forlagið hefur frest til næstu áramóta til að selja verkin, en síðan á tilsjónarmaður Samkeppniseftirlitsins að koma að málum og vinna að því að selja verkin fyrir árslok 2009. Enn hefur enginn kaupandi fundist. Bókin mun vera verðmetin af Forlaginu á allt að 150 milljónir.

„Eina sem ég vil segja er að við höfum hugleitt málið og að okkur finnst þetta fýsilegur kostur fyrir Háskólann,“ segir Jörundur Guðmundsson hjá Háskólaútgáfunni.

Hann telur að orðabókinni yrði vel komið innan veggja Háskólans en nú sé verið að leggja mat á

hvort kaupin séu fjárhagslega fýsileg. Háskólaútgáfan sér fyrir sér samstarf við Orðabók Háskólans en hún hefur komið að útgáfu Íslenskrar orðabókar í áraraðir.


Guðrún Kvaran, forstöðumaður Orðabókar Háskólans, hefur heyrt af áhuga annarra á því að Orðabók Háskólans fari í samstarf um útgáfu Íslenskrar orðabókar, það hafi þó ekki verið rætt.

„Við eigum ekki fyrir salti í grautinn, hvað þá fyrir orðabók Eddu. Við buðum reyndar í orðabókina á sínum tíma en gátum ekki boðið jafnhátt og [Mál og menning],“ segir hún.

Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins, segir að enginn hafi gert tilboð í útgáfuréttinn að Íslenskri orðabók. Enginn starfi heldur að því að uppfæra bókina sem stendur, en tiltölulega stutt er liðið frá síðustu útgáfu.

Mál og menning mun hafa fengið Íslenska orðabók frá Menningarsjóði fyrir 25 milljónir króna og fylgdi með í kaupum nokkur lager prentaðra bóka.

klemens@frettabladid.is



ÍSLENSK ORÐABÓK EDDU Bókautgáfa Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, ihugar nú að bjóða í Íslenska orðabók, sem Mál og menning keypti af Bókautgáfu Menningarsjóðs.



FORSETI ÍSLANDS Dómsmálaráðherra segir hann hafa varað við inngöngu í ESB í ræðu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Björn um forsetann:

Segir Ólaf andstæðan ESB

STJÓRNMÁL Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir á heimasíðu sinni að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hafi í ræðu sinni við þingsetningu varað við inngöngu í Evrópusambandið.

Björn vísar þar í ummæli forsetans um mikilvægi fullveldisdagsins og þess sem útfærsla landhelginnar færði þjóðinni.

„Skýrari varnaðarorð gegn aðild að Evrópusambandinu hefur núverandi forseti ekki flutt yfir þingheimi, síðan hann barðist gegn aðild að Evrópska efnahagssvæðinu sem þingmaður í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar,“ segir Björn. Hjá skrifstofu forsetans fengust þær upplýsingar að forsetinn tjáði sig ekki um ummæli af netinu. - kóp

FINNLAND

Dæmdur til bótagreiðslna

Max Jakobsson, fyrrverandi ráðherra og sendiherra í Finnlandi, hefur verið dæmdur til að greiða tæplega eitt þúsund evrur, eða um 150 þúsund krónur, í bætur fyrir að hafa ekið yfir á rauðu ljósi í fyrra. Jakobsson hefur neitað sök.

Þú getur ráðstafað vöxtunum að vild

Mx12-verðtryggður innlánsreikningur

- Viltu fá vexti greidda mánaðarlega?
- Viltu að raunvirði höfuðstólsins haldist?
- Viltu að sparnaðurinn þinn sé verðtryggður?

Þá er **Mx12-verðtryggður** fyrir þig!

Lágmarksinnborgun við stofnun Mx12 reiknings er 1.000.000 kr. Vextir eru 6,7-7,0%, stighækkandi eftir innstæðu. Reikningurinn er bundinn í 36 mánuði en þú getur ráðstafað vöxtunum að eigin óskum. Mx12-verðtryggður innlánsreikningur er tilvalinn sparnaðarkostur fyrir þá sem vilja lifa á vöxtunum.

Nánari upplýsingar í síma **444 7000**, í næsta útibúi Kaupþings eða á kaupthing.is

KAUPÞING
Hugsum lengra

Nýjung
á Íslandi

Samúræjasverð Jakobs Sigurðssonar hefur verið í vörslu Tollstjóraembættisins í ár:

Hundruð sverða bíða eyðingar í tollinum

LÖGREGLUMÁL „Mér finnst svolítið skrítið að hægt sé að rólta inn í hvaða verkfæraverslun sem er og kaupa tæki og tól sem eru mun hættulegri en sverðið mitt, sem er í raun listaverk,“ segir Jakob Sigurðsson flutningabílastjóri frá Vogum á Vatnsleysuströnd. Samúræjasverð sem Jakob sendi sjálfum sér í pósti frá Bandaríkjunum fyrir tæplega ári er enn í vörslu Tollstjóraembættisins.

Jakob festi kaup á sverðinu í Boston í nóvember í fyrra. „Ég vissi að sverðið yrði tekið af mér á flugvellið og ákvað því að senda það til Íslands í pósti. Skömmu síðar fékk ég bréf frá varðstjóra hjá tollinum þar sem fram kom að ég fengi ekki sverðið vegna þess að það væri oddur á því. Sverðið er óbrýnt og oddurinn því ekki beittur, en ég bauð þeim samt að sverfa oddinn af. Því neituðu þeir, sögðust ekki standa í

svoleiðis bulli,“ segir Jakob. „Svo báðu þeir mig um leyfi til að eyða sverðinu en ég samþykkti það ekki. Síðan þá hefur sverðið verið í vörslu tollsins,“ bætir hann við.

Sigurður Skúlason aðstoðartollstjóri segist ekki þekkja til þessa tiltekna máls en undrast að sverðið sé enn í vörslu embættisins eftir tæplega ár. Öll sverð séu flokkuð sem vopn og innflutningur þeirra sé því ekki heimill nema með sérstöku leyfi frá Ríkislögreglustjóra. Hann segir mjög algengt að sverð séu gerð upptæk. „Strákarnir hafa gaman af þessu. Líklega eru hundruð sverða sem bíða eyðingar,“ segir Sigurður. - kg

ÓSÁTTUR Jakobi finnst lítið réttlæti falið í því að neita honum um sverðið sitt þegar hann getur keypt „dráps-tól“ eins og þessi í verkfæraverslunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Útskriftarferðir

Tailand
Balí Laos
Kambódía
Singapúr
Arabía



www.oriental.is
Sími 577 4800 - oriental@oriental.is



LÍTTU Í EIGIN BARM

Nú stendur yfir lokaáfangi söfnunaráttaks Krabbameinsfélags Íslands til að fjármagna kaup á tækjum sem geta greint brjóstakrabbamein á frumstigi betur en eldri búnaður.

Einn liður í átakinu er sala á Bleiku slaufunni sem hönnuð er af Henrikku Waage skartgripahönnuði. Til að ná takmarki okkar þurfum við að selja 40.000 slaufur. Sýndu stuðning þinn í verki og settu slaufu í barminn.



08-1848 / HVITA HÚSDI / SÍA



„ORÐRÉTT“

Kærar þakkir, Árni

„Bæði skattar og skattheimt-an eru að minnka þannig að við erum að skilja meira eftir fyrir aðra í þjóðfélaginu til að ráðstafa.“

ÁRNI MATHIESEN FJÁRMÁLARÁÐ-HERRA VIÐ KYNNINGU FJÁRLAGA-FRUMVARPSINS.

Fréttablaðið 2. október

Bara smá þolinmæði

„Litlar líkur eru á að ástand-ið batni til muna í bráð og við sjáum ekki að útlit sé fyrir kröftug umskipti fyrr en líða tekur á árið 2009.“

ÁSGEIR JÓNSSON FORSTÖDU-MAÐUR VIÐ KYNNINGU Á HAGSPÁ KAUPPINGS.

Morgunblaðið 2. október

tilveran

nær og fjær

SJÓNARHÓLL

HUGMYNDIR UM ÞJÓÐSTJÓRN

Vanmátturinn blasir við

„Þjóðstjórn, er það málið? Það er kannski við hæfi. Síðast þegar var þjóðstjórn réðst Hitler inn í Evrópu og nú réðst Davíð inn í Glitni,“ segir Jón Páll Eyjólfsson leikari um þá hugmynd að koma á fót þjóðstjórn.

„Ég veit svo sem ekki hverju það myndi skila. En ef það verður til þess að hér komist á lýðræðisleg umræða er það hið besta mál. Vanmáttur þingmanna og ráðherra blasir við manni við svona stjórnvaldsaðgerð eins og beindist gegn Glitni. Það rýrir trú manns á Alþingi.“ Jón Páll segir krónuna vera orðna eins og geislavirkan úrgang. „Maður gengur með geislavirkan úrgang í vasanum og dauðskammast sín í hvert sinn sem maður lítur framan í Jón Sigurðsson og hina á seðlumum. Sem betur fer er maður alltaf með kort og sér þá aldrei.“



JÓN PÁLL EYJÓLFSSON Leikari og leikstjóri

Flestir erlendir gestir á Galdrasafninu eru þýskir

Erlendir ferðamenn eru í fyrsta sinn fleiri en Íslendingar á Hólmavík.

Flestir erlendir gestir Galdrasafnsins á Hólmavík á þessu ári eru þýskir, að því er segir á fréttavefnum strandir.is.

„Þegar skoðað er hlutfall milli íslenskra og erlendra ferðamanna þá eru erlendar gestakomur á Galdrasafnið í fyrsta skipti orðnar fleiri en íslenskar, svo munar þremur prósentum. Þróunin undanfarin ár hefur verið í þessa átt en það kemur á óvart að það skuli gerast á þessu ári,“ segir í frétt frá Galdrasafninu.

Íslendingar eru samt sem áður fjölmennasti þjóðarhópurinn meðal gesta Galdrasafnsins. „Þegar skoðað er hlutfall milli erlendra gesta á safninu þá telja Þjóðverjar langflesti gesti af einstökum erlendum þjóðum eða 36 prósent. Frakkar eru næstir í röðinni með 12 prósent hlutfall og Svisslendingar og Ítalir deila þriðja og fjórða sæti yfir gestakomur erlendra þjóða.“

Í frétt Galdrasafnsins segir

HVAD ER AÐ FRÉTTA? MARGRÉT GAUA MAGNÚSDÓTTIR BÆJARFULLTRÚI

Stórgræddi í Mall of America

„Það er allt frábært að frétta af mér. Ég er mjög jákvæð, glöð og hress þrátt fyrir sorgartíðindi síðustu daga. Svona er að vera bæjarfulltrúi í besta bæ á Íslandi,“ segir Margrét Gaua Magnúsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingar í Hafnarfirði og kennari í Garðaskóla.

Margrét er nýkomin úr verslunarferð til Minnesota þar sem hún kom að sjálfsgöngu við í stærstu kringlu í heimi, Mall of America. „Ég stórgræddi í þessari ferð, því dollarinn stóð í hundrað krónu rétt á meðan ég keypti þetta nauðsynlegasta, nærbuxur og tannkrem og slíkt, en er núna kominn í hundrað og fimmtán kall. Bankinn minn fór á hausinn meðan ég var úti og ég trúir því að fjarvera mín

hafi haft sitt að segja í því efni,“ segir Margrét Gaua og skellir úr úr.

Margrét er formaður íþrótta- og tómstundaráðs Hafnarfjarðar og segir það hlutverk endalæsa uppsprettu gleði og hamingju. „Núna er ég til dæmis á leiðinni á hjólabrettahátíð við Viðistaðaskóla þar sem reisa á tjöld yfir hjólabrettrampana. Ég hlakka mikið til.“ Spurð hvort hún hyggti skella sér sjálf á bretti býst hún síður við því. „Tíu ára dóttir mín hefur reyndar áhuga á hjólabrettum, en á ekkert slíkt enn. Kannski fær hún bretti í jólagjöf. Eða kannski smíðum við eitt stykki handa henni í staðinn, eru ekki annars að koma kreppujól?“ segir Margrét og snýr sér því næst að því að sinna ungdómnum.



DÝRALÍF:

LUNÐAR Í HÆTTU

Atlantshafslundinn hefur verið settur á gátlista alþjóðlegs samnings um afrísk-eyrasískra sjö- og vatnafarugla og er stærsti stofn Atlantshafslunda á Íslandi.

Lundinn er sjófugl af svartfuglaætt. Latneska heitið er *Fratercula arctica* og merkir fyrra orðið smábróðir. Það kemur til þar sem litur lundans minnir á klæðnað munka. Á íslensku er einnig oft vísað til guðs manna þegar talað er um lundann og hann kallaður prófastur eða prestur.



VIKA 34

DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Charlotte Ólöf Jónsdóttir Ferrier

Elvis ók brúðhjónunum

„Ég fór í brúðkaup fráenku minnar um þar síðustu helgi. Fjöldi gesta kom frá New York þar sem hún býr ásamt eiginmanni sínum. Þau vinna bæði í tiskubransanum eins og margir vinir þeirra og það voru því margir í ótrúlega flottum fötum í veislunni. Brúðhjónin komu akandi til veislunnar í hvítum Kádílíjak og ökumaðurinn var klæddur upp eins og Elvis. Veislan stóð svo í 24 klukkustundir og sumir sváfu ekki neitt. Morguninn eftir var boðið upp á glæsilegan morgunverð og gönguferðir. Ég hlakka samt til að koma heim til Íslands aftur.“



Filipe Figueiredo

Annar Íslandsvetur fer í hönd

„Þótt síðasti vetur hafi stundum verið hálfefiður þá er ég viss um að mín biði nokkuð góður vetur,“ segir Filipe. Hann var mestan part sumars í Portúgal, en er nú aftur kominn til að starfa og nema hjá Matis. „Þegar ég kom í fyrra þekkti ég engan og átti svolítið erfitt með að feta mig áfram fyrst um sinn en síðan, þegar á leið, ég tala nú ekki um þegar það byrjaði að snjóa og ég gat farið á snjóbretti, þá lifnaði nú yfir mér. En ég hafði það verulega gott í Portúgal. Ég held að ég læri að meta föðurlandið jafnvel enn betur þegar ég dvel svona langtímu í burtu. Ég reyndi að verja sem mestum tíma með fjölskyldu minni og kærustunni.“ Hann saknar ýmissa hluta frá heimalandinu. „Við vinirnir vorum vanir að fara saman á barinn til að fylgjast með fótboltaleikjum í portúgölsku deildinni. Ég er Benfica-aðdáandi og fylgist með leikjum hédan á netinu en það er auðvitað engin upplifun miðað við þessar stundir á barnum.“



VIÐ GALDRASAFNIÐ Töfrar Galdrasafnsins laða að sér sífellt fleiri ferðamenn til Hólmavíkur. MYND/SIGURÐUR ATLASON

enn fremur að ekki hafi verið reiknað með að erlendir gestir yrði fleiri en innlendir fyrr en eftir tvö ár.

En bent er á að árið sé enn ekki

á enda. „Það eru ekki öll kurl komin til grafar því það eru talsverðar gestakomur enn þá inn á safnið, sem er opið árið um kring.“ -gar



Glæsilegt úrval frá Orobli

OROBLU

Kynningar

á nýju haustvörum frá Orobli í Lyfjum og heilsu

Í dag, kl. 14-18 í Keflavík
Laugardag, kl. 13-17 í Kringlunni
Laugardag, kl. 12-16 í Firðinum

Lyf & heilsa
Við hlustum!

KYNNING Á FJÖLPÆTTRI STARFSEMI, SÝNING Á HEYRNARTÆKJUM OG FRÓÐLEGIR FYRIRLESTRAR



Opið hús

laugardaginn
4. október
kl. 12-16



Heyrnar- og talmeinstöð Íslands

Háaleitisbraut 1 • 105 Reykjavík • Sími: 581 3855 • hti@hti.is • www.hti.is



Hagfæði



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



498

BONUS FERSKT GRÍSAHAKK 498 kr./kg.



798

BONUS FERSKT GRÍSAGÚLLAS 798 kr./kg.



798

BONUS FERSKT GRÍSASNITSEL 798 kr./

FERSKT GRÍSAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU



499

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
499 kr./kg.



998

ALI FERSKAR SVÍNALUNDIR
998 kr./kg. 1,5 TONN Í BOÐI.



40%

AFSLÁTTUR

ALI FERSKAR SVÍNAKÓTILETTUR
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.

FERSKT ÍSLENSKT NAUTAKJÖT



798

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK
798 kr./kg.



30%

AFSLÁTTUR

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTASNITSEL
1498 kr./kg. MERKT VERÐ 2140 KR./KG.



30%

AFSLÁTTUR

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAGÚLLAS
1498 kr./kg. MERKT VERÐ 2140 KR./KG.



FROSID ÓSODID SLÁTUR

40% AFSLÁTTUR

LIFRARPÝLSA 399 kr./kg. MERKT VERÐ 665 KR./KG.
BLÓDMÖR 359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.

**KS INNMATUR AF NÝSLÁTRUÐU
187 KR.KG.**



HJÖRTU OG LIFUR

187 kr./kg. MERKT VERÐ 220 KR./KG.

Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00-19.30

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

ÍSLENSKT  KJÖT Á GÓÐU VERÐI



35%
AFSLÁTTUR
KS FERSKT LAMBALÆRI
937 kr./kg. MERKT VERÐ 1442 KR./KG.



1398
KS FERSKUR LAMBAHRYGGUR **1398 kr./kg.**



798
KS FERSKUR LAMBABÓGUR
798 kr./kg.



30%
AFSLÁTTUR
KF BLANDAÐ LAMBASALTKJÖT
349 kr./kg. MERKT VERÐ 499 KR./KG.



40%
AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR **1679 kr./kg.**
MERKT VERÐ 2798 KR./KG.



30%
AFSLÁTTUR
BÓNUS FERSKIR KRYDDAÐIR
KJÚKLINGABITAR Í ÁLBAKKA
398 kr./kg. MERKT VERÐ 569 KR./KG.



839
BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR NÝREYKTUR
839 kr./kg. MERKT VERÐ 1198 KR./KG.



298
KF SVEITABJÚGU AÐEINS
298 kr./kg. MERKT VERÐ 399 KR./KG.



398
McCAIN AMERÍSKAR RISAPIZZUR
aðeins **398 kr.stk.**



129
MYLLU SAMLOKUBRAUÐ HVÍTT
770g 129 kr.stk.



98
EUROSHOPPER
ORKUDRYKKUR
250 ml 98 kr.

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00-19.30

STEFNURÆÐA FORSÆTISRÁÐHERRA



Langbrýnast að ná verðbólgunni niður

Forsætisráðherra segir framtíðarhorfur þjóðarinnar bjartar. Þótt útlitið sé svart séu undirstöður samfélagsins traustar. Hann sagði því fara fjarri að ríkið hefði yfirtekið Glitni með valdboði eða sóst sérstaklega eftir að eignast í bankanum.

STJÓRN MÁL Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði í stefnuræðu sinni á Alþingi í gærkvöldi að í efnahagskerfi heimsins væri skolið á gjörningaveður sem færi um með mikilli eyðileggingu. Íslendingar hefðu sjaldan staðið frammi fyrir jafnmiklum erfiðleikum og nú blöstu við.

Geir sagði íslensku bankana búa sig undir mikla varnarbaráttu og þau fyrirtæki sem færst hefðu of mikið í fang berðust í bökkum. Teflt hefði verið djúft og uppskeran í mörgum tilvikum verið ríkulæg, hagnaður ævintýri líkastur og hluthafar notið góðs af. „En þegar uppstreymið hættir er fall þeirra sem hæst fljúga mest,“ sagði Geir.

Hann rakti aðkomu stjórnvalda að Glitni og sagði tilganginn að tryggja hagsmunum sparifjareigenda og viðskiptavina bankans en

ekki síður að tryggja stöðugleika í fjármálakerfinu með því að styrkja áframhaldandi rekstur bankans. Sagði hann frumkvæðið hafa komið frá forsvarsmönnum Glitnis og að því færi fjarri að ríkið hefði yfirtekið bankann með valdboði eða sóst sérstaklega eftir því að eignast í bankanum. Bætti hann við að þessi aðgerð markaði ekki endapunkt í þeim hremmingum sem steðjuðu að bankakerfinu hér á landi og fullyrkti að ríkisstjórnin myndi hvergi slá af í þeirri stefnu sinni að tryggja með öllum tiltækum ráðum stöðugleika fjármálakerfisins og færa þær fórnir sem nauðsynlegar kynnu að verða.

Geir sagði útlitið svart en hugreystandi væri fyrir þjóðina að vita til þess að allar undirstöður samfélagsins væru traustar. Þá rakti hann nýlegar tölur um hag-

vöxt og sagði þær sýna að þjóðarbúið væri byrjað að leita jafnvægis á ný. Hann sagði langbrýnasta verkefni næstu mánaða vera að ná verðbólgunni niður. Það myndi ekki gerast af sjálfu sér, ráðast yrði gegn henni með aukinni verðmætasköpun. Um leið og árangur næðist í þeirri baráttu myndu vextir lækka og með auknu jafnvægi í þjóðarbúskapnum myndi gengi krónunnar styrkjast á ný.

Geir sagði ríkisstjórnina síður en svo hafa setið með hendur í skauti og rakti ýmsar aðgerðir í efnahagsmálum. Þá hefði verið ráðist í auknar opinberar framkvæmdir. Auðlindir þjóðarinnar yrðu sífellt verðmætari og það ætti að vera keppikefli að nýta þær á sjálfbæran hátt eftir því sem hægt væri.

bjorn@frettabladid.is

Jóhanna Sigurðardóttir gagnrýnir stjórnendur banka:

Græðgin réð för

„Útrás fjármálafyrirtækja virðist hafa einkennst meira af kappi en forsjá og kaupréttarsamningar hafa vafalaust átt sinn þátt í því að gera stjórnendur of áhættusækna – græðgin réð því miður för og með ofurkjörnum slitu menn sig úr síðferðilegu sambandi við þjóðina. Af því verða þeir að læra,“ sagði Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra.

Hún sagði atburði síðustu daga kalla á endurskoðun á leikreglum fjármálakerfisins, svo sem á krosseignatengslum, eignarhaldi fjármálastofnana í óskyldum rekstri og réttmæti kaupréttarsamninga og ofurlauna í fjármálageiranum.

Jóhanna sagði fjármálafyrirtækjunum bera skylda til að koma mjög sterkt inn í þann björgunarleiðangur sem gæti verið fram undan til að bjarga heimilum og fyrirtækjum. Björgunarleiðangrar eigi ekki bara að snúa að bönkum í þeim efnahagsþrengingum sem þjóðin stendur nú í. Þeir eigi fyrst og fremst að snúa að fólkinu í landinu. Mikilvægt sé að allir lánardrottnar, bankar sem opinberir aðilar, fari yfir hvernig hægt sé að auðvelda skuldugum heimilum lausn sinna mála. Hún sagðist þegar hafa falið íbúðalánasjóði að skoða hvort hægt sé, í það minnsta tímabundið, að rýmka þær heimildir sem sjóðurinn hefur yfir að ráða fyrir fólk í greiðsluerfiðleikum. Kvað hún það jafnframt áhyggjuefni ef bankastofnanir nýti endurskoðunarákvæði lánasamninga til að hækka vexti verulega og kollvarpa þannig fjárhag margra heimila.

Jóhanna fór yfir fjölmörg verkefni ríkisstjórnarinnar á sviði velferðarmála og sagði þau bera því glöggt vitni að ríkisstjórnin hefði ekki síst verið mynduð um þann málaflokk. Sagði hún loks að samhent gæti þjóðin undir forystu ríkisstjórnarinnar og með sveitarfélögum og aðilum vinnumarkaðarins siglt örugg í gegnum ólgsjúðinn. Stoðirnar væru styrkar og sóknarfærin mörg. - þþ



Formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs:

Aðgerðaáætlun er til



„Ríkisstjórn Íslands verður nú á næstu sólarhringum að svara því hvort hún treysti sér til og hefur bolmagn og styrk, kjark og sjálfstraust til, að leiða endurreisnaraðgerðir í okkar þjóðarbúskap,“ sagði Steingrímur Sigfússon, formaður Vinstri-grænna, í ræðu sinni á Alþingi í gærkvöldi. Hann kallaði eftir víðtæku samráði til lausnar á efnahagsvanda þjóðarinnar og krafðist þess að forystumenn stjórnmalaflokka, fjármálalífs, verkaldsfélaga og atvinnurekenda ásamt forsvarsmönnum mikilvægustu heildarsamtaka, kæmu saman og sætu sem fastast þangað til að buið væri að ná samkomulagi um hvernig mögulegt væri að vinna þjóðina út úr efnahagskreppunni sem skollin er á. Skoraði Steingrímur á forsætisráðherra að boða til fundar án tafar.

„Við höfum ekkert leyfi til þess, við sem höldum nú á fjöreggi þessarar þjóðar í höndunum, á efnahagslegu og stjórnmálalegu sjálfstæði þjóðarinnar og á framtíð barnanna okkar, að láta okkur mistakast,“ sagði Steingrímur. Hann boðaði að Vinstri-grænir hefðu unnið aðgerðaáætlun í tuttugu liðum sem gæti verið grunnur slíkrar vinnu.

Steingrímur sagði að verja þyrfti lífskjörin og stöðu heimilanna og afstýra því að fólk fari unvörpum í þrot. „Í því efni verðum við að beina þeim mætti sem við höfum til þeirra sem standa höllustum fæti. Þeir sem betur eru settir verða að sjá um sig.“ - shá

Tölvu- og skrifborð á góðu verði



kr. 53.900
kr. 45.900



kr. 25.900



kr. 24.900
kr. 16.900



kr. 16.900



kr. 32.900
kr. 22.900

Hirzlan

Smíðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is

Formaður Framsóknarflokksins: Þjóðin er án forystu



Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, spurði í upphafi ræðu sinnar á Alþingi í gærkvöldi hvort hann hefði misst af einhverri aðgerðaáætlun sem forsætisráðherra hefði sett fram. „Í kvöld ætlaðist þjóðin til að stefnuræðan boðaði úrræði og samstöðu, nýjan þjóðarvilja. Það eru allir að tapa í aðgerðarleysisinu. Margir tapa miklu af miklum efnunum, aðrir tapa miklu af litlum en dýrmætum efnunum alþýðumannsins sem stritað var fyrir með

svita og erfiði,“ sagði Guðni. Hann kallaði eftir víðtæku samráði um lausnir við efnahagsvandannum.

Guðni lýsti þeirri skoðun sinni að breyta þyrfti hlutverki íbúðalánasjóðs til að leysa vanda þeirra sem ættu í vanda með húsnæðislaán. Hann vill auka veiðar á ýsu og þorski og efast um niðurstöður Hafrannsóknastofnunar sem affaheimildir yfirstandandi fiskveiðiárs byggja á.

Guðni telur raunhæft að lækka stýrivexti Seðlabanka úr 15,5 prósentum í fimm fyrir jól og verja þurfi krónuna með öllum ráðum. „Evra og gjaldmiðillssamstarf er svo ákvörðun síðar.“

„Áleitn spurning er nú hvort inngrip ríkisvaldsins í fjármálakerfið um síðustu helgi sé þess valdandi að yfir Ísland sé að skella fjármálakreppa,“ spurði Guðni sig og vitnaði til þjóðnýtingar Glitnis. - shá

Formaður Frjálslynda flokksins: Þjóðin var blekkt

„Það er illa komið fyrir okkur sem þjóð. Sjálfstæðisflokkur og Samfylking eru að stefna okkur í skipbrot. Nú verða allir að leggja sitt besta fram. Gefa góð ráð, ræða saman og leggja línur fyrir betri framtíð en nú blasir við okkur – fólkinu í landinu,“ sagði Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, í ræðu sinni í gærkvöldi og tók þar með undir kröfu formanna hinna stjórnarandstöðuflokka um samráð til lausnar efnahagskreppunni.

Guðjón lagði mesta áherslu á að auka þjóðartekjur eins og kostur væri við núverandi aðstæður. Hvatti hann til þess að þorskaflí yrði aukinn um níutíu þúsund tonn, sem gæfi tekjuauka upp á fimmtíu milljarða króna strax í vetur. Í því samhengi gagnrýndi hann kvótakerfið afar hart og sagði að skuldir sjávarútvegsins væru komnar upp úr öllu valdi með gengisfellingu krónunnar.

Guðjón minntist stefnuræðu forsætisráðherra við setningu þings fyrir ári. Þar hefði Geir H. Haarde lofað bjarta framtíð þjóðarinnar en í raun hefði hann stráð sandi í augu almennings, meðvitaður um að staðan væri ekki eins góð og hann vildi vera láta. „Hvergi var hlustað á varnaðarorð okkar í Frjálslynda flokknum. Í staðinn var stundaður ósvífinn blekkingarleikur til að villa um fyrir almenningi í þessu landi.“ - shá





FRNU20DFBI
Daewoo
tvöfaldan
ísskáp

VERÐ 279.900
189.900
ÚTSÖLUVERÐ



FRSU20DAI
Daewoo
tvöfaldan
ísskáp

VERÐ 219.900
149.900
ÚTSÖLUVERÐ



YA6640SFEMWTC
Terim
gaseldavél
60 cm
stállituð

VERÐ 129.900
64.900
ÚTSÖLUVERÐ

ALLT Á AÐ SELJAST

Þetta er aðeins sýnishorn af því sem er í boði



DRV6815
Daewoo
upptökutæki
DVD & VHS

VERÐ 34.900
19.900
ÚTSÖLUVERÐ



Aego M
hvítir og svartir
tölvuog
iPod hátalarar

VERÐ 29.900
17.900
ÚTSÖLUVERÐ

VERÐ 24.900
9.900
ÚTSÖLUVERÐ

Picasso
stafrænn
myndarammi



SRX180
Scott bíltæki

VERÐ 15.900
4.990
ÚTSÖLUVERÐ

MP-F63/1G
MPMAN
MP3 spilari
ásamt útvarpi



VERÐ 10.900
4.900
ÚTSÖLUVERÐ



VERÐ 22.900
9.900
ÚTSÖLUVERÐ

MS-1943AL
LG örbylgjuofn



5IF40S
Spanhelluborð
60 cm

VERÐ 125.150
69.900
ÚTSÖLUVERÐ



1CT130X
Edesa gufugleypi
60 cm
útdraganlegur

VERÐ 22.900
6.900
ÚTSÖLUVERÐ



Rubik Isola
Eyjuháf
60 cm
1000m³

VERÐ 89.900
45.900
ÚTSÖLUVERÐ



Allir pottar
50% afsláttur

50%
AFSLÁTTUR



ROMAN-V021
Edesa uppþvottavél
Hvít

VERÐ 65.900
39.900
ÚTSÖLUVERÐ



1LE031SX
Edesa uppþvottavél
Stállituð

VERÐ 69.900
49.900
ÚTSÖLUVERÐ



L-1026
Edesa þvottavél
1000 snúninga 6kg

VERÐ 59.900
49.900
ÚTSÖLUVERÐ

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvegur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

Lifðu er gott

Tilboð gilda meðan birgðir endast.

FRÉTTASKÝRING: Úrelding olíunnar

NiMH H₂ C₂H₆O DME CO₂ O₂ Li-ion

2. hluti

Metnaður hjá frændþjóðunum

Pótt endurnýjanlegar orkulindir séu ekki eins ríkulegar á hinum Norðurlöndunum og hér þá er hlutur endurnýjanlegrar orku í raforkuframléiðslu þeirra hár í alþjóðlegum samanburði. Þær sýna líka mikinn metnað í sjálfbærri þróun, ekki sízt í samgöngum.

Hin Norðurlöndin, það er Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk, búa ekki yfir eins miklum virkjanlegum endurnýjanlegum orkulindum eins og eldfjallaeyjan Ísland. Þrátt fyrir það eiga þau það sameiginlegt að sækja tiltölulega stóran hluta raforkuþarfar sinnar til endurnýjanlegra orkugjafa.

Í Noregi og Svíþjóð sjá vatnsorkuver fyrir stórum hluta raforkuframléiðslunnar; í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi er lífrænn úrgangur sem fellur til í skógar- og pappírslíða nýttur til húshitunar og raforkuframléiðslu, og Danir hafa tekið heimsforystu í uppbyggingu vindorkuvera. Svíar og Finnar nýta kjarnorkuna en það hafa Norðmenn og Danir ekki viljað gera. Fyrir vikið er enn nokkur hluti raforkunnar í Noregi, Danmörku og Finnlandi fenginn með brennslu jarðefnaeldsneytis í kola- eða gasorkuverum.

Samtvinnuð orkustefna

Þrátt fyrir þennan mun á orkuvinnslu í löndunum fjórum gerir hinn sameinaði samkeppnisraforkumarkaður Norðurlanda (og tenging hans inn á hin stærri Evrópu) að verkum, að þau eru hvert öðru háð á þessu sviði og þurfa að samtvinna orkumálafestnu sína. Öll hafa þau það sameiginlegt að hafa metnað til að sýna öðrum þjóðum heims að hægt sé að uppfylla metnaðarfull markmið um að draga úr orkunotkun og losun gróðurhúsalofttegunda án þess að það hafi neikvæð áhrif á hagþróun.

Svíar hafa náð því marki að samkvæmt skilgreiningu Kyoto-bókunar loftslagssáttmála Sameinuðu þjóðanna telst ekki bæstast neinn koltvísýringur við andrúmsloftið í raforkuframléiðslu þar í landi. Meðaltal „stóru“ Norðurlandanna fjögurra er um 100 grömm á hverja framleidda kílóvattstund af raforku (g/kWh), sem telst ekki mikið í samanburði við meðaltalið í Evrópusambandinu, sem er 430 g/kWh.

Misjafnar áherslur

Í Noregi, þar sem olíu- og gasvinnsla er langstærsti útflutningsvinnuvegurinn en engin hefð er fyrir bílaframleiðslu, eru áhrifslurnar skiljanlega aðrar en í grannlandinu Svíþjóð, þar sem engar olíulindir eru en aftur á móti löng hefð fyrir bílaíðnaði. Norðmenn fjárfesta nú stórt í rannsóknnum á og tilraunum með tækni til að fanga koltvísýring frá iðnaði og farga honum, en það er eina leiðin til að gera áframhaldandi nýtingu jarðefnaeldsneytis, einkum í kola- og gasorkuverum, „loftslags-hlutlausu“ eins og það er kallað.

Svíar treysta aftur á móti á áframhaldandi nýtingu kjarnorkunnar og metnaðarfulla áætlun um að gera landsamgöngur óháðar olíu og bensín með því að fjárfesta í rannsóknnum og tilraunum með tækni sem gerir kleift að knýja bíla, almenningsamgöngur og vöruflytninga með öðrum orkugjöfum en jarðefnaeldsneyti.



VATNSORKA Þorjus-vatnsorkuver Vattenfall-orkufyrirtækisins við Trollättan. Í Svíþjóð sér vatnsorka fyrir nær helmingi raforkuþarfar landsins. Kjarnorka sér líka fyrir nær helmingi þarfarinnar. Þannig er raforkuframléiðsla þar í landi nær algerlega laus við losun gróðurhúsalofttegunda, en það á sinn þátt í því að gera innleiðingu raf- og tengiltvinnbíla í stórum stíl mjög eftirsóknarverða. IMAGEBANKSWEDEN/VATTENFALL-H.BLOMBERG



TENGLTVINNBÍLAR PRÓFABÍR Toyota Prius sem breytt hefur verið í tengiltvinnbíl á vegum sænska orkufyrirtækisins Fortum. Nokkrir slíkir bílar eru nú í daglegri notkun í Stokkhólmi til að finna út úr því hvar best sé að staðsetja rafhleðslustöðvar og aðra innviði til að þjónusta raf- og tengiltvinnbíla. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

Svíar setja markið hátt

Eitt af síðustu verkum Görans Persson sem forsætisráðherra Svíþjóðar áður en hann lét af völdum eftir tap í þingkosningum haustið 2006 var að fara fyrir starfshópi sem skilaði af sér stefnumarkandi skýrslu undir yfirskriftinni „Olíuóháð Svíþjóð árið 2020“, en samkvæmt henni skyldi stefnt að því að Svíar hefðu árið 2020 dregið úr notkun sinni á olíu og bensín um 40-50 prósent, miðað við árið 2005.

Strax á síðasta áratug ákváðu sænsk stjórnvöld að búa til hvata til að bílkaupendur veldu bíla sem gengju fyrir lífrænu eldsneyti, en það var gert á þeirri forsendu að brennsla lífræns eldsneytis bæti engu við koltvísýringumagnið í andrúmsloftinu þar sem plönturnar sem eldsneytið er gert úr hafi áður verið búnar að síja sama magn koltvísýringa úr loftinu.

Markmiðið er að 600.000 bílar knúnir rafmagni að mestu eða eingöngu komist á götur Svíþjóðar á næstu 10-12 árum.



JOHAN TOLLIN VERKEFNISSTJÓRI SAMSTARFSVERKEFNIS SÆNSKRA YFIRVALDA OG IÐNAÐAR UM TENGLTVINNBÍLA

Hagræni hvatar

Opinber stuðningur (og þrýstingur) hefur nú skilað því að hægt er að dæla etanóli í stað bensíns eða díselolíu á stórum hluta eldsneytisstöðva í Svíþjóð. Og enn er í boði bein niðurgreiðsla (upp á 10.000 sænskar krónur, um 150.000 íslenskar) fyrir hvern þann sem kaupir bíl sem gengur fyrir slíku eldsneyti. Árið 2006 voru 15 prósent seldra nýrra bíla í Svíþjóð etanólbílar og þetta hlutfall hefur hækkað enn síðan. Fleiri hvatar eins og afsláttur af bifreiðaskatti og af miðborgar-aksturstillinum í Stokkhólmi ýta líka undir sölu etanólbíla, svo og annarra umhverfisvænni valkosta við hefðbundna bensín- eða díselbíla.

Etanólvæðing

Þær deilur sem spunnizt hafa um meintar neikvæðar hliðarverkanir etanólframléiðslu, svo sem að hún eigi þátt í hækkingu matvælaræðis í fátækum löndum, hafa þó spilt nokkuð fyrir „umhverfisvænleikamynd“ etanólbíla. Formælendur lífræns

eldsneytis segja það þó vera ósanngjarnt, þar sem magnframléiðsla lífeldsneytis muni í framtíðinni nýta hvaða lífmassa sem er til framléiðslunnar, ekki bara orkumikla „ávexti“ eins og repjufræ eða maís. „Fyrsta kynslóð“ etanól-eldsneytis hefur verið framleidd úr slíkri uppskeru, framleiddri á niðurgreiddum landbúnaðarökrum í samkeppni við aðra landnýtingu. Annarrar kynslóðarlífeldsneyti verði aftur á móti framleitt úr lífmassa sem hingað til hefur verið lítt nýttur, svo sem kurl sem fellur til í skógarhöggi, eða úr lífrænu heimilissorpi. Vonir eru líka bundnar við að lífeldsneyti megi framleiða með hagkvæmum hætti úr þörungum.

Næsta skref: rafvæðing

En jafnvel dyggustu forsvarsmenn lífeldsneytis halda því ekki fram að það geti alfarið komið í staðinn fyrir olíu og bensín, jafnvel pótt framléiðsluáðferðirnar verði stórbættar. Fleira þarf til að gera það mögulegt að knýja öll farartæki með vistvænum orkugjöfum. Og þar horfa Svíar, jafnt sem aðrir, hýru auga til rafmagnsins.

Samkvæmt áætlun sem orkufyrirtæki, bílaíðnaður, háskólar og þar til bærar stjórnvaldsstofnanir Svíþjóðar hafa komið sér saman um, er stefnt að því að fyrir árið 2020 verði fimmtán af hundruði allra einkabíla sem í umferð eru í landinu tengiltvinnbílur eða „hreinræktaðir“ rafbílur. Þar sem sænski bílaflotinn telur alls um fjórar milljónir bíla er sem sagt markmiðið að 600.000 bílar sem knúnir eru rafmagni að mestu eða eingöngu komist á göturnar á næstu 10-12 árum.

Aðstæður hagstæðar

Johan Tollin hjá orkufyrirtækinu Vattenfall er verkefnisstjóri þessa metnaðarfulla samstarfsverkefnis. Hann bendir á að aðstæður nú séu að ýmsu leyti hagstæðari til að innleiða tengiltvinnbíla en etanólbíla á sínum tíma. Bæði þurfi miklu minni breytingar á því orkudreifikerfi sem fyrir er, rafdreifikerfinu, til að uppfylla þarfir tengiltvinn- og rafbíla en þurfti til að gera E85-eldsneyti fánlegt nógu víða til að hægt væri að keyra etanólbíl hvert sem er (innan Svíþjóðar). Hið snarhækkada olíuverð og þrýstingurinn á áþreifanlegar aðferðir til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda eru líka stórir viðbótarhvatar.

Til grundvallar áætluninni liggur sú víska, að rafmagn sé orkunýttinn, vistvænn og auðaðgengilegur valkostur til að knýja ökutæki. Lykiltæknin til að gera þetta mögulegt er rafgeymatæknin (nánar verður fjallað um hana í næstu grein þessa greinaflokks).



FRÉTTASKÝRING
AUDUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

Árangur í „grænustu borg Evrópu“

Växjö, 80.000 manna borg í Smálöndum í sunnanverðri Svíþjóð, hefur unnið sér alþjóðlega frægð fyrir að verða sér út um titilinn „grænasta borg Evrópu“.

Þessi árangur er afkrakstur markvissrar umhverfisstefnu sem mörkuð var fyrir áratugum og þverpólitísk samstaða hefur ríkt um milli allra flokka í borgarstjórninni. Reyndar kom sú stefna upprunalega ekki til af góðu. Borgin stendur við stöðuvötn sem á sjöunda áratug síðustu aldar voru orðin svo illa menguð að enginn vildi búa nærri daunillu vatninu. Með aðgerðum sem hófust á sjöunda áratugnum og haldið var áfram næstu áratugi tókst loks að endurheimta náttúruleg gæði stöðuvatnanna og nú er hvergi eftirsóttara að byggja en næst vatnsbökkunum.

„Með þessum sýnilega árangri tókst að byggja upp sterka meðvitund meðal borgarbúa um mikilvægi

umhverfismála, löngu áður en þau komust í þann brennidepil sem þau eru nú á dögum,“ segir Soffie Kim Hellström hjá upplýsingaskrifstofu Växjö.

Markið sett hátt

Árið 1996 setti borgarstjórnin sér síðan það markmið að gera borgina óháða jarðefnaeldsneyti. Samkvæmt þeirri áætlun á koltvísýringsslosun frá brennslu jarðefnaeldsneytis á hvern íbúa í borginni að vera orðin 50 prósentum minni árið 2010 en hún var árið 1993 og 70 prósentum minni fyrir árið 2025. Markmiðið um að verða algerlega óháð jarðefnaeldsneyti á að nást fyrir árið 2050.

Að sögn Henriks Johansson, talsmanns umhverfissviðs, beinist áætlunin um jarðefnaeldsneytisláusa Växjö fyrst og fremst að samgöngum, þar sem frá þeim koma yfir 80 prósent alls koltvísýringssútblásturs í borginni. Hann bendir á að árið 2006 hafi losunin minnkað um 30

prósent á íbúa frá því sem hún var árið 1993. Til samanburðar sé meðaltalið í Svíþjóð á sama tímabili um 10 prósentu minnkun. Það athyglisverða í alþjóðlegum samanburði sé þó að á sama tíma og dregið hafi verið úr koltvísýringsslosun um 30 prósent hafi meðaltekjur á íbúa í Växjö aukist um 50 prósent. Þetta afsanni þá fullyrðingu sem oft heyrst, til að mynda í umræðu um umhverfis- og loftslagsmál vestanhafs, að aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda séu hagþróun fjötur um fót.

Snúa baki við olíunni

Liður í að ná fyrrgreindum markmiðum er að sögn Johansson að öll öku- og vinnutæki sem borgin sjálf gerir út muni frá árinu 2010 nota aðra orkugjafa en olíu. Enn sem komið er ganga strætisvagnar borgarinnar fyrir díselolíu, en til standi að skipta þeim út fyrir vagna knúna gasi sem unnið er úr lífrænum

úrgangi sem að stórum hluta á að koma frá söfnun lífræns heimilissorps. Á næsta ári verða auk þess teknir í tilraunnotkun nokkrir vagnar frá Volvo sem ganga fyrir DME (dímetyleter), en það eldsneyti er líka unnið úr lífrænum úrgangi og kemur í stað díselolíu.

Þá standa borgaryfirvöld fyrir aukahvötum til íbúanna að velja vistvæna bíla, umfram þá hvata sem öllum Svíum standa til boða af hálfu ríkisvaldsins.

Til eftirbreytni fyrir Reykjavík?

Á síðasta ári taldist 54 prósent þeirrar orku sem neytt var í Växjö vera endurnýjanleg. Það er lægra hlutfall en í Reykjavík, sem fær alla húshitunar- og raforku úr endurnýjanlegum jarðvarma og vatnsorku. Hins vegar er orkunotkun á hvern íbúa í Reykjavík miklu meiri og bílanotkun einnig, með tilheyrandi eldsneytiseyðslu og útblæstri sem hefur reyndar aukist á síðustu árum.




LÍFRÆN ORKA Bo Frank, borgarstjóri Växjö, við orkuver og fjarvarmaveitu borgarinnar, sem síðan snemma á niunda áratugnum hefur verið knúin skógarhöggúrgangi. JAND/WWW.VAXJO.SE

ÖNNUR GREIN AF FJÓRUM

Á morgun:
Innviðir framtíðarinnar

Sameinum fjölskyldur



Pórhildur Þorleifsdóttir

Oddný Arnarsdóttir

Arnar Jósefsson

Arnar Jónsson

Ragnheiður Katrín Geirsdóttir

Rögnvaldur Bjarnason

Halldór Dagur Jósefsson

Sólveig Arnarsdóttir

Jósef Halldórsson



Spáin er góð á morgun – göngum öll til góðs

Söfnunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu

101 Lækjartorg, húsbíll Rauða krossins • 101 Ráðhúsið, Tjarnargötu 11 • 101 Iðnskólinn, Skólavörðuholti • 105 Laugardalslaugin, Sundlaugarvegi 30a • 107 Vesturbæjarlaug, Hofsvallagötu • 108 Austurvegur, Háaleitisbraut 68 • 109 Tónskólinn Hólmaseli, Hólmaseli 4-6 • 110 Árbæjarlaug, Fylkisvegi 9 • 111 Breiðholtslaug, Austurbergi 3 • 112 World Class, Spönginni 41 • 112 Grafarvogslaug, Dalhúsum 2 • 113 Húsasmiðjan, Vínlandsleið 1 • 170 Seltjarnarneslaug, Suðurströnd 8 • 200 Hamraborg 11 • 200 Digranesskóli, Skálaheiði • 200 Sundlaug Kópavogs, Borgarholtsbraut • 200 Snælandsskóli, Víðigrund • 201 Sundlaugin Versalir, Versölum 3 • 201 Smáraskóli, Dalsmára 1 • 203 Vatnsendaskóli, Funahvarfi 2 • 210 Garðabær, Garðatorgi • 220 Hafnarfjörður, Strandgötu 24 • 225 Álftanes, Haukhús • 270 Mosfellsbær, Pverholti 7

Mætum öll á söfnunarstöðvarnar og göngum til góðs.

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
3.134 -5,86%Fjöldi viðskipta: 1.681
Velta: 12.990 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ EIK BANKI +6,14%
EIMSKIPAFÉLAGIÐ +3,08%

MESTA LÆKKUN

↓ GLITNIR -13,92%
EXISTA -13,83%
SPRON -13,21%

GENGISVÍSITALA KRÖNNUNAR: 206,9 +2,02%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 6,27 -0,79% ... Atorka 4,28 -6,14% ... Bakkavör 17,85 -10,53% ... Eimskipafélagið 4,02 +3,08% ... Exista 4,61 -13,83% ... Glitnir 4,02 -13,92% ... Icelandair Group 17,50 -3,85% ... Kaupþing 660,00 -3,93% ... Landsbankinn 19,05 -4,75% ... Marel Food Systems 82,70 -4,06% ... SPRON 2,30 -13,21% ... Straumur-Burðarás 7,17 -8,31% ... Össur 90,00 -2,6%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Bannað að spila á báginði

„Enn hefur ekki verið svipt hulunni af því hvernig verðmatið var ákveðið,“ bendir Visbending á í stórrí umfjöllun um þjóðnýtingu Glitnis. „Orð forsætisráðherra í sjónvarpi mátti skilja sem svo að til greina hefði komið að ríkið fengi eitthvað annað hlutfall í bankanum fyrir sitt framlag. Vel kann að vera að bankinn hefði ella orðið gjaldþrota en ríkið á samt ekki að nýta sér báginði,“ segir þar jafnframt og bent á lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa sem banni sérstaklega að nýta sér báginði, einfaldni, fákunnáttu eða aðra veikleika viðsemda til að maka krókinn. „Spyrja má hvort Seðlabankinn hafi með því að gefa stjórnendum stuttan tíma til þess að svara gert þeim útilokað að leita annarra leiða.“

Ekki sama hver er?

Benedikt Jóhannesson, ritstjóri Vísendingar, gengur heldur lengra í vangaveltum í dálki blaðsins sem kallast „Aðrir sálmar“ og veltir upp meintum eigendavanda Glitnis og að engum hafi dulist opinn fjandaskapur milli Davíðs Oddssonar og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. „Ríkið metur banka sem er með eiginfé upp á 200 milljarða króna (þ.a. 63 milljarða í óefnislegar eignir) sem 28 milljarða verðmæti. Hefðu eigendur annarra banka fengið svipaða meðferð? Líklega eru flestir þeirra skoðunar að svo hefði verið með Kaupþing.“ Í umfjöllun Vísendingar um Machiavelli í sama tölublaði er forkólflum í viðskiptum og stjórn-málum bent á að hafa í huga eftirfarandi úr Furstanum: „Menn eru fljótari að gleyma dauða eigin föður en missi föðurarfsins.“



Buffett kominn í General Electric

Bandaríski auðkýfingurinn Warren Buffett hefur keypt helming nýs hlutafjár bandarísku risasamsteypunnar General Electric fyrir sex milljarða Bandaríkjadala, eða 700 milljarða króna, miðað við gengi krónu í gær.

Helmingur hlutafjárins er svokölluð forgangshlutabréf til þriggja ára með tíu prósentu arðgreiðsluákvæði. Hinn helmingurinn er almenn hlutabréf sem



WARREN BUFFETT

hefur farið mikinn upp á síðkastið,

Berkshire Hathaway, fjárfestingafélagið sem Buffett hefur stýrt í fjörutíu ár, kaupir og hefur lofað að halda í næstu fimm árin.

Fjárfestingafélag Buffetts hefur farið mikinn upp á síðkastið,

nú þegar aðstæður á fjármálamörkuðum hafa þrengt mjög að fyrirtækjum víða um heim en skemmt er að minnst þess að það keypti hluta í bandaríska fjárfestingabankanum Goldmans Sachs fyrir fimm milljarða dala.

Lausafjárstaða Berkshire Hathaway nam 44,3 milljörðum dala, jafnvirði 5.166 milljörða íslenskra króna um síðustu áramót.



BANKASTJÓRNIN Á stýrivaxtafundum í Seðlabankanum. Ingimundur Friðriksson, Eiríkur Guðnason og Davíð Oddsson seðlabankastjórar.

Seðlabankinn þarf líka að rýmka veðin

Tilkynnt var í gær um útgáfu Seðlabankans á innistæðubréfum fyrir 150 milljarða króna.

„Þetta er mjög jákvætt skref með tilliti til gengis krónunnar en þá er algjört lyklatríði að einnig verði rýmkaðar reglur um veðhæfi í endurhverfum viðskiptum við Seðlabankann. Annars er hætt við að aðgerðin hafi ekki nægilega mikil áhrif þar sem skortur á lausu fé í krónum takmarki eftirspurn eftir bréfunum.“

Seðlabankinn tilkynnti í gærmorgun um stóra útgáfu innistæðubréfa. Upphaflega stóð til að hún yrði 75 milljarða króna, en ákveðið var að tvöfalda hana.

Samkvæmt upplýsingum úr Seðlabankanum er þess vænst að þetta viðhaldi áhuga fjárfesta, einkum erlendra, á því að halda stöðum í krónunni.

Dórólfur Matthíasson prófessor segir að erlendir fjárfestar þurfi að vera mjög bjartsýnir eigi þeir að taka stöðu með krónunni eftir atburði síðustu helgar. Til þess að svo verði „þarf að hækka ávinninginn af því til mikilla muna. Jafnvel einhverjar 100 til 150 punkta hækkanir stýrivaxta muni ekki duga“. Íslendingar verði að leita neyðaradstoðar í formi erlendra lána, þar sem hana er að fá, ef ekki hjá frændþjóðum og nágrönnum, þá hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.“

Greiningardeild Kaupþings segir að ef ekki komi aðgerðir á mótí auki þessi útgáfa Seðlabankans á lausafjárskortinn, sem seðlabankar um allan heim hafi reynt að sporna við upp á síðkastið. - ikh

Bankar fá aðstoð

Seðlabanki Svíþjóðar tilkynnti í gær að hann hygðist verja 60 milljörðum sænskra króna, eða nærri 1000 milljörðum íslenskra króna, til að bæta lausafjárstöðu sænskra banka. Bönkunum munu standa til boða þriggja mánaða lánalínur gegn öruggum veðum.

Í tilkynningu seðlabankans segir að með þessu sé komið til móts við bankana sem hafi átt erftitt með að nálgast langtímalán á alþjóðlegum mörkuðum sökum alþjóðlegu lánsfjárræðunnar.

Fyrir í vikunni tilkynntu írska stjórnvöld að þau gangist í ábyrgðir fyrir allar innistæður og skuldir írskra bankastofnana næstu tvö árin. Þetta er gert til þess að treysta stöðu bankakerfisins og eða efasemdum um stöðu bankanna.

Áætlað hefur verið að ábyrgðir ríkisins nemi um 400 milljörðum evra, sem er tvöföld landsframleiðsla Írlands. Bankarnir munu greiða ríkinu fyrir þessa tryggingu, en ekki hefur verið ákveðið hversu mikið. - msh

Líkur eru á vaxtalækkun

Evrópski seðlabankinn ákvað í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum í 4,25 prósentum. Þetta er í takt við væntingar enda þriðji mánuðurinn í röð sem bankinn heldur vöxtum óbreyttum í hæstu hæðum.

Jean-Claude Trichet, seðlabankastjóri, sagði lausafjárþurrðina á alþjóðlegum mörkuðum slíka að mjög þrengdi að fyrirtækjum á evrusvæðinu og drægi það harkalega úr hagvexti. Hafi seðlabankinn þurft að bregðast við til að bjarga bönkum frá gjaldþroti auk þess að dæla háum fjárhæðum inn á fjármálamarkaði.

Fjármálasérfræðingar þóttust greina af máli bankastjórans að



JEAN-CLAUDE TRICHET Fjármálasérfræðingur þykir líklegt að evrópski seðlabankinn lækki stýrivexti á næstunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

seðlabankinn íhugaði lækkun stýrivaxta og mætti vænta þess í næsta mánuði, að sögn Bloomberg-fréttaveitunnar. Gangi það eftir verður þetta fyrsta lækkunin í rúm fimm ár. - jab

15% AFSLÁTTUR ER GÓÐ BYRJUN Á VETRINUM

Forsjálir bifreiðaeigendur fá 15% afslátt af heilsársdekkjum og umfelgun á þeim fram til 12. október. Gerðu bílinn kláran fyrir allt árið, borgaðu minna og losnaðu við biðraðirnar.

Við erum í næsta nágrenni við þig:

Réttarhálsi 2 - Sími: 440 1326

Fellsmúla 24 - Sími: 440 1322

Langatanga 1a, Mos. - Sími: 440 1378

Dalbraut 14, Akranes - Sími: 440 1394

Bíldshöfða 2 - Sími 440 1318

Ægisiðu 102 - Sími: 440 1320


Reykjavíkurvegi 56, Hfj. - Sími: 440 1374

Vesturbraut 552, Vallarheiði - Sími: 440 1372



N1 HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA

N1 - Meira í leiðinni



Hefur þú hugmynd um hvað virkar best?

Rannsóknir sýna að ein besta forvörnin gegn fíkniefnum er

**að börn og foreldrar
verji tíma saman**

Kynntu þér málið á www.forvarnardagur.is



TAKTU ÞÁTT!
HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI

Fimmtudagurinn 6. nóvember er forvarnardagur í öllum grunnskólum landsins. Ofangreind fullyrðing er byggð á áralöngum rannsóknum fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík á hegðun ungmenna og hvað skilar árangri í forvörnum. Forvarnardagurinn er samstarfsverkefni eftirfarandi aðila:



Hjarta atvinnulífsins verður að slá.

Alvara lífsins

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Fjárlagafrumvarpið hefur verið lagt fram í skugga mestu umbrota í íslensku fjármálalífi. Einn af stærstu bönkum landsins hefur verið þjóðnýttur. Erlendar eignir annars seldar. Um leið hefur gengi krónunnar fallið enn dýpra niður.

Eðlilega veldur það nokkrum vonbrigðum að halli ríkissjóðs á næsta ári skuli ekki vera innan við Maastricht-skilyrðin. Í ljósi þeirrar miklu alvöru sem þjóðin stendur frammi fyrir á fjármálamörkuðum er þó ekki réttur tími til harðrar gagnrýni af þessum sökum.

Engum vafa er þó undirorpið að æskilegra hefði verið fyrir þjóðarbúskapinn að Seðlabankinn hefði brugðist við fyrirjáanlegum samdrætti í hagkerfinu með því að gefa fjármálastofnunum landsins svigrúm til að hleypa nauðsynlegu súrefni út í atvinnulífið. Verðmætasköpunin er það sem máli skiptir. Hún verður að halda áfram. Þar brást Seðlabankinn bogalistin.

Halli á fjárlögum dregur úr sársaukanum. Hann leysir hins vegar ekki vandann. Lausnin er fólgin í breyttri peningastefnu. Tafarlausar bráðaaðgerðir til þess að styðja fjármálakerfið verða að byggjast á öðrum sjónarmiðum en Seðlabankinn hefur fylgt fram til þessa.

Ríkisstjórnin er mynduð af tveimur stærstu flokkunum í landinu á báðum vængjum stjórnmalanna. Bakland beggja stjórnarflokkanna er í atvinnulífinu. Þeir eiga fyrir þá sök að geta unnið í fullum trúnaði og af nauðsynlegu afli með forystu atvinnufyrirtækjanna og launafólksins. Viðbrögð við ríkjandi ástandi hljóta að byggja á breiðu trúnaðarsamstarfi af því tagi.

Þegar staða fjármálakerfisins hefur verið treyst með bráðarástöfunum þarf að móta peningastefnu til lengri tíma. Bankarnir eru hjarta atvinnulífsins. Þegar það fer að slá á ný með taktföstum hætti er óhjákvæmilegt að fylgja því eftir með aðhaldssamari ríkisfjármálapolitik en birtist í fjárlagafrumvarpinu. Það verður brýnt til að verja megi fjármálastöðugleikann að nýju.

Bankastjórn Seðlabankans hefur hreyft hugmyndum um myndun þjóðstjórnar. Ofan á umdeilda framkvæmd peningastefnunnar og umdeildar hugmyndir um framtíðarstefnuna í peningamálum bætist nú að bankastjórnin blandar sér í pólitískar umræður um hvers kyns ríkisstjórn skuli sitja í landinu. Allt hefur þetta veikt trúverðuleika Seðlabankans bæði heima og erlendis.

Menntamálaráðherra og iðnaðarráðherra hafa réttilega gagnrýnt bankastjórn Seðlabankans fyrir að fara út fyrir verksvið sitt með þessari pólitísku íblöndun. Mikilvægt er að Seðlabankinn öðlist aftur ótvírætt traust allrar þjóðarinnar. Vel má vera að ríkisstjórnin sjálf þurfi til bráðabirgða að taka framkvæmd peningastefnunnar meir í sínar hendur þar til hjarta atvinnulífsins slær á ný og nauðsynlegt traust er endurvakið.

Myndun ríkisstjórnar allra flokka er allt annað álitæfni. Það snýr að Alþingi en ekki Seðlabankanum. Þegar fyrir er ríkisstjórn með jafn breiðan þjóðfélagslegan bakgrunn og raun ber vitni verður ekki séð að þrír flokkar til viðbótar myndu auðvelda ákvarðanatöku. Við ríkjandi aðstæður er hins vegar full þörf á breiðri samstöðu. Því verður ekki andmælt. Hitt skiptir þó öllu máli hvað gert er og að bráðaaðgerðir dragist ekki. Það er sú alvara lífsins sem blasir við.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365

FRÉTTASTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is **ADSTODARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomurum landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Kaffi með eldri borgurum í Kópavogi

Samfylkingin í Kópavogi býður öllum eldri borgurum bæjarins í **morgunkaffi laugardaginn 4. október kl. 10:00** í sal Samfylkingarinnar, Hamraborg 11a.

Ánægjuleg samverustund með: Rannveigu Guðmundsdóttur, Þórunni Sveinbjarnardóttur, Guðmundi Steingrímssyni og Guðríði Arnardóttur auk fleiri góðra gesta.

Rútuferðir verða bæði til og frá Gullsmára kl. 9:40 og Gjábakka kl. 9:50.



FRÁ DEGI TIL DAGS

Kaldar kveðjur

Margumrædd viðrun Davíðs Oddssonar á hugmynd sinni um þjóðstjórn á ríkisstjórnarfundinum hefur mætt hörðum viðbrögðum, svo vægt sé til orða tekið. Segir sagan að þögn hafi slegið á meðlimi ríkisstjórnarinnar þegar Davíð hóf að reifa hugmynd sína. Sumum hinna háu ráðherra vafðist þó ekki tunga um tönn lengi. Össur Skarphéðinsson sagðist ekki tjá sig um það sem gerðist á ríkisstjórnarfundinum og það sama gildi um orð aðvifandi gesta. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir hélt því fram að með ummælum sínum væri seðlabankastjóri kominn



langt út fyrir sitt verksvið og réttast væri að hann einbeitti sér að þeim ærnu verkefnum sem Seðlabankinn þarf að takast á við en léti stjórnmalamönnum eftir stjórn landsins.

Eitthvað ofan á brauð

Þorgerður Katrín lét svo kné fylgja kviði og kallaði þjóðstjórnarhugmynd Davíðs eintöma smjörklípu, en það var einmitt Davíð sjálfur sem kynnti það hugtak til sögunnar á sínum tíma þegar hann stærði sig af því hvernig hann færi að því að drepa málum á dreif. Þótt Davíð sé ekki lengur formaður Sjálfstæðisflokksins eru orð Þorgerðar Katrínar til marks um að í hugum sjálfstæðismanna er hann enn „sá smurði“.

Undrin og við

Sjónvarpsmaðurinn Egill Helgason rifjar upp á heimasíðu sinni að fyrir um einu ári var haldin ráðstefna á vegum Háskóla Íslands undir yfirskriftinni: Íslenska efnahagsundrið. Egill gerir því skóna að í ljósi atburða færi líklega betur á að tala um íslenska efnahagsviðundrið.

kjartan@frettabladid.is
bergsteinn@frettabladid.is



SPOTTIÐ



Kreppa og króna

Þegar heimskreppan barst þingað um 1930, urðu ummæli Ásgeirs Ásgeirssonar, síðar forseta Íslands, fræg: „Kreppan er eins og vindurinn. Enginn veit, hvaðan hún kemur eða hvert hún fer.“ En nú er vitað, hvaðan heimskreppan á fjórða áratug kom. Rannsóknir Miltons Friedmans sýndu, að hún stafaði ekki síst af mistökum í stjórn peningamála í Bandaríkjunum. Í stað þess að auka framboð peninga í miðjum samdrætti minnkuðu peningamálayfirvöld það og breyttu þannig niðursveiflu í kreppu. Síðan gerðu ríki heims illt verra með haftastefnu sinni. Ríkið hafði brugðist.

En hver er kveikjan að núverandi lánsfjárekreppu? Umfram allt undirmálslánin í Bandaríkjunum, og þau stöfuðu af því, að bandarísku húsnæðislánasjóðirnir nutu óbeinnar ríkisábyrgðar og fóru ógætlega í lánveitingum. Þessir sjóðir höfðu mikil ítök í Washington, ekki síst í forystusveit demókrata. Vogunarsjóðir keyptu „vafninga“ með þessum undirmálslánnum húsnæðislánasjóðanna, af því að þeim var með reglugerðum torvelduð margvísleg önnur



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON Í DAG | Fjármálakreppan

aröbær starfsemi. Lánsfjárekreppan er því ekki kapitalismanum að kenna, heldur óskynsamlegum ríkisafskiptum.

Það breytir því ekki, að margir kapitalistar urðu uppvísir að hamslausri græðgi og fullkominni fflldirfsku. Þegar Davíð Oddsson varaði við þessu fyrir nokkrum árum, var hann sakaður um að leggja fæð á framtaksama einstaklinga. En aðalatriðið er það, að undir eðlilegum kringumstæðum sér kapitalisminn um að veita græðginni í farvegi, sem nýtsamlegir eru öðru fólki, og leyfa djörfum mönnum að halda áfram rekstri, en fflldjörfum að hætta honum. Þegar það tekst ekki, er það oftast að kenna einhverri bilun í

regluverkinu, of miklum ríkisafskiptum.

Það var þó ekki fráleitt að líkja kreppu við storm. Við getum litlu breytt, þótt þess verði að gæta, að allt fjúki ekki um koll. Og storminum mun slota. Mikilvægt er að rjúka ekki upp til handa og fóta og gera eitthvað óskynsamlegt. Það væri til dæmis engin lausn á núverandi vanda að taka upp evru. Skuldir minnka ekki, þótt skráðar séu í evrum. Sjálfsgagt er að skoða það síðar meir að taka upp evru, og mætti raunar gera það óbeint, eins og mörg eyrki í Karíbahafi nota Bandaríkjadal.

Notkun evru hefði sömu kosti og galla og fastgengisstefnan áður. Áköfustu stuðningsmenn evrunnar verða að svara tveimur spurningum. Nú er verið að nota krónuna til að lækka laun, sem er nauðsynlegt í þrengingum okkar. Hvernig á að lækka laun við evru? Þegar ég spyr evrusinna, svara þeir, að ekki þurfi að lækka laun eftir upptöku evru. Einmitt, og þá verður alltaf gott veður, svo að hús þurfa ekki að vera fohheld. Hin spurningin er, hvað tryggji, að evran verði stöðugur gjaldmiðill til langs tíma litid. Góður vilji evrópskra ráðamanna?



RAUÐI KROSSINN hvetur alla til þess að taka þátt í söfnuninni Göngum til góðs sem fer fram á morgun. Þetta er í fimmta sinn sem Rauði krossinn stendur fyrir söfnun sem þessari þar sem sjálfbóðaliðar ganga í öll hús, en til þess að ná til allra heimila á landinu þarf Rauði krossinn að minnsta kosti 2.500 sjálfbóðaliða. Féð sem safnast fer í neyðaraðstoð í Kongó.

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



Banfi kvöldverður

26. september - 15. október

26. september er á ný boðið upp á Banfi kvöldverð í Perlunni, þar sem andi Toscana héraðsins á Ítalíu svífur yfir vötnum. Á föstudögum og laugardögum spilar Jazztrío Björns Thoroddsen.

Aðeins 3 vikur!

Parmaskinka með fíkjusalati og balsamico

Tígrisrækjur og smokkfiskur á pappardelle pasta í tómát-basilsósu

Kálfahryggur á beini með grilluðu grænmeti, kartöflumauki og madeirasósu

Sítrónugrass-kókosneta og vanillu panna cotta með kirsuberjaís og ávöxtum í chili-sírópi

6.590 kr.

Með 4 glösum af víni: 10.490 kr.

Villibráðarhlaðborð hefst 16. október.
Jólahlaðborð hefst 20. nóvember.



Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - Heimasíða www.perlan.is



Pólitik og matreiðsla eru tvær af helstu ástríðum Bryndísar Guðmundsdóttur, formanns Ungra framsóknarmanna.

Humarpitsan góða er herramannsmatur

Lögfræðingurinn og ástríðukokkurinn Bryndís Gunnlaugsdóttir kann uppskrift að pitsu sem er vís með að vekja hrifningu hjá kokkum jafnt sem nautnaseggjum, enda bæði fljótleg og með eindæmum góð.

HUMARPITSA

að hætti Bryndísar **FYRIR 4**

Hráefni:Pitsubotn að eigin vali (ég mæli með fersku pitsudeigi sem hægt er að rúlla út og fæst meðal annars í Nettó)
500 g skelflettur humar
200 g ostur að eigin vali (gott að nota pitsuost)
1 hvítlaukur
1 dl olía
svartur pipar

Aðferð:Búið fyrst til hvítlauksolíu. Saxið meðalstóran hvítlauk niður með töfraspröta og hrærið saman við

olíu. Rúllið pitsubotninn út og látið standa meðan humar er steiktur á pönnu upp úr örilitilli hvítlauksolíu og svörtum pipar. Þegar humar er orðinn örilitið gylltur er hann tilbúinn. Smyrjið þá pitsubotn með þunnu lagi af hvítlauksolíu og dreifið humri yfir. Dreifið osti næst jafnt yfir. Skellið pitsunni inn í 220 gráðu heitan ofn. Hún ætti að vera tilbúin eftir tíu til fimmtán mínútur eða



Þegar osturinn er orðinn brúnleitur og girnilegur. Berið fram með salati að eigin vali og fetastí.

pitsunni. Persónulega kys ég að hafa jarðarber í salatinu, vegna þess að þau ljá því ákveðinn ferskleika. Þetta einfalda bragð

lærði ég af mömmu fyrir mörgum árum og hef notað það óspart síðan.

roald@frettabladid.is

...og kroppurinn blómstrar

Ristaðar Konnyaku núðlur með eggjum, kjúklingi og grænmeti.

Við hjá Nings erum stolt af því að kynna japanskar Konnyaku heilsunúðlur.

Í 1500 ár hafa Japanir borðað Konnyaku núðlur og telja þær vera með því allra hollasta sem þeir borða. Þær eru nær algjörlega kaloríu- og fitulausar en eru fullar af góðum trefjum og steinefnum og flokkast sem basískur matur. Þær eru sagðar greinandi og bæta meltinguna ásamt því að hreinsa eiturefni úr líkamanum.

Allir heilsuréttirnir okkar eru eingöngu kryddaðir með ferskum hvítlauk, engifer og ferskum chilli og eru án salts og sykurs.

Nings hefur frá upphafi verið leiðandi í að innleiða nýja og hollari síði í austurlenskri matargerð á Íslandi.

NINGS

Konnyaku heilsutilboð 899 kr.

www.nings.is

Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12 • S. 588 9899

MATUR

EGG er auðvelt að skilja með því að hella þeim í trekt. Hvítan rennur þá niður og rauðan verður eftir. Aðeins verður að gæta þess að gera þetta varlega svo rauðan springi ekki.



Ísmolar í skál bráðna oft hratt og enn hraðar þegar þeir liggja í vatninu sem safnast fyrir í skálinni. Ef lítil skál eða undirskál er lögð á hvolf undir ísmolana í stóru skálinni safnast vatnið þar fyrir. Ísmolarnir liggja þá ekki í því og bráðna hægar.

500 hollráð

Fá hráefnið beint frá býli

Kunnátta, hugmyndaflug og æfðar hendur verða öflug tromp í keppninni um matreiðslumann ársins 2008 sem fram fer í Menntaskólanum í Kópavogi næsta þriðjudag. Þar reyna fimm meistara með sér.

„Helsta nýjungin í ár felst í því að allt hráefni í keppnina kemur beint frá býli. Áherslan er á slagorðið „Frá haga til maga,“ segir Sverrir Þór Halldórsson, forseti klúbbs matreiðslumeistara, þegar forvitnast er um hina árlegu keppni Matreiðslumaður ársins sem fram fer 7. október. Meira vill Sverrir ekki upplýsa um hráefnið sem unnið verður úr því keppendurnir fimm mega ekkert um það vita fyrr en að morgni keppisdags. Spennan bara magnast þangað til.

Matreiðslukeppnin á Íslandi er árviss viðburður og hefur fleytt sigurvegurinum áfram í alþjóðlegar keppnir þar sem þeir hafa oft skorað hátt.

Keppt verður í fleiri spennandi greinum þennan dag í húsnæði Hótel- og matvæðaskólans í MK. Auk þess sem vinnjónn ársins verður valinn eftir kúnstarinnar reglum verður keppt í að laga Knorr-súpu ársins. Þar fá þátttakendur tvær tegundir súpukrafts frá fyrirtækinu Knorr en að öðru leyti sjá þeir sjálfir um hráefnið og hafa einn klukkutíma í eldhúsi til að laga súpu fyrir sex manns.

Öllum er heimilt að fylgjast með keppnum að sögn Sverris Þórs og eflaust verður eitthvað að maula þó að ekki fái gestir að smakka á verðlaunaréttunum.

gun@rettabladid.is



Margir girnilegir réttir urðu til í undanúrslitakeppninni. Hér er einn af þeim. Fiskur í kókosi og alls konar meðlæti.



Eftirréttaveisla úr undanúrslitunum.



„Það er leyndarkörfufyrirkomulag á keppninni Matreiðslumaður ársins,“ segir Sverrir Þór íbygginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

GULL

kristan

FISKUR ER FJÖRSÖÐUR
NÝTT
Á MARKADI
FISKUR ER FJÖRSÖÐUR

**Þurrkaður saltfiskur
tilbúinn til útvötnunar**

Gullkristan er falleg gjafaaskja sem inniheldur 300 g af þurrkaðum saltfiskbitum, leiðbeiningar um útvötnun og girnilegar uppskriftir á fjórum tungumálum.

Tilvalin gjafavara fyrir vini og vandamenn innanlands og utan.

Sendum hvert á land sem er.
Pantaðu á ektafiskur.is undir Gullkristan eða hringdu í okkur í síma 466 1016.

www.ektafiskur.is

FRUMKVÖDLAFYRIRTEKI ÁRSINS 2007 - VIÐURKENNING FRÁ MATUR ÚR HÉRADI - LOCALFOOD

hádegi / kvöld

GÓÐUR STAÐUR Á GÓÐUM STAÐ

ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
+354 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS

Kósíkvöld

Kósí matseðill á aðeins
3.900 kr. Þú velur milli 2ja
forréttar og 2ja aðalréttar.
Njóttu lífsins!

Erum byrjuð að taka niður pantanir í jólahlaðborð

Gæðamatúr á góðu verði í þægilegu umhverfi í hjarta borgarinnar. Borðapantanir í síma 511 6677, orestaurant.is

Verið velkomin á Ó restaurant.

Ó restaurant Þórsgrata 1 Tel +354 511 66 77 orestaurant.is
Hótel Óðinsvé 101 Reykjavík Tel +354 511 62 00 o@orestaurant.is

RESTAURANT

Ný verslun, Hafið – fiskiprinsinn, hefur verið opnuð í Hafnarfirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sælkerafiskverslun

Sælkeraverslunin Hafið – fiskiprinsinn hefur opnað nýtt útibú í Hafnarfirði.

Sjávarréttasælkerar í Hafnarfirði geta glaðst yfir nýrri viðbót við flóru sælkeraverslana í bænum en nýverið opnaði Hafið – fiskiprinsinn nýja verslun á Reykjavægi 68. Fyrir er verslunin í Hlíðasmára í Kópavogi. Hafið – fiskiprinsinn býður meðal annars upp á eitt mesta úrval landsins af fiskréttum og sérhæfir sig í humarsúpu. Einnig er á boðstólum ýmis skelfiskur eins og humar, tígrisrækjur og hörpuðiskur.

- rat

Aðalbláber heitir á ensku bilberry og á frönsku myrtille. Í Bandaríkjunum er það stundum kallað huckleberry.

Matarást



HLÁTURJÓGA er hressandi en á morgun er opinn tími hjá Hláturkættiklúbbum í húsakynnum Manns lifandi í Borgartúni. Tíminn er frá 10.30 til 11.30 og eru allir velkomnir. Aðgangseyrir fyrir fullorðna er 1.000 krónur.

HÆLGIN

Sauðfé er það fé sem rýrnar minnst í dag

Kunnir smalar úr Borgarfjarðarháaði og hinir sauðmeiðlausu Hvanndalsbræður eru meðal skemmtikrafta á Sauðamessu í Borgarnesi á morgun. Gísli Einarsson fréttamaður er annar tveggja forystusauða.

„Sauðamessan verður í Skallagrímssgarði sem er vannýttur afréttur í hjarta Borgarness. Þar gefst öllu mannkyni kostur á að rækta sauðinn í sjálfum sér,“ segir Gísli Einarsson og gætir glettni í rómnum þegar forvitnast er um Sauðamessu. Hún hefst á morgun klukkan 13.30 að staðartíma á fjárrekstri gegnum Borgarnes. „Það verður talsvert fjármagn í þessum rekstri, eitthvað á annað hundrað kindur sem verða síðan í rétt þarna rétt við garðinn. Þetta er eiginlega áhættufé því við vitum ekki hvernig það hegðar sér á leið sinni gegnum bæinn en það er gildur bóndi sem útvegar það.“

Gísli telur upp ýmis skemmtiatriði sem verða sett á svið, þar á meðal sýningu á nýjustu sauðatísku. Svo verður efnt til landskeppni í nokkrum óvenjulegum ólympíugreinum eins og sparðatínungi, fjárdrætti og að teygja lopann og smalegasti gesturinn verður sæmdur smalaprikinu. Smalahundasýning er á dagskránni og fjölbreytt afþreying fyrir unga sem aldna, allt frá neftóbaksnámskeiði til glímukennslu en hvorki verður kandíflos né hoppkastalar. Í sölu-tjöldum í Skallagrímssgarði verða ýmsar afurðir úr sveitinni til kaups



„Okkur finnst sauðkindinni ekki hafa verið sýndur nægilegur sómi síðustu ár,“ segir Gísli, sem leggur gjörva hönd á margt í sveitinni, meðal annars fjárdrátt og sauðburð.

og frí kjötsúpa verður í boði fyrir alla sauðamessugesti.

Um kvöldið á svo að sletta ærlega úr klaufunum á hlöðuballi í hálfbyggðri reiðhöll. „Þar verða heybaggar og trébeikir sem sæti. Svo eru bara ullarfötin sem gilda á ballinu og of snyrtilegur klæðnaður er bannaður,“ tekur Gísli fram. Hann varar sérstaklega við háum hælum því dansað verður á moldargólfi.

„Einn af ráðamönnum bæjarins

er Bjarki Þorsteinsson og okkur tvo langaði að gera eitthvað skemmtilegt,“ segir Gísli aðspurður um ástæður sauðamessunnar. „Okkur fannst sauðkindinni ekki hafa verið sýndur nægilegur sómi síðustu ár. Hún hefur mátt þola forðoma og einelti á köflum þannig að þetta eru eiginlega okkar regnbogasamtök. Svo er sauðfé það fé sem rýrnar minnst í dag.“

gun@frettabladid.is

Opni Samtakadagurinn

SAMTÖKIN '78 BOÐA TIL FUNDAR OG DANSLEIKS Á MORGUN.

Opni Samtakadagurinn verður haldinn í Regnbogasál Samtakanna '78 á morgun frá klukkan 13 til 17. Á fundinum verða ávörp, umræður og skemmtiatriði auk þess sem boðið verður upp á kaffi og með því. Annað kvöld verður svo haldið Samtakaball á Café Victor sem hefst klukkan 23 og sér Andrea Jónsdóttir um tónlistina.



FÖSTUDAGUR:
Rúnar Þór Trúbadur
LAUGARDAGUR:
Affémsveitin Vítamín



Reykjanesbæ • Hafnargötu 10 • S: 421 4601 • www.rain.is • rain@rain.is

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lýsir eftir golfbil sem varsvikinn út hjá umboðsaðila í lok júlí í sumaren mikilvægt er að finna bílinn vegna rannsóknar málsins. Um er að ræða golfbil eins og sést á meðfylgjandi mynd.



Lögreglan biður þá sem geta gefið upplýsingar um hvar bíllinn er niðurlominn eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu í síma **444-1100**



Ráðstefnur | Fundir | Árshátíðir | Brúðkaup | Óvissuferðir

18. Október

SVIÐAMESSA

Veislustjóri: Árni Johnsen
Gisting, matur, skemmtiatriði og ball
Verð: 8.900 kr. á mann
Án gistingar: 4.500 kr. á mann

25. Október

Franskt kvöld

Gisting, 4 rétta matseðill og vín
Lifandi tónlist og ball
Verð: 11.500 kr. á mann.

1. og 8. Nóvember

Villibráðarkvöld

Lifandi tónlist og ball
Verð: 10.900 kr. á mann.

Villibráð / Jólahlaðborð

Frá 14.11.2008 til 20.12.2008 Bjóðum við uppá skemmtilegar og matarmiklar helgar með Villibráðarhlaðborði föstudaga og Jólahlaðborði laugardaga.

Einnig er lifandi tónlist og ball báða dagana.

Gistu tvær nætur á verði einnar!

Gestir sem velja Villibráð á föstudag og Jólahlaðborð laugardag greiða aðeins gistingu fyrir eina nótt. 14.11.2008-20.12.2008

Önnur nóttin frí.



h ó t e l h v o l s v ö l l u r

Hlíðarvegur 7 | 860 Hvolsvöllur | s: +354 487 8050 | fax: +354 487 8058 | hotelhvolsvollur@simnet.is | www.hotelhvolsvollur.is

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opin alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin:
alla virka daga **8-17**

BÍLAR & FARATÆKI


Bílalíf.is
Bílasala Matthiasar



RANGE ROVER SPORT 4.4 HSE. Árg. 2006, ek. 43 þ.km, Bensín, leður, lúga, DVD ofl. Ásett verð 8.900þ. Tilboðsverð 5.900þ. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf Kletthálsi 2 s. 562 1717, sjá fleiri myndir á www.bilalif.is Rnr.122685.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18 laug.
12-16.
www.bilalif.is

Mótor & Sport
Haust útsala !!
Verð áður 380 þ.
Verð nú 298 þ.



Litir: Rauður, svartur og blár, aðeins 155 kg. Töskur, rollbar, hjálmur, vindhlíf, skrásetning. 250cc.



Dirt bike Xmotos 250cc, 2 litir, stillanlegir demparar. Upside down, bæði aftan og framan. Verð aðeins 249 þús.



Pit bike Xmotos 125cc, 2 litir. Verð aðeins 159 þús.

Mótor og sport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is



AUDI A4 1.8T S-line, árg. 12/2005, ek.44þús.km, Sjálfsk, Leður, Topplúga, 17" felgur omfl. Glæsilegur bíll!!! Ásett Verð 3590 þús.kr 100%fjármögnun fánleg!!!



PORSCHE CAYENNE TURBO, árg. 3/2003, ek.71þús.km, 451 hð, Sjálfsk, leður, lúga, Glæsilegur bíll og einn með öllu! Tilboð 6990 þús.kr stgr!



MMC PAJERO GLS 33", árg.05/2004, ek.79þús.km, sjálfsk, leður, lúga, stigbretti, 33" dekk en breyttu fyrir 35", Einn með öllu!!! Ásett verð 3990þús.kr!!!



MMC PAJERO 32", árg.03/1999, ek.167þús.km, sjálfsk, leður, lúga, stigbretti, krókur ofl. Ásett verð 1190þús.kr!!! Tilboð 890 þús.kr staðgreitt!!!!!!



KIA SORENTO DÍSEL, árg.09/2006, ek.37þús.km, Sjálfsk, rafmagn, hiti sætum, cruise, fjarlægðarskynjarar ofl. Verð nú 3590 þús.kr!!! Ahv. 2750 þús.kr afb. 44 þús!!!



KIA SORENTO DÍSEL, árg.09/2006, ek.37þús.km, Sjálfsk, rafmagn, hiti sætum, cruise, fjarlægðarskynjarar ofl. Verð nú 3590 þús.kr!!! Ahv. 2750 þús.kr afb. 44 þús!!!



TOYOTA Rav4 4WD, 1/2005, Ek. 66þús.km, Beinsk, rafm.rúður og speglar, Dráttarbeisli, álfelgur ofl. Ásett verð 2450þús.kr, ákv. 1800þús.kr!!!



HYUNDAI SANTA FE 4X4 CRDI DIESEL, árg. 7/2005, Sjálfsk, rafmagn, hiti sætum, cruise, dráttarbeisli ofl. Ásett verð 2890 þús.kr. ákv. 1930þús.kr afb. 33þús!!!



Toyota Avensis Sol, árg. 01/2005, ek. 73þús.km, Sjálfsk, rafm. Rúður og speglar, aðgerðastýri ofl. Verð 2370 þús.kr!!! ákvilandi 2270 þús.kr afbrögum 38 þús. Mánuði!!!!



Nissan NAVARA 4WD DOUBLE CAB MT SE árg.09/06, ek.46þús, beinsk, Álfelgur, Dráttarbeisli, Líknarbelgir, Plasthús, Ásett verð 2990 þús.kr. , 100%fjármögnun fánleg!!!



VW Polo Comfortline, árg. 2007, ek.13þús.km, Beinsk, Geislaspilarir, Rafmagn og fl. Stgr.Tilboð 1650þús.kr, Ásett Verð 1790þús.kr!!!



BMW 525 DíSEL TOURING, árg. 3/2005, ek.101 þús.km, Sjálfsk, leður, baksk, omfl, Vel búinn og glæsilegur bíll! Ásett verð 3990 þús.kr , 100%fjármögnun fánleg!!!



MMC OUTLANDER, árg.7/2006, ek. 48 þús.km, Sjálfsk, leður, 2xTopplúga omfl, Einn vel búinn! Ásett verð 2490 þús.kr, 100%fjármögnun fánleg!!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Breiðan ehf
821-6292



Musso diesel árg.2000, ekinn 125 þús.km., beinskíptur, í góðu lagi, sk.'09, 100% lánað, verð kr. 490.000,- 821-6292



Gallhoper árg.2000, diesel, beinskíptur, í góðu lagi, ekinn 155 þús.km., sk.'09, 100% lánað, verð kr. 350.000,- 821-6292.



Nissan double-cab diesel beinskíptur, árg.2000, ekinn 177 þús.km., sk.'09, rafmagn, topplúga og d-beisli, 100% lánað, verð kr. 590.000,- 821-6292



Toyota HiAce diesel, árg.2000, 4x4, 6 manna, ekinn aðeins 95 þús.km., sk.'09, 100% lánað, verð kr. 1.150.000,- 821-6292

Breiðan ehf
Sími: 821 6292

Bílar til sölu

Höfum mikið úrval af dælum



Bílar og tæki til sölu www.velamid-stodin.is upplýsingar í síma 840-5769 og 840-5735

BrunaÚtsala
Bílar á Gömlu Gengi!
Hringdu Núna
552 2000

10% afbætur - talensk ábyrgð
islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Brunaútsölur og Bílar á Gömlu Gengi. Eignum nokkra jeppa, fólkubíla og pallbíla heimkomna á gömlu gengi. Einnig fjöldi nýrra bíla af brunauátsölum bílaumboða í USA. Stórkostlegir afslættir sem kemur beint til lækkunar til þín hér heima. Þessa dagana hreinsa bílaumboðin út óseldan lager til að bæta fjárhagsstöðuna. Þú getur sparað fleiri hundruð þúsund og gert reyfarakaup! Hringdu núna og kynntu þér málið í síma 5522000. www.islandus.com.



Toyota Hiace árg. '04. Rauður að lit, dráttarkúla, ný dekk, með verksmiðju ábyrd. Verðhugmynd 1.750.000 þ. S. 893 9690.



Honda CR-V árg. '07 ek. 11000 km. Spoiler, litaðar rúður, stigbretti og vetrardekk fylgja. Uppl. í s. 868 6456.



Renault Laguna árg. '00. Ek. 100 km. Skoðaður '09. 5 gir. S. 616 2597.



Subaru Legacy árg. '99. Ek. 100. Ssk. S. 616 2597.



Nissan Almera '00 ek. 99 þ. Tilboð óskast. Uppl. í s. 616 2597.




Ford Econoline 1992 4x4 diesel ekinn 320þkm, 33" dekk ýmislegt nýtt í bílunum. Verð 1100þ eða aðeins 690þ staðgreitt Uppl í S:8959558



VW Golf 1400 ek. 138 þ. árg. '98. 5 gir. Bsk. Nýsk. Heilsársdekk. Verð 380 þ. Uppl. í s. 659 3459.

Saab 900 SE '94 6 d. V. 100 þús. S. 861 8630.


Góð Sónata árg. '98. til sölu. Nýskoðaður fjölskyldubíll. 8453844@visir.is.



6 Manna Bill á 165 þús
Fiat multipla 9/99 1600 5 gir, skoðaður '09, álfelgur, cd, sumar og vetrardekk, eyðir litlu miða við stærð, listaverð 330 þús TILBOÐ 165 ÞÚS. S. 841 8955.

Honda Accord 2.0 '95 töffaratýpa hláðinn aukabúnaði, auka skipting, ljós bretti og fleira fylgja. sjón er sögu ríkari. uppl. í 847 2335 og 848 5705

Ford Focus 2000 mód k. 70.000 nýsk. tilb 250.000 s:6626482



GULLMOLI, Mitsubishi Carisma árg. 1999. Ekinn 128 þúsund km, einn eigandi, algjör dekurbíll. Verð kr. 375.000.- Upplýsingar í síma 861 9312.




Ford Focus Station árg. '99 ek. 153 þ. ný nagladekk fylgja. Verð 390þ. S. 820 6890.



Sjálfskiptur jepplingur
Honda crv árg '98 4x4 sjálfskiptur,skoðaður '09, svartur, álfelgur, sílsarör, cd ofl.. ásett verð er 600 þús fæst á yfirtöku ca.550 þús 23 þús á mán. s.841 8955

1-2 milljónir
Toyota Hiace '04 Rauður með dráttarkúlu. Verksmiðjuábyrgð og nýlegum dekkjum. Verðh. 1750 þ. S. 893 9690.



2 milljónir +
Subaru Legacy Wagon Árg 06 Ek 22þús. bsk. Áhv 1½ mil. Verð 2,2 mil. Uppl. í síma 8973032



Óska eftir Toyota Landcruiser 120, diesel, sjálfskiptur árg. 2003 - 2005 í skiptum fyrir Range Rover 4.6L árg. 1995 ek. 150 þús m. nýupptekinni vél + stgr. Uppl. Benedikt s. 0047- 95978998 eða benvigg@online.no

Óska eftir Nissan Terrano. Ekki eldri en '97 Verðh. 200 þús. S. 845 0463.



Jeppar
MMC L200 árg. '00 ekinn 132 þ.km breyttur á 33" nýjum dekkjum. Brettakantar, krókur ofl. Flottur bíll „ónýt vél“ Verð 600 þús. S. 892 3885, Jón.



Fornbílar
Loksins falur gullmolinn minn Mercedes Bens '80. Til sölu er rétt tilb. fæst. Uppl. í s. 849 3230

Vespur
Vespa
Sem ný, litid ekin. Verð 140 þús. Uppl. í síma 866 0167.



föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 3. október 2008

ÁST, KYNLÍF OG PENINGAR

Pórdís Elva Þorvaldsdóttir
Bachmann er ungt og öflugt
leikritaskáld

✿ ÞYNGDI SIG UM SEX KÍLÓ

Jóhannes Haukur
Jóhannesson leikur
hrottalegan handrúkkara.

✿ HANNAÐI SNAGA

Ólöf Jakobína Ernudóttir
leggur Krabbameins-
félaginu lið í október.

✿ PLÖGGARI DAUÐANS

Ólafía Hrönn Jónsdóttir
framleiðir bolinn sem
hún skartaði hjá Loga.



Þú nærð góðum árangri með ULTRATONE

Við bjóðum Þingeyringa og nærsveitarmenn velkomna í hóp ánægðra viðskiptavina
- upplýsingar og pantanir í síma 868-8503

Reykjanesbær s. 421 1441 • Hafnarfjörður 544 5300 • Reykjavík s. 588 1166 • Selfoss s. 482 1616
Vestmannaeyjar s. 481 1482 • Seyðisfjörður s. 899 9429 • Akureyri s. 461 4970

Vantar Ultratone stofu í þitt bæjarfélag? Hringdu í s.869 7090 eða sendu línu á ultratone@simnet.is



núna

* vantar húshjálp



ELÍSABET RONALDSDÓTTIR KVIKMYNDAGERÐAKONA

Fastir helgarliðir eru börnin, sunnudagsvöflur, heitt kakó, vinkonur og plott um heimsyfirráð. Fyrir utan vinnu fer svo helgin í hillusmiðar heima fyrir og enn eina tilraun til að sigrast á þvottafjallinu. Það eru líka síðustu forvöð að ná sýningum RIFF og ég ætla alls ekki að missa af íslenskum stuttmyndum.



Engin kreppa

Eftir fréttir síðustu vikna hefur þjóðin haldið að sér höndum og reynt að passa hvern eyri. Það á samt ekki við um alla því það er engin kreppa hjá sjónvarpsstjórnunum Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur og Auðunni Blöndal. Þau eru bæði komin á glænýjar BMW-bifreiðar. Auðunn ekur um á splunku-nýjum koksgráum þristi og Ragnhildur Steinunn er komin á X3 sem er jepplingurinn úr BMW-fjölskyldunni. Ætli það sé hægt að fá far hjá þeim?



Rýrari en áður

Margir höfðu orð á því að Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórnarformaður Glitnis, væri óþekktur þegar hann birtist í fréttunum á mánudaginn. Það var ekki bara klippingin, breyttur fatastíll og nýju gleraugun sem framkölðuð svona mikla breytingu heldur hefur Þorsteinn Már rýrnað ákaflega mikið. Þetta er líklega á eina sviðinu sem rýrnun er talin góð og gild...



Jóhannes Haukur Jóhannesson leikur óþokka í Reykjavík Rotterdam

BÆTTI Á SIG **SEX** KÍLÓUM

Það var skemmtileg tilbreyting að fá að leika óþokka því ég er yfirleitt í gamanhlutverkum í leikhúsi," segir Jóhannes Haukur Jóhannesson leikari, sem leikur handrukara í kvikmyndinni Reykjavík-Rotterdam. „Það fylgdi hlutverkinu mikil útlitsbreyting. Ég lét vaxa á mig kleinhúring, snóða mig og bætti á mig sex kílóum því ég átti að vera massaður gaur," útskýrir Jóhannes, sem þreytir frumraun sína í kvikmyndaleik í myndinni.

„Það er frábært að byrja með fólki sem veit hvað það er að gera og mér fannst ég vera í góðum höndum með Ingvari E. Sigurðssyni, Baltasar Kormáki og Óskari Jónassyni," bætir hann við og segir tókurnar hafa verið heldur strembnar á tímabili. „Ég var í tókum í október og nóvember í fyrra. Tókurnar



Jóhannes Haukur Jóhannesson

fóru stundum fram á nóttunni og í eitt sinn lenti ég í því að vera vakandi í tvo sólahringa. Ég frumsýndi þá Skilaboðaskjóðuna um kvöldið og fór beint í tókur alla nóttina. Um morguninn fór ég svo að taka upp Stundina okkar til fimm um daginn, lék svo í sýningunni Leg um kvöldið og fór aftur í tókur heila nótt,"

segir Jóhannes og viðurkennir að þreytan hafi verið farin að segja til sín undir lokin. „Ég las mér til um hvernig maður á að halda þetta út, passaði að borða aldrei stórar máltíðir heldur ávexti á um það bil tveggja tíma fresti og fékk

mér ekkert gos eða sælgæti. Ég var kominn með svona innri skjálfta í Stundinni okkar og í síðustu atriðunum sem voru tekin upp fyrir kvikmyndina átti ég að vera nýbúinn í slagsmálum þar sem ég var barinn, svo ástandið á mér átti vel við," útskýrir Jóhannes.

Reykjavík-Rotterdam var forsýnd síðastliðið þriðjudagskvöld og aðspurður segist Jóhannes ánægður með útkomuna.

„Ég er ánægður með myndina og finnst hún bara helvíti góð. Maður vissi náttúrliga að Óskar Jónasson væri góður leikstjóri og mér fannst klippingin hjá Elísabet Ronaldsdóttur áberandi flott. Við leikarar erum sjálfstýrðir í eðli okkar og maður sér aldrei sjálfan sig í leikhúsi, svo það er fint að geta kíkt á sig þarna," segir Jóhannes og hlær.

- ag

Þetta HELST

„Bók sem ekki er hægt að leggja frá sér.“
Mail on Sunday

Petite Anglaise

Þegar draumalífið bregst
finnur hún ástina á netinu

Sönn lífsreynslusaga
af úthverfamóður
sem bristir upp í gráum
hversdagsleikanum.

NÝ KILJA

3. sæti

METSÖLULISTI
EYMUUNDSSON
Skáldverk /
vassabrot
3.10.08

JPV
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Eva Dögg lenti í leiðinlegri lífsreynslu

Húshjálpin flutti inn

Eva Dögg Sigurgeirsdóttur, verk-efnastjóra hjá Smáralind, brá heldur betur í brún þegar hún kom heim úr frí á dögnum. Húshjálpin sem var búin að vinna fyrir hana og manninn hennar, Bjarna Ákason, í þó nokkurn tíma, hafði flutt inn á heimilið án vitundar þeirra. „Okkur brá rosalega. Maður húshjálparinnar var úti á palli að hafa það gott, hún var að sjóða súpu, ís-skápurinn var fullur af mat frá þeim og nærfötin þeirra voru í þurrkanum," segir Eva Dögg og er mikið niðri fyrir. Hún var búin að láta húshjálpin vita að þau yrðu í burtu í tvær vikur og því þyrfti hún

ekki að koma. „Hún vissi hins vegar ekki að við ætluðum bara að vera viku í útlöndum og aðra viku í sumarbústað og kæmum heim á milli.“ Hvernig endaði þetta? „Þau hrökkludust út og voru frekar skömmustuleg. Ég bað hana um að koma ekki aftur. Mér leið hins vegar mjög illa enda er það vond tilfinning að vita til þess að einhver sem maður treystir skuli ekki vera traustsins verður. Ég veit að við erum ekki eina fólkið sem hefur keypt svona þjónustu og vil bara vara fólk við," segir Eva Dögg.

- MMJ



Eva Dögg Sigurgeirsdóttir Húshjálpin er ekki aúfúsugestur á heimili hennar lengur.

augnablikið



BJÖRGÓLFUR THOR leit út eins og hann væri að leika í nýjustu James Bond-myndinni þegar hann fór á fund Davíðs í Stjórnarráðinu. Það eru ekki margir sem geta leikið þetta eftir.

MYND/DANIEL

föstudagur

Útgáfufélag 365 prentmiðlar Ritstjóri Marta María Jónasdóttir martamaria@365.is
Penni Alma Guðmundsdóttir alma@frettabladid.is Forsíðumynd Stefán Karlsson
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
sigridurdagny@365.is sími 512 5462 Föstudagur Skaftahlöð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



Það er styrkur í Toppi
toppur[®]
HINDBERJA

10 KR. AF HVERJUM SELDUM ÚTRA
RENNUR TIL TÆKJAKAUPA FYRIR
LEITARSTÖÐ KRABBAMEINSFÉLAGSINS.




Bleika slaufan
-árveknisátak um brjóstakrabbamein

núna

* hittir í mark

SKAUT TVO HREINDÝRAKÁLFA Söngvarinn Páll Rósinkranz hefði átt að æfa sig svolítið betur áður en hann hélt á hreindýraveiðar á dögum. Í hita leiksins skaut hann hreindýrakálf í stað kýr. Hann lét sér ekki nægja að skjóta einn kálf heldur tók hann tvo. Líklega væri farsælast að halda sig bara við sönginn ...



Nemendaleikhúsið frumsýnir Gangverkið í kvöld

STJÖRNUR fram tíðarinnar

Nemendaleikhúsið frumsýnir Gangverkið eftir leikhópin í kvöld á Litla sviði Borgarleikhússins. Gangverkið er verk sem er unnið og samið á 8 vikum. Það er algjörlega unnið upp úr spuna, textum og hlutum sem leikhópurinn hefur safnað sjálfur í skoðun og rannsókn á vinnuumhverfi sínu, leiksviðinu. Hvernig getur leikarinn tjáð sig með sönnum hætti andspænis mekanisma leikhússins? Hvar er rými fyrir hjartað í vélinni?

Nafn: Stefán Benedikt Vilhelmsson
Fæðingardagur og ár: 22. september 1980
Uppáhaldsmatur: Fiskibollurnar hennar mómmu
Uppáhaldslag: Ósýnilegi maðurinn úr Gangverkinu
Hvað fékk þig til að fara í leiklistarnám? Mér þótti ljóst að íslenskt leikhús gæti ekki lengur án mín verið
Draumahlutverkið: Skuldlaus Íslendingurinn
Hvert stefnir þú? Ég ætla að sigra heiminn
Mesta afrekið: Að eignast Glitni

Nafn: Vigdís Másdóttir
Fæðingardagur og ár: 31. maí 1978
Uppáhaldsmatur: Minn eiginn og jólamaturinn hennar mómmu
Uppáhaldslag: Ósýnilegi maðurinn úr Gangverkinu
Hvað fékk þig til að fara í leiklistarnám? Ósejandi hungur og forvitni
Draumahlutverkið: Það er ekki til. Einungis draumaaðstæður, þ.e. að vera starfandi leikari.
Hvert stefnir þú? Upp
Mesta afrekið: Ég sjálf

Nafn: Walter Geir Grímsson
Fæðingardagur og ár: 25. nóvember 1977
Uppáhaldsmatur: Mötuneytið í Borgarleikhúsinu
Uppáhaldslag: Á ég að velja eitt? Hvaða snillingi datt það í hug? **Hvað fékk þig til að fara í leiklistarnám?** Orrí Helgason
Draumahlutverkið: Gosi í hálfum Gosabúningi og kunna ekki textann
Hvert stefnir þú? Í Juilliard
Mesta afrekið: Að búa til hann Gabriel

Nafn: Hannes Óli Ágústsson
Fæðingardagur og ár: 2. febrúar 1981
Uppáhaldsmatur: Plokkfiskur og lasagn- að hennar mómmu
Uppáhaldslag: Total Eclipse of the Heart með Bonnie Tyler
Hvað fékk þig til að fara í leiklistarnám? Óstöðvandi og ólýsandi þráhyggja
Draumahlutverkið: Að leika með góðu fólki í skapandi umhverfi er alltaf draumurinn sem rætist og það gerist oft sem betur fer. Já og Ríkharður III
Hvert stefnir þú? Inn í eilífðina
Mesta afrekið: Að hætta að reykja án teljandi vandkvæða og að komast á þann stað sem ég er á í dag.

Nafn: Lilja Nótt Þórarinsdóttir
Fæðingardagur og ár: 6. júní 1979
Uppáhaldsmatur: Fer eftir því í hvaða skapi ég er
Uppáhaldslag: Misjafn. Núna hlusta ég mikið á Time to Pretend með MGMT. Mjög viðeigandi
Hvað fékk þig til að fara í leiklistarnám? Ástriða, áhugi og stórir draumar
Draumahlutverkið: Öll hlutverk eru draumahlutverk
Hvert stefnir þú? Suðvestur
Mesta afrekið: Ekki búin að upplifa það ennþá

Nafn: Þorbjörg Helga Þorgilsdóttir
Fæðingardagur og ár: 3. júlí 1983
Uppáhaldsmatur: Núðlurætturinn hans Gulla
Uppáhaldslag: Paper Planes – M.I.A.
Hvað fékk þig til að fara í leiklistarnám? Óbilandi áhugi og forvitni
Draumahlutverkið: Það kemur í ljós
Hvert stefnir þú? Þangað sem leiðin liggur
Mesta afrekið: Ég bið spennt eftir mesta afrekinu

Nafn: Bjartur Guðmundsson
Fæðingardagur og ár: 13. febrúar 1982
Uppáhaldsmatur: Sesameleikjan frá Fylgifyskum
Uppáhaldslag: Rock 'n' Roll með Led Zeppelin
Hvað fékk þig til að fara í leiklistarnám? Ég var kominn með leið á íþróttum og langaði að breyta til
Draumahlutverkið: Að vinna í hópi þar sem ríkir eldmóður
Hvert stefnir þú? Langt
Mesta afrekið: Að horfa jákvæðum augum á lífið

Eykur styrk og þol vöðva Betri árangur!



Vöðvabólga og stírðleiki Byltingarkennt andoxunarefni!!

Lagar fljótt vöðvabólgu, stírðleika, eymsli, harðsperrur og sinaskeiðabólgu. Gefur aukna mýkt og vellíðan. Eykur styrk og þol vöðva. Greinilegur árangur við líkamsrækt, álagsvinnu og ferðalög.

Íþróttafólk og sjúkráþjálfarar mæla með AstaZan

AstaZan styrkir einnig húðina sem verður fallegri og fyrr brún í sól eða ljósabekk.



Fæst í apótekum, heilsubúðum og Fríhöfninni.
Rannsóknir staðfesta árangur - www.celsus.is



1 hylki á dag.
Virkar strax!



Utangáttabólurinn vakti mikla lukku Ólafía Hrönn ætlar að framleiða fleiri undir merkinu Lolella, í samstarfi við Elinu Þórhallsdóttur vinkonu sína.

Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikkona:

PLÖGGGAÐI Í BEINNI

Ég ætla að fara að framleiða þessa boli með vinkonu minni. Þeir verða alls konar á litinn og með alls konar krúsíðulli," segir Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikkona, sem vakti mikla athygli þegar hún mætti í bol merktum sýningunni Utan gátta í þætti Loga Bergmanns síðastliðið föstudagskvöld. Utan gátta verður frumsýnt 24. október næstkomandi í Þjóðleikhúsinu, en leikritið eftir Sigurð Pálsson og það er Kristín Jóhannesdóttir eiginkona hans sem leikstýrir.

„Ég lét gera svona bol til að auglýsa leikritið í viðtalinu. Djúkið við þetta var að vera ekkert að fela það að maður væri að plögga, en fólk kveikti svo á þessum bolum

og virtist alveg ætla að verða vitlaust í þetta svo við vinkona mín Elín Þórhallsdóttir ætlum að fara að framleiða undir merkinu Lolella," útskýrir Ólafía Hrönn.

„Ég litaði bolinn minn fjólu-bláan svo það er svona batikáferð á honum. Við fáum bolina alveg óunna, en klippum þá til, gerum þá aðsníðna, festum á þá alls konar skraut og leikum okkur með þá. Framan á stendur svo Utan gátta með mynd af mér þar sem ég er mjög utangátta á svipinn. Við ætlum að selja bolina í leikhúsinu, en sjáum til hvað við gerum ef þeir verða tilbúnir löngu fyrir frumsýningu, þetta er svo sjóðheitt og nýtt," segir Ólafía Hrönn. - ag

NÚ LOKAR HERRA HAFNARFJÖRÐUR FLJÓTLEGA VEGNA BREYTINGA

**NÝJAR
VÖRUR
ÞJÓÐNÝTTAR
Í BÚÐINNI**

Öll jakkaföt

kr 9.900,- •

Allir ullarfrakkar

kr. 6.900,- •

Allar ípróttatrejjur

kr. 4.900,- •

Allar skyrtur

kr 2.900,- •

Allar gallabuxur

kr. 4.900,- •

Herra
hafnarfjörður

Nú erum við þjóðnýttir

Firði Hafnarfirði | Sími 565 0073
Nú er opið til kl. 18 á laugardögum.

BÝÐUR UPP Í DANS

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann hefur getið sér gott orð sem leikskáld og leikkona. Aðeins 28 ára gömul hafa fimm verk verið sviðsett eftir hana.

Viðtal: Alma Guðmundsdóttir
Ljósmyndir: Stefán Karlsson

Þegar Þórdís Elva var sex ára gömul birtist grein um hana í tímaritinu Víkunni sem upprennandi listakonu. Þar var þó ekki verið að fjalla um leiklistina eða skrifin, heldur myndlist sem átti hug hennar allan sem barn.

„Sköpunarþörfin var svo mikil að einn daginn ákvað mamma að veggfóðra vegginn hjá mér inni í svefnherbergi með búðarpappír sem ég gat teiknað á og það leið ekki á löngu þar til ég hafði breytt herberginu í dýragarð með teikningum,“ útskýrir Þórdís. Hún segist lengi vel hafa verið óákveðin hvort myndlistin eða leikhúslífið yrði fyrir valinu. Hún byrjaði í Kvennaskólunum en skipti fljótlega yfir í Fjölbautaskólann í Breiðholti. Þar tók hún þátt í söngleikjum og öðrum uppákomum. Eitt leiddi af öðru og fékk hún aukahlutverk í Bláa hnettinum sem sýnt var í Þjóðleikhúsinu. Þegar hún varð stúdent dúxaði hún í FB. „Ég fékk skólalstyrk frá Rotary-samtökunum til framhaldsnáms og ákvað að fara til Bandaríkjanna til að læra leiklist því árið sem ég útskrifaðist var ekki haldið inntökupróf í leiklistarskólann hérna heima,“ segir Þórdís.

Þegar hún kom að utan þurfti hún að fá sér nýu til fimm vinnu meðfram því að koma sér á framfæri. „Hér eru engar umboðsskrifstofur fyrir leikara eins og úti og ekki sjálfgefið að detta inn í bransann. Ég fékk því vinnu hjá bílaumboði þar sem ég var á símanum og í móttökunni. Það var hrikalega leiðinlegt og að þessu tiltekna bílaumboði ölstuðu var þetta mjög tilbreytingasnautt starf. Eftir að hafa mastað Tetris á netinu og tekið leiðindin út í allskyns dægurvöl fann ég að ég varð að skapa eitthvað og fór ég svona að gamni að skrifa. Útkoman varð leikverkið Brotið og það má því eiginlega segja að ég hafi verið á listamannalaunum hjá bílaumboði,“ segir Þórdís og hlær.

Aðspurð segist hún alltaf hafa vitað að hún myndi leggja listina fyrir sig í einhverju formi. „Leikhús hefur það svoltið fram yfir önnur listform að það sameinar í raun öll form listar. Fyrir manneskju eins og mig er leikhús svoltið til suðupunkturinn þar sem allt mætist á einum stað, en ef einhver hefði sagt mér



Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann Hún byrjaði að skrifa þegar hún starfaði í bílaumboði.

að ég ætti eftir að verða leikskáld hefði ég bara hlegið,“ bætir hún við og brosir.

ÁST, PENINGAR, ÚTLIT OG KYNLÍF

Nýjasta verk Þórdísar Elvu, Fýsn, er nú sýnt í Borgarleikhúsinu og fjallar um nýgift hjón sem þurfa að horfast í augu við ógnvekjandi leyndarmál. Verkið er sigurvegur leikritasamkeppninnar „Sakamál á sviði“ sem LR stóð fyrir árið 2006 og var valið úr hópi rúmlega þrjátíu aðsendra leikrita. Fýsn er síðasta verkið í þrjúleik eftir Þórdísi, en fyrsta verk þrjúleiksins, Brotið, var sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu 2005, og í kjölfarið kom Hungur, sem var sýnt á litla sviði Borgarleikhússins 2006.

„Ég fór að skoða hvað það er sem nútímamanneskjan er með þráhyggju fyrir og að mínu mati eru það fjórir hlutir. Ást, peningar, útlit og kynlíf. Af þessum fjórum hlutum

fannst mér síst spennandi að skrifa um peninga,“ útskýrir Þórdís sem lifir og hrærist í sakamálum þessa dagana. Auk þess sem hún frumsýndi nýverið sakamála-leikritið Fýsn leikur hún í sakamálaþáttunum Svörtum englum sem hófu nýverið göngu sína á RÚV. „Þetta er svoltið óvenjulegt því ég hef ekki mikið verið að vasast í sakamálaefni í gegnum tíðina. Ég hef leikið hér og þar, en dró mig svoltið út úr sviðsleik fyrir um þremur árum til að sinna skrifunum því það togar meira í mig. Ég vil samt alls ekki að það falli í gleymsku að ég hafi leikaramenntunina og var ánægð með að vera boðið í prufu fyrir Svarta engla,“ segir Þórdís sem leikur einnig í sjónvarpsþáttunum Ástríði sem sýndir verða eftir áramót á Stöð 2 og vinnur að sinni fyrstu bók sem fjallar um ofbeldi.

„Þetta er bók sem ég er búin að vera að bíða eftir í mörg ár. Þegar ég var orðin þreytt á biðinni ákvað

ég að skrifa hana sjálf og hófst ég handa í júlí 2007. Það var ákveðið dómsmál sem gekk fram af mér og ég byrjaði á að skrifa bréf í blaðið sem óánægður almennur borgari, en þegar ég var komin á blaðsíðu níttján áttaði ég mig á því að ekkert blað myndi duga mér. Dómsmálið snerti mig ekki persónulega en mér finnst allir í samfélaginu hafa rétt á að segja sína skoðun á hlutum sem gerast innan kerfisins. Það vantar umfjöllun um þennan tiltekna málaflökk og það er ákveðin þagmælska sem sveipar hann svo mér fannst vera kominn tími til að einhver fjallaði um þetta og mér fannst ég ekki getað setið hjá,“ segir Þórdís um bókina sem er væntanleg fyrirpart næsta árs.

DANSADU VIÐ MIG

Með fjölda hlutverka og leiksýninga að baki leikur blaðamanni forvitni á að vita hvað stendur upp úr á ferlinum.

„Ég var spurð á fyrirlestri uppi í Háskóla um daginn hvaða verk ég héldi mest upp á og ég svaraði að mér fyndist það eiginlega eins og að spyrja móður hvert af börnunum sínum henni finnst fallegast. Í augnablikinu held ég kannski mest upp á Dansaðu við mig því ég er um það bil að fara að klippa á nafnastrenginn á því verki,“ segir Þórdís, sem mun frumsýna verkið í Iðno 24. október næstkomandi undir leikstjórn Jóns Gunnars Þórðarsonar. „Þegar maður fær hugmynd finnst mér það vera eins og getnaður. Svo er maður óléttur af hugmyndinni á meðan maður er að vinna hana. Fæðingin er svo fyrsti samlestur með leikurunum og frumsýning finnst mér svo vera eins og að klippa á naflastrenginn, því þá er hlutverki höfundarins lokið,“ bætir hún við.

„Dansaðu við mig sýnir allt aðra hlið á mér, því það sem hefur mest borið fyrir augu almennings af mínum verkum er þessi myrki þráhyggjuþrífleikur sem samanstendur af Brotinu, Hungri og Fýsn. Þetta er miklu hugljúfara verk sem er ekki jafn þungt í vöfum og ég held að fleiri geti samsamað sig því,“ segir Þórdís, en verkið fjallar um það þegar fólk laðast hvert að öðru án þess að vilja það eða mega. Leikarar í sýningunni eru Þrúður Vilhjálmssdóttir og Höskuldur Sæmundsson. „Sýningin er algjörlega sjálfstætt framtak og við sem stöndum að henni erum við stofnaður leikhópur sem köllum okkur Leikhús andanna. Þetta „barn“, Dansaðu við mig, þarf rosalega mikla athygli. Með svona sjálfstæðan leikhúsrekstur þarf maður að gera allt sjálfur og það gefur verið ljýjandi en líka mjög gefandi,“ segir Þórdís.

FYRIR FRAMAN LINSUNA

Þórdís var með Guðmundi Inga Þorvaldssyni leikara og tónlistarmanni um nokkurra ára skeið, en sambandi þeirra lauk í fyrra. Þórdís er nú laus og liðug, hefur í nógu að snúast og á sér spennandi framtíðardrauma.

„Ég er mjög ánægð með lífið og listina, en það er margt sem mig langar að prófa. Mér finnst ofsalega gaman að leika fyrir framan myndavél og einhvern veginn fer betur um mig þar en á sviði. Ég set það ekki fyrir mig hvaða form er á verkefninu svo lengi sem handritið er gott og hlutverkið er skemmtilegt og krefjandi,“ segir Þórdís. „Svo hef ég hef ekki enn séð kvikmyndahandrit eftir mig verða að veruleika og það er svona ókannaður draumur. Þó að kvikmynda- og leikhúshandrit séu ólík þarf maður að hafa góða tilfinningu fyrir samtölum og tímasetningum, svo ég hugsa að eitthvað af minni reynslu gæti nýst mér í þeim efnum,“ segir þessi hæfileikaríka kona að lokum.

bak við fjöldin

Stjórnumerki:
Ljón.

Besti tími dagsins:
Fer alveg eftir aðstæðum, deginum og félagskapnum.

Geisladiskurinn í spilaranum:
The Reminder með kanadisku tónlistarkonunni Feist.

Uppáhaldsverslunin:
Engin sérstök hérlendis en erlendis er það skranbúðin ógurlega Junkman's Daughter í Atlanta. Þar er hægt að fá

bókstaflega allt í heimi. Svo er alltaf gaman að koma inn í blómabúðir, þar er svo góð lykt.

Uppáhaldsmaturinn:
Sushi.

Ég lít mest upp til...
þeirra sem fylgja sannfæringu sinni og þora að taka áhættu.

Áhrifavaldurinn?
List, bæði léleg og góð. Það er

hægt að verða fyrir mjög sterkum áhrifum af hvoru tveggja.

Draumafrið?

Mig hefur alltaf langað að fara til Dúbaí. Það kemur mér fyrir sjónir sem eins konar ævintýraland; skíðabrekkur innanhúss, bílar úr silfri, hæsti tennisvöllur í heimi og skýjakljúfar sem hringsnúast.



✱ ekki tapa gleðinni

1

Skelltu þér í diskó-partí á Óliver í samvinnu við Þjóðleikhúsið. Daddi diskó skemmtir gestunum og ef guð lofar verða drottningararnar sem voru upp á sitt besta í Hollywood trylltar á dansgólfinu. Eftir þrjá vodka í vatn muntu gleyma öllum áhyggjum.



2

Settu á þig rauðan varalit. Þessi heitir Rouge Allure no. 60 frá Chanel og er engu líkur. Með rauðar varir ertu til í allt...



3

Hafðu toppinn niður í augu. Það mun kannski byrgja sjón en er það skiptir engu máli þegar útlitið er svona svart.



Gullið er það sem blívur núna. Þessi festi er frá D&G og fæst í versluninni Kultur í Kringlunni.



5

Farðu út að hlaupa. Með því að svitna smá pumpar þú gleðiorkunni upp í hausinn og þá mun þér líða betur.



Mundu að bjartsýnin er milljón dollara virði. Með hana að vopni muntu koma standandi út úr öllum hremmingunum.

Malene Birger sækir innblástur til diskótímabilsins

Danski hönnuðurinn Malene Birger er einn af vinsælustu hönnuðum Danmerkur. Í haustlínunni sækir hún innblástur til diskótímabilsins en einnig til kvikmyndarinnar American Gigolo. Það sést á sniðagerðinni og efnisvalinu að hún hefur verið í miklu stuði þegar hún teiknaði línuna. Þótt svart liturinn sé áberandi þá er hún óhrædd við að nota skærbleikan og appelsínugulan til að búa til hina einu og sönnu diskóstemningu. Íslenskar konur eru heppnar að geta nálgast fót frá Birger því þau fást í Companys, Kultur og Evu. martamaria@365.is

Diskóskytra Skærbleik skyrta frá Malene Birger.



Kultur



Companys



Naglalakk í stíl



Vetur 2008

munthe plus simonsen

Vatnsstígur 3, 101 Reykjavík, ph: 5520990

www.muntheplussimonsen.com

Útlit

* það er ekki hægt að nema það á brott

MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR martamaria@365.is

GENGIÐ FER ILLA MEÐ ÚTLITIÐ



Í liðinni viku var ég alveg á því að ég yrði að gera eitthvað í mínum málum. Ekki myndi þýða neitt minna en alvöru klössun með öllu tilheyrandi. Þessi þankagangur sveif yfir mig þegar tveggja ára sonur minn benti á mynd af gamalli grá-hærðri konu með staf og sagði „mamma“.

GRÁHÆRÐ OG TÖFF? Í sömu viku og mér var líkt við gráherðan ellilífeyrisþega skall kreppan á með fullum þunga. Það sem á undan hafði gengið var víst bara forleikurinn. Þegar þannig árar er það óumflýjanlegt að hugsa sinn gang og reyna að finna út ódýrar lausnir. Það er samt ennþá til fólk sem segist ekki finna fyrir neinu en ég hef komist að því að það er annaðhvort þeir sem ekkert eiga eða hinir sem hafa lag á því að stinga höfinu í sandinn. En hvað gera skvísur ef þær ætla ekki að vera reknar úr skvísufélaginu?

1. Tíndu saman allar gullhálsfestarnar þínar og hafðu þær allar um hálsinn á sama tíma. Þeir sem til þekkja segja að gullið falli aldrei í verði.
2. Læstu þig inni á baði með hárlit úr Bónus. Það sér enginn muninn.
3. Þússaðu skóna þína í staðinn fyrir að kaupa þér nýja.
4. Taktu gömlu fötin þín og reyndu að breyta þeim í ný.
5. Klíptu meiktúpuna þína í tvennt þegar þú heldur að innihaldið sé búið. Þú gætir komist nokkrar vikur á leifunum.
6. Vendu hárið á færri hárfvotta. Sérfræðingar segja að það dugi að þvo hárið einu sinni í viku.
7. Ekki kaupa þér flík nema hún sé hárrétt sniðin og fari þér vel. Hvað hefur maður ekki oft fyllt fataskápin sinn af einhverju sem klæðir mann alls ekki og endar í ónotaða haugnum?

EKKI TAPA HÚMORNUM Þegar ég var búin að fara yfir listann hér að ofan og var orðin frekar sáttt við mitt hlutskipti komst ég reyndar að því að sonur minn er kominn með húmor og er farinn að stríða í gríð og erg. Næst þegar hann líkir með við gráherðan ellilífeyrisþega mun ég bara „Haardera“ eða í versta falli segja „spegill“.

Smáatriðin skipta máli

Herráttikan haustið 2008 ilmar af ferskleika. Hönnuðurinn Paul Smith kys ávallt að fara aðeins aðra leið en hinir og notar sterka liti til að poppa upp smáatriðin. Hann vill alls ekki sleppa svörtu aðsniðnu jakkafötunum eða svarta rykfrakkanum. Hann er þó lunkinn við að láta þessi einföldu fót líta út fyrir að vera óhefðbundin. Hann vill hafa karlmenn í karrigulum sokkum við svörtu jakkafötin, bindin eiga að vera litrík og frekar laus um hálsinn. Þessi tvö atriði gera ákaflega mikið þegar heildarútlitið er skoðað.

Doppur eru málið. Og svo setur hárgreiðslan líka svip sinn á dressið.



Litrík bindi frá Paul Smith. Þau fást í Kultur í Kringlunni.



KENZO POWER Nýi herrailmurinn frá Kenzo er í sérlega strákalegum og flottum umbúðum. Lyktin er bæði svöl og svalandi og hentar öllum hreinræktuðum töffurum vel.



Eyliner-pensill
Gerir lífið mun auðveldara.

Bestu augnskuggarnir
Að mati Self Magazine 2008. Þú getur valið sjálf þína liti í augnskuggaboxið.

Hyljari og púður
Þetta kemur saman í umbúðum frá Bobbi Brown.

Long-Wear eyeliner

Rakaugnkrem frá Bobbi Brown
Grunnurinn að góðu útliti

Long-Wear eyeliner
Hann er rómaður af tímaritunum Elle og In Style, ekki ljúga þau?

Bobbi Brown veit hvernig á að hugsa um augun:

FULLKOMIN AUGNUMGJÖRÐ

Lykkillinn að góðu útliti, fyrir utan það að borða hollan mat og hvílast vel, er að hugsa vel um augnsvæðið. Þegar við erum frísklegar í kringum augun lítum við vel út. Bobbi Brown leggur áherslu á að næra þetta svæði vel. Byrjaðu á því að bera á þig Hydrating Eye Cream, sem hentar vel fyrir allar húðgerðir. Uppáhalds förðunarráð Bobbi Brown er að nota hyljara undir augun og því setti hún saman hið fullkomna sett sem er með undirhyljara, „concealer“ og púðri. Fyrst er undirhyljarinn borinn á en hann inniheldur gulan undirtón sem dregur samstundis úr dökkum baugum. Síðan er hyljarinn settur yfir og

eigin ásýnd meðal þjóða, bera eigin svip og ráða eigin orðsperi. Það hefur svosem heyrst, að íslensk ungmennti sum kynni sig erlendis sem Scandinavian, þessu fólki þarf að hjálpa heim til sín. Við þekkjum vel ofurkapp Skandinavanna að komast í sviðsljósið og á fjallirnar og því hreinasti óþarfi að Íslendingar séu að draga fyrir þá vagninn. Hérland þjóð hlýtur að ala með sér háfleygari draumsýn en þá að tyna sjálfri sér á ströndum Eyrarsunds.

Þrái menn yfirleitt að eiga hugfestu í stærri einingum ættu þeir að líta vel í kringum sig en gleyma því ekki að við erum Vesturlandabúar og svo lánsamir að horfa til beggja handa á meginþjóðir okkar virðingarmestu gilda, þjóðir sem eru sífellt reiðubúnar að færa fórnir í því skyni að stöðva sálsjúka valdaráningja og tefja framsókn öfgahreyfinga sem engu eira.

Það má greina einhvern skyldleika með hinum hugdaufu sem leita skjóls undir hinum sjálfumglaða skandinavíska anda og þeirra sem nú opinbera þá vantrú sína og eymd að vilja þvæla okkar þjóð inn fyrir múra Evrópubandalagsins. Íslendingar eru í flokki nær tvöhundruð sjálfstæðra þjóða í heiminum

sem láta ekki teyma sig í þesskonar sambönd sem svipta þær dýrkeyptu frelsi undir merkjum einhverrar hagfræðikenningar sem mun innan skamms víkja fyrir einhverri annarri kenningu. Þær 26 sem eru innan Evrópubandalagsins hafa fórnað meginþáttum sjálfákvörðunar en taka við æ fleiri skipunum frá „stjórnlyndum kaþólikkum í Frakklandi“. Sótt er að þeim sem vilja sem víðtækast sjálfstæði þjóðarinnar og þeir stimplaðir gamaldags þjóðernissinnar sem hræðist samstarf við aðrar þjóðir. Þarna fara menn vísvitandi með rangt mál og öfugmæli.

Sjálfstætt Ísland tekur fúslega og í vaxandi mæli þátt í allskyns samvinnu við aðrar þjóðir og hefur þegar sýnt tilþrif og dirfsku á þeim leiðum. Ef það ólán hendir þjóðina að verða fjötruð til vistar í hólfum gæslustjóranna í Brussel þurfa Íslendingar að taka fram gömlu bænaraskrárnar sínar og rifja upp orðalagið sem hentaði gagnvart nýlendustjórninni í Kaupmannahöfn, það verður væntanlega keimlíkt á kontórum Evrópubandalagsins.

Íslendingar þurfa ekki að setja á sig skandinavískan svip eða bera grímu ætlaða meginlandsbúum í Evrópu svo að einhverjir gosar í þeirra löndum komist „til aukinna áhrifa í heiminum“ og telji sig kjörna til að gefa út digurbarkalegar yfirlýsingar á blaðamannafundum; það getum við gert sjálfir.

Höfundur er læknir.

Nú ökum við aftur undir bleikum merkjum



Ný sókn er hafin


Stöndum saman og styrkjum Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands

Af hverri pantaðri ferð leigubílastöðvarinnar, í október og nóvember, styrkjum við átaksverkefni Krabbameinsfélagsins til fjáröflunar á bættari tækni við brjóstakrabbameinsleit.

Hreyfill/Bæjarleiðir er styrktaraðili átaksverkefnis Krabbameinsfélagsins. Við höfum í því tilefni sérmerkt bílana okkar með bleikum taxaljósum.

„Bleika slaufa“ Krabbameinsfélagsins er til sölu í bílum okkar frá 1. – 15. október.

Pantaðu bleikan bíl næst þegar þú pantar leigubíl!





60 ára afmæli

Í dag, föstudaginn 3. október er hann

Einar

60 ára. Af því tilefni verður hann með opíð hús á heimili sínu, Miðtúni 8, Sandgerði frá kl. 18.00.

Vinir og vandamenn, verið velkomin.



70 ára afmæli

Þann 7. okt '08 verður

Lárus Lárberg Guðmundsson

frá Grundarfirði, sjötugur. Af því tilefni hafa synir hans ákveðið að halda honum smá veislu í Turninum í Firði, Hafnarfirði, laugardaginn 4. október '08. Tekið verður á móti gestum milli klukkan 17.00 og 19.00 og vonast þeir til þess að sem flestir ættingjar, vinir og samferðamenn sjái sér fært að koma og fagna þessum áfanga með honum.

BANDARÍSKA SÖNGKONAN GWEN STEFANI ER 39 ÁRA Í DAG

„Stundum þarf að fórn frammistöðunni fyrir háa hæla.“

Gwen Stefani hefur, fyrir utan það að gefa út popptónlist, reynt fyrir sér sem tiskuhönnuður og leikkona. Nýjasta breiðskífa hennar heitir „The Sweet Escape“ en hún kom út árið 2006.



PETTA GERÐIST 3. OKTÓBER 1990

Pýskaland sameinað

Þennan dag árið 1990 sameinuðust Þýska alþýðulýðveldið og Sambandslýðveldið Þýskaland.

Eftir síðari heimsstyrjöldina var Þýskalandi skipt í tvennt þar sem hernámssvæði Sovétmanna myndaði Þýska alþýðulýðveldið eða Austur-Þýskaland, og hernámssvæði bandamanna (Bandaríkjamanna, Bretanna og Frakka) myndaði Sambandslýðveldið Þýskaland eða Vestur-Þýskaland.

Með falli Berlínarmúrsins og lokum kalda stríðsins voru ríkin tvö sameinuð á ný. Berlín varð á ný höfuðborg Þýskalands en landið er fjölmennasta ríki Vestur-Evrópu og lykilmélimur í Evrópusambandinu.



tímamót

timamot@frettabladid.is



Maðurinn minn,

Ingvaldur Valgarður Holm Einarsson

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Ljósheimum, Selfossi. Útför hans fer fram frá Selfosskirkju þriðjudaginn 7. október kl. 13.30.

Helga Símonardóttir börn, tengdabörn, barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóhanna Kristjánsdóttir

sem lést á Dvalarheimilinu Jaðri, Ólafsvík, laugardaginn 27. september, verður jarðsöngin frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 4. október kl. 14.

Jenny Guðmundsdóttir Jónas Gunnarsson
Bára Guðmundsdóttir Pétur F. Karlsson
Kristín E. Guðmundsdóttir Pétur P. Karlsson
Metta S. Guðmundsdóttir Sigurður P. Jónsson
ömmu- og langömmubörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðriður Friðriksdóttir

Furugerði 1, Reykjavík,

andaðist að heimili sínu, föstudaginn 26. september sl. Útförin fer fram frá Fossvogskapelli, þriðjudaginn 7. október nk. kl. 13.00.

Helgi Guðmundsson Sóley Theodórsdóttir
Eygló Pétursdóttir Stefán Stefánsson
Fríður Pétursdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar,

Kristín Pálsdóttir

Ægisgötu 17, Akureyri,

lést sunnudaginn 28. september á Gjörgæsludeild Landspítalans. Útförin verður auglýst síðar.

Páll Baldursson
Erla Baldursdóttir
og fjölskyldur.



Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðlaug Gísladóttir

frá Hvalsnesi, Borgarholtsbraut 73, Kópavogi,

verður jarðsöngin frá Hvalsneskirkju laugardaginn 4. október kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Gjafasjóð Hvalsneskirkju, Sparisjóðnum í Sandgerði sími: 423 8190, reikn. 1190-15-37318.

Tómas Grétar Ólason Matthías Guðm. Pétursson
Margrét Tómasdóttir Anna Guðrún Tómasdóttir
Matthías Kjartansson
Guðlaug Þóra Tómasdóttir
Daniel Þór Ólason
Magnea Tómasdóttir Pétur Gauti Valgeirsson
ömmubörn og langömmubarn.



Ástkær móðir okkar, dóttir og systir,

Erla Jónína Jónsdóttir

andaðist á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi aðfaranótt miðvikudagsins 1. október. Útför verður auglýst síðar.

Jón Marel Magnússon Snjólaug Valdimarsdóttir
Ída Bjarklind Magnúsdóttir
Ída S. Sveinbjörnsdóttir
Jón Hreinsson
og systkini hinnar látnu.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Birgir Valdemarsson

Huldugli 8, Akureyri,

lést mánudaginn 22. september. Að ósk hins látna fór útför hans fram í kyrrþey frá Höfðakapelli þriðjudaginn 30. september. Þökkum öllum ættingjum og vinum fyrir auðsýnda samúð og hlýhug.

Kolbrún Theodórsdóttir Gunnhildur Einarsdóttir
Björgvin Birgisson
Póra Guðný Birgisdóttir
Harpa Birgisdóttir
og afabörnin.



Ástkær dóttir okkar, systir, barnabarn og frænka,

Hrafnhildur Lilja Georgsdóttir

sem lést 21. september sl. verður jarðsett frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 4. október kl. 14. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Björgunarsveitina Tind í Ólafsfirði.

Líney Hrafnadóttir Georg Páll Kristinnsson
Hanna Stella Georgsdóttir Daniel Þór Gunnarsson
Alvilda María Georgsdóttir Heiðar Brynjarsson
Lilja Kristinsdóttir
Kristinn Georgsson
Líney Mist Danielsdóttir



ÓTTAST EKKI Sif segist ekki verða vör við það að íbúar í Vík óttist Kötlu. „Við treystum því að hún gefi okkur merki.“ MYND/ÚR EINKASAFNI

KATLA: 90 ÁRA GOSAFMÆLI

Á sinn stað í huga okkar

Menningarhátíðin Regnboginn – list í fögru umhverfi verður haldin í annað skipti í Vík í Mýrdal um helgina. Að þessu sinni verður sjónum sérstaklega beint að eldstöðinni Kötlu sem á 90 ára gosafmæli á árinu.

„Katla, sem er í Mýrdalsjökli beint upp af bænum, hefur ávallt átt sinn stað í huga Mýrdælinga og þó að þeim sé nú farið að fækka sem muna atburðina 1918 sér eldstöðin til þess að hún gleymist ekki með reglulegum jarðhræringum,“ segir Sif Hauksdóttir, kennari í grunnskólanum á Vík og formaður menningarmálanefndar bæjarins, og segir stuttlega frá atburðinum 1918. „Þetta var eitt af stærstu gosum sögunnar. Katla byrjaði að gjósa seinni part dags hinn 12. október en áður höfðu verið einhverjar jarðhræringar á svæðinu. Kötlugosin eru öflug þeytigos og þeim fylgir gjarnan mikið gjóskufall og gríðarlegt jökulhlaup og varð engin undantekning á því í þessu gosi. Það olli talsverðum breytingum en Mýrdalssandur hækkaði og ströndin færðist út á stórum kafla. Vík slapp þó vel enda lá gosmökkurinn til austurs.“

Kötlugos á sögulegum tímum eru talin um tuttugu og er tíminn á milli gosa mislangur, eða allt frá þrettán til átta tíu árum. Nú eru liðin níttíu ár frá síðasta gosi og því má búast má við því að eldstöðin fari að láta á sér kræla. Sif segist þó ekki hafa orðið vör við nokkurn ótta við Kötlu. „Við vitum af henni og erum vel upplýst um það sem hugsanlega gæti gerst ef hún fer að gjósa. Eins treystum við því að hún gefi okkur merki.“

Um helgina er ætlunin að gera eldstöðinni hátt undir höfði. Við opnun menningarhátíðarinnar verða kynntar hugmyndir um menningarmiðstöð og Kötluasetur í Vík. Hugmyndin er að þar verði hægt að stunda rannsóknir á sviði náttúruvísinda og þá meðal annars nánari rannsóknir á Kötlu. Þá verður sýningin Mýrdalur – mannlíf og náttúra opnuð að nýju í menningarsetrinu Brydebúð en nú hefur verið aukið verulega við þátt Kötlu í henni. Eins verður haldið málþing um Kötlu þar sem próffessorar í jarðeðlisfræði og landafræði flytja erindi ásamt öðrum.

„Síðan verðum við með skemmtidagskrá alla helgina og bjóðum upp á tónlist, leik- og myndlist en nánari upplýsingar um dagskrána má nálgast á www.vik.is.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar sendist á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

ÚTSÖLU MARKAÐUR

DVD MYNDIR
VERD FRÁ **395**

Tónlistar DVD
VERD FRÁ **995**

Geisladiskar
VERD FRÁ **695**

Tölvuleikir
VERD FRÁ **995**

PS2/PS3/NDS/WII/PC/X360/PSP

Guitar Hero PS3 **69.666**

Brothers in Arms: Hell Highway PS3 **8.495**

Star Wars Force Unleashed PS3 **8.395**

Spore PC **5.495**

Sex & the City Movie DVD **2.195**

Klovn DVD **3.495**

Dóna Tappa Tuning DVD **2.195**

Litlur Sári DVD **2.195**

AFGREIÐSLUTIMI Virkir dagar: 11-19 Laugardagar: 11-18 Sunnudagar: 12-18	ELKO LÁN Við ljóðum hugtæð ELKO lán á allar vörur til allt að 59 mánaða. Lánin eru með 3% lántökugjaldi og breytilegum vöxtum sem í dag eru 20,7% miðað við Visa og Euro en 22,95% miðað við kennitölulán auk 250 kr smáskjalgjalds á hverju greiðslu.	LÁGT VERÐ UM LAND ALLT Þú nýtur líga verðsins í ELKO, hvar sem þú ert á landinu. Farðu inn á vefverslun okkar www.ELKO.is og þarftu það sem þú vilt kaupa og við sendum þér vörurnar heim. Kostnaður og heimsendingarmöguleikar eru háðir greiðslumáti og stærð tækja.	VIÐGERÐARÞJÓNUSTA ELKO býður bæði örugga og sérhæfða viðgerðarþjónustu á öllum þeim tækjum sem seld eru í verslaninni. Allar nánari upplýsingar er að finna á www.ELKO.is	Íslenskur texti á DVD myndum Til að halda verði í lágmarki eru auglýstar DVD myndir í sumum tilfellum ekki með íslenskum texta. Allar nánari upplýsingar er að finna á umbúðum og hjá aðlumönnum.
---	--	---	--	---

Kæpur DVD myndir og tækja geta verið mismunandi milli sendinga. Blaðið gildir 29. sept. - 5. okt. 2008. Öll verð eru birt með fyrirvara um myndabreytingar og/edra prentvillur. EXPO V4008/B1

Ég styð verkefnið VERNDARAR BARNA

Það er á okkar ábyrgð að vernda börnin!

Það eru engar auðveldar, algildar og gulltryggðar lausnir á þeim vandamálum sem tengjast kynferðisofbeldi á börnum. Bestu viðbrögðin í einum aðstæðum eru ekki endilega besti kosturinn í öðrum. Verndarar Barna námskeiðið mun gefa þér ógrynni upplýsinga sem munu auðvelda þér að finna þín eigin svör – hver svo sem tengsl þín við vandann eru.

Ein af hverjum fimm stúlkum og einn af hverjum tíu drengjum verða fyrir kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur. Markmið okkar er að fyrirbyggja kynferðisofbeldi á börnum.

Við bjóðum þér að slást í lið með okkur.



Brynhildur Guðjónsdóttir

Kynntu þér verkefnið Verndarar barna inn á www.blattafram.is

BLATT ÁFRAM!

GLITNIR Velferðarsjóður barna

Glitnir og Velferðarsjóður barna eru stoltir bakhjarlar "Verndarar barna"



NOKKUR ORÐ

Kjartan

Guðmundsson



Tombóla! Hellingur af núllum!

Það getur verið vandasamt að skrifa fréttir á þessum tímum skuldaspá, gjaldþrota og bjargaráætlana. Vandinn felst einna helst í að koma því sæmilega skiljanlega frá sér um hverslags fjárupphæðir er að ræða, og hvað þær þýða í raun og veru. Það er erfitt að fá ekki á tilfinninguna að hinn almenni lesandi botni varla í þessum óteljandi núllum sem hnýtt er aftan á hinar og þessar tölur, eða greini lengur muninn á trilljónum, billjónum, silljónum, og guðjónum. Þetta er hausverkur.

Einhver góður maður vestra reiknaði út að fyrir þá 700 milljarða dollara sem átti að nota til að redda strákunum á Wall Street fyrir horn mætti kaupa tvö þúsund McDonalds eplabökur handa hverjum einasta Bandaríkjamanni. Svona útreikningar

hjelpa meðalþjóni eins og mér að tengja við tölurnar. Ég þekki mínar eplabökur. Lítum á nokkrar af þessum ofurfjárhæðum sem kastast hafa milli frétta síðustu daga. Ríkið spýtti 84 milljörðum króna inn í Glitni. Fyrir þá upphæð hefði verið hægt að fjárfesta í 28 milljón eintökum af bók Davíðs Oddssonar „Nokkrir góðir dagar án Guðnýjar“, og færa öllum íbúum Úganda að gjöf. Ekki verra að hafa Úgandamennina góða á þessum síðustu og verstu. Gert er ráð fyrir 57 milljarða króna halla á rekstri ríkissjóðs á næsta ári. Sú upphæð hefði dugað til að halda 1.843 sinnum upp á 1. desember með pompi, pragt og blöðrum til að hjálpa forseta Íslands að gleyma krepunni. Að lokum hefðu þeir 60 milljarðar sem Jón Ásgeir tapaði á þjóðnýtingunni nægt fyrir sextán milljón herraklippingum á Rakarastofu Gríms, Efstalandi 26. Þetta er kannski ekki svo flókið þrátt fyrir allt.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Vinsælustu

heimilistækin á frábæru verði

OPIÐ
til **20**
alla daga

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

exido
STEEL SERIES



Exido ketill og pressukanna

- 245059
- 1 lítra ketill
- 1800w
- Snúrlaus
- 1 lítra Pressukanna
- Ryðfrítt stál

6.990kr

FRÁBÆRT VERÐ

Melissa



Melissa samlokugrill 643096

- 750w
- Samlokugrill fyrir 2 sneiðar
- Litur: Hvítur

2.690kr

FRÁBÆRT VERÐ

Melissa



Melissa kaffivél 645112

- 800w kaffivél
- 1,2 lítra - 10 bollar
- Dropastoppari
- Litur: Hvít

2.690kr

FRÁBÆRT VERÐ

KENWOOD



Kenwood hrærivél KMX51

- Vönduð Kenwood kMix hrærivél
- 500w hljóðlátur mótur
- K járn, brauðhnoðari og þeytari fylgja
- Sjálfvirk styrkstilling, heldur sama styrk þó meira bættist í skálina
- Fjöldi aukahluta fáanlegur við vélina
- 4,6 lítra stálskál
- Litur: rauð

39.990kr

Verð áður 42.990

PHILIPS



Philips straujárn GC1703

- 1400w
- Ál botn
- 3 stillingar
- Allt að 15 gr/min af gufu

4.490kr

FRÁBÆRT VERÐ

KENWOOD



Kenwood blandari BLX51

- Kenwood kMix blandari
- Öflugur 800w mótur
- 1,6l glerskál
- Hægt að taka hnifa frá til að hreinsa
- Gúmmítappar undir fyrir betri stöðuleika
- Þyngd: 6,2kg
- Litur: Rauður

17.990kr

Verð áður 19.990

elna



Elna saumavél ELNA2130

- 23 sporgerðir
- Þægilegt að velja rétta sporið með einfaldri stilliskífu
- Auðvelt er að auka sporlengdina
- Sporbreidd er auðveldlega stillanleg frá 0-5 mm.
- Nál stillanleg frá miðu og aukahlutageymsla
- Innbyggð spóluvinda og áfastur tvinnahnifur
- 5 gerðir saumfóta fylgja
- "Overlock,"
- Íslenskur leiðarvísir fylgir

29.990kr

FRÁBÆRT VERÐ

elna



Elna saumavél ELNA2110

- 15 sporgerðir
- Þægilegt að velja rétta sporið með einfaldri stilliskífu
- Auðvelt er að auka sporlengdina
- Sporbreidd er auðveldlega stillanleg frá 0-5 mm.
- Nál stillanleg frá miðu og aukahlutageymsla
- Innbyggð spóluvinda og áfastur tvinnahnifur
- 5 gerðir saumfóta fylgja
- "Overlock,"
- Íslenskur leiðarvísir fylgir

26.990kr

FRÁBÆRT VERÐ

Gildir til 9. október eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



Kl. 21

Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur tónlist sem innblásin er af Gamelan-tónlist frá Indónesíu á tónleikum í Háskólabíói í kvöld kl. 21. Á efnisskrá eru verkin Tabuh-Tabuhan eftir kanadíska tónskáldið Colin McPhee og Wish You Were Here eftir Bandaríkjamanninn Nico Muhly. Ad tónleikum loknum verður efnt til eftirpartís þar sem tónleikagestir og hljómsveit sletta úr klaufunum saman.

menning

menning@frettabladid.is

Fimm íslenskar myndir

Fimm íslenskar myndir verða Íslandsfrumsýndar á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík í dag og í kvöld. Fyrsta má nefna heimildar myndina Dieter Roth Puzzle í leikstjórn Hilmar Oddssonar sem frumsýnd verður í Regnboganum kl. 20.30. Í kjölfar kvikmyndasýningarinnar mun leikstjórinn sitja fyrir svörum.

Við gerð myndarinnar lagði Hilmar land undir fót og ferðaðist til fjölda landa til að safna bútum og brotum sem tengjast Roth. Efniviður myndarinnar er að mestu minningar fjölskyldu, vina og starfsbræðra sem og mat sérfróðra.

Þá verða fjórar íslenskættaðar stuttmyndir sýndar saman kl. 17 í Regnboganum. Þær eru Smáfuglar, mynd Rúnars Rúnarssonar sem farið hefur sigurför um heiminn, Naglinn eftir Benedikt Erlingsson, Harmsaga eftir Valdimar Jóhannsson og breska myndin Aðskotadýr sem Jóhann Jóhannsson semur tónlistina við.

Leikstjórar þriggja fyrstu myndanna, Rúnar, Benedikt og Valdimar, verða á sýningunni og svara spurningum áhorfenda að henni lokinni. Rúnar Rúnarsson er einn efnilegasti leikstjóri Íslendinga. Hann var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir stuttmyndina Síðasti bærinn, og Smáfuglar hafa flogið á flestar helstu kvikmyndahátíðir ársins til þessa. Hann er nú að klára kvikmyndanáms í Danmörku og vinnur að handriti að sinni fyrstu mynd í fullri lengd.

Benedikt Erlingsson hefur undanfarið sýnt einleikinn Mr. Skallagrímsson fyrir fullu húsi í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Hann þreytti frumraun sína sem kvikmyndaleikstjóri með stuttmyndinni „Takk fyrir hjálpið“ en er annars öllu þekktari fyrir leikstjórn og leik á sviði.

Valdimar Jóhannsson hefur unnið við kvikmyndagerð frá árinu 1999. Fyrsta stuttmynd hans, Þjakkur, kom út árið 2003 og hefur verið sýnd í meira en fimmtíu löndum.



HILMAR ODDSSON KVIKMYNDALEIKSTJÓRI Situr fyrir svörum á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík í kvöld.

- vþ

Gangverk leikhúsa

Fyrsta verkefni Nemendaleikhússins í vetur, sýningin Gangverkið, verður frumsýnt í kvöld á Litla sviði Borgarleikhússins.

Gangverkið er sýning sem leikhópurinn vann og samdi á átta vikum. Það er algjörlega unnið upp úr spuna, textum og hlutum sem leikhópurinn hefur safnað sjálfur í skoðun og rannsókn á vinnuumhverfi sínu, leiksviðinu. Verkið kannar spurningar sem standa leikhúsfólki nær og er afkasturinn sá að leikhúsmiðillinn tekst á við sjálfan sig í sýningunni.

Leikstjóri er Kristín Eysteinsdóttir og aðstoðarleikstjórar eru Hlynur Páll Pálsson og Friðgeir Einarsson. Um leikmynd og búninga sér Ilmur Stefánsdóttir, um lýsingu Arnar Ingvarsson og um tónlist og hljóðmynd G. Karel Másson.

Nemendaleikhúsið skipa þau Bjartur Guðmundsson, Hannes Óli Ágústsson, Lilja Nótt Þórarinsdóttir, Stefán Benedikt Vilhelmsson, Vigdís Mássdóttir, Walter Geir Grímsson og Þorbjörg Helga Þorgilsdóttir.



NEMENDUR LEIKA Mynd úr sýningunni Gangverkið í flutningi Nemendaleikhússins.

Dæmið um Janis Joplin

Nýr söngleikur eftir Ólaf Hauk Símonarson um feril blússöngkonunnar frá Texas, Janis Joplin, verður frumsýndur í Íslensku óperunni í kvöld.

Það er Óperan sem stendur fyrir sýningunni en fátítt er að hún standi fyrir sviðsetningum sem eru ekki beint úr verkasafni sígildra óperuverka.

Ævi Janis Joplin hefur orðið mörgum að yrkisefni. Grundvöllur þess áhuga er fyrst og fremst falinn í þeim fáu hljóðritunum sem varðveittar eru með söngkonunni en hún vann að mestu við tónlistarstörf í nær sjö ár frá tvítugsaldri þar til hún lést af ofneyslu á heróíni og áfengi rétt 27 ára gömul. Þá orðin heimsfrögn: hún var einn af mörgum listamönnum sem þutu upp frægðarstigann og fengu gildan útgáfusamning eftir Monterey-hátíðina í júní 1967 sem opnaði frægðarbrautina fyrir Jimi Hendrix, The Who, Janis og Otis Redding.

Mánuði síðar kom fyrsta plata hennar út með Big Brother and the Holding Company, Cheap Thrills, sem seldist á mánuði í einni milljón eintaka. Hún átti á næstu þremur árum eftir að vinna með tveimur öðrum böndum og senda frá sér tvær plötur: I Got Dem Ol' Kozmic Blues Again



LEIKLIST Bryndis og Ilmur í hlutverki sínu í tvíleik eftir Ólaf Hauk Símonarson um Janis Joplin.

MYND/KRISTJÁN MAACK

Mama! (1968) og loks Pearl sem kom út 1971 að henni látinni.

Janis var í hópi þeirra sem féllu í valinn vegna eiturfjaneyslu: Brian Jones, Jim Morrison, Jimi Hendrix og Janis voru þau þekktustu, en kokkteillinn var blanda af spítta, áfengi, hassi og heróíni, sem var banvænast þeirra efna sem voru á ferðinni. Janis var búin að sprauta sig um árabíl þá hún var öll.

Í sviðsetningu Sigurðar

Sigurjónssonar syngur Bryndis Ásmundsdóttir efni Janis og Ilmur Kristjánsdóttir leikur hana. Aðrir koma ekki fram í sýningunni en hljómsveitina skipa Jón Ólafsson, Guðmundur Pétursson, Stefán Magnússon og Börkur Hrafn Birgisson, Ingi Björn Ingason og Kristinn Snær Agnarsson. Leikmynd gerir Finnur Arnar Arnarson sem Björn Bergsteinn lýsir en búninga annast Þórunn Elísabet Sveinsdóttir.

pb@frettabladid.is



Þjóðleikhúsið

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Ástin er diskó, lífið er pönk

Hallgrímur Helgason

Ekki missa af eldfjörugum söngleik fös. 3/10, lau 4/10 **örfá sæti laus**

Klókur ertu, Einar Áskell

Bernd Ogronik

Heillandi og krúttleg brúðsýning fyrir yngstu börnin sun. 5/10 þrjár sýningar, **örfá sæti laus**

Skilaboðaskjóðan

Þorvaldur Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson

Geysivinsælt ævintýri fyrir alla fjölskylduna! sun. 5/10 kl. 13 **örfá sæti laus**

Engisprettur

Biljana Srbijanovic

Heillandi leikhúsvésla Aðeins þrjár sýningar eftir sun. 5/10 **örfá sæti laus**

Macbeth

William Shakespeare

forsýn. fim. 2/10 **uppselt** frumsýn. sun 5/10 **uppselt**

Hart í bak

Jökull Jakobsson

Frumssýning 17. október **Örfá sæti laus** á fyrstu fimm sýningarnar **Tryggðu þér sæti!**

www.leikhusid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 3. október

→ Tónleikar

20.00 Pönkhljómsveitin Die

Young spilar á Gamla Bókasafninu, Mjósundi 10, Hafnarfirði. Einnig koma fram Gavin Portland, Muck og We Made God.

21.00 Brasilíski píanóleikarinn og söngvarinn Paulo Malaguti verður með tónleika á Kaffi Rósenberg við Klapparstíg.

21.00 Færeyska folk-metal hljómsveitin Týr spilar á Græna hattinum, Hafnarstræti 96, Akureyri.

→ Opnanir

19.00 This Is a Circle Listamennirnir Natalija Robovic og Toru Fujita opna sýningu í Gallerí Dvergi, Grundarstíg 21. Sýningin verður einungis opin um helgina frá 16-19.

→ Kvikmyndir

20.00 Ragnarök Heimildarmynd um Íslendingasögurnar og goðafræðina eftir Franz og Gabrieli Kafka verður sýnd í Félagsheimilinu á Þingeyri.

RIFF Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík stendur til 5. okt. Nánari upplýsingar á www.riff.is.

→ Síðustu Forvöð

Nýtt líf í Japan Helga Birgisdóttir sýnir verk í Kirsuberjatrénu, Vesturgötu 4.

Sýningin stendur til 4. október. Opnið í dag 11-18 og laugardag 11-15.

→ Sýningar

HEIMA - HEIMAN, líf flóttamanna og hælisleitenda á Íslandi. Sýning Katrínar Elvarsdóttur ljósmyndara og Sigrúnar Sigurðardóttur menningarfræðings í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Opnið virka daga frá kl. 12-19 og um helgar 13-17.

START ART Átta listamenn sýna í START ART, Laugavegi 12b: Ragnhildur Stefánsdóttir, Kristín Reynisdóttir, Björn Birnir, Björn Valdimarsson, Gréta Guðjónsdóttir, Kristveig Halldórsdóttir, Ása Ólafsdóttir og Þórdís Alda Sigurðardóttir. Opnið þri.-lau. frá 13.-17.

Upplýsingar um viðbörð sendist á hvar@frettabladid.is

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA Á midl.is
www.osk.is stendur fyrir sýningunni.

TEKJUHÉSTA MYND ALLRA TÍMA

SÉRSTÖK FJÖLSKYLDUSÝNING!



JÓNSI & BIRGITTA HAUKDAL HITA UPP MANNKAPINN ÁSAMT UNDIRLEIK

SUNNUDAGINN 5. OKTÓBER KL. 15.00

KLÚBBABLAÐIÐ ER KOMIÐ!

Komdu
í Hagkaup
í dag!



Komdu í saumaklúbb!

Hagkaup, Pataks og Gestgjafinn bjóða þér í saumaklúbb!

Komdu í Hagkaup Skeifunni, Kringlunni eða í Garðabæ milli kl 15 og 19 í dag.

Í boði verður girnilegur kjúklingaréttur frá Pataks, sem er einn af 100 klúbbaréttum Gestgjafans að þessu sinni. – Komdu og njóttu!

Kynntu þér frábær áskriftarkjör í síma 515 5555 eða sendu okkur póst á askrift@birtingur.is

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



THE VIKING GIANT SHOW



OASIS

Menn ársins með plötu

Poppsveitin Menn ársins er að senda sér sína fyrstu plötu, sem er samnefnd sveitinni. Platan var tekin upp í sveitahljóðveri í Danmörku í nóvember í fyrra.

Að sögn Sváfnis Sigurðarsonar, gítarleikara og söngvara, voru aðstæður þar stórfínar. „Að vera vakinn í morgunmat, kallaður í hádegismat og kvöldmat og sinna svo eingöngu hugðarefnum sínum þess á milli er eitthvað sem enginn okkar hefur upplifað síðan í barnæsku,“ segir hann. „Við vorum auk þess svo lukkulegir að getað smalað saman hinum og þessum kunningjum, dönskum og íslenskum tónlistarmönnum, sem lögðu okkur lið á langri leið.“

MENN ÁRSINS Haraldur Vignir Sveinbjörnsson, Sigurdór Guðmundsson, Kjartan Guðnason og Sváfnir Sigurðarson skipa hljómsveitina Menn ársins.



> Plata vikunnar

Andrúm - Andvakar

★★★

„Lögin á plötunni Andvakar eru vel samín, útsett og flutt, en tónlistin nær samt ekki að koma manni á óvart. Engu að síður mjög efnileg sveit.“

TJ

> Í SPILARANUM

The Viking Giant Show - The Viking Giant Show
TV on the Radio - Dear Science
Of Montreal - Skeletal Lamping
Mercury Rev - Snowflake Midnight
Oasis - Dig Out Your Soul

tónlist

tonlist@frettabladid.is



TÓNINN GEFINN Dr. Gunnir

Ekki gera tónlist yfir þrítugt!

Þessi staðreynd er auðvitað þungbær fyrir gamlan skarf eins og mig, sem enn er eitthvað að belgja sig, en samt liggur hún í augum uppi: bestu popp- og rokk-tónlistina gerir ungt fólk, fólk undir þrítugu í yfirgnæfandi fjölda tilfella.

Formið er í eðli sínu ætlað áhyggjulausum hugum sem nálgast heiminn af forvitni og sakleysi, fólk sem er líkamlega upp á sitt besta. Hvernig á fólk sligað af áhyggjum, afborgunarkvíða og barnauppeldislegum spursmálum að geta gert eitthvað af viti með sín magasár, bakmeín og hækkandi kollvik?

Poppsagan sýnir þetta svart á hvítu. Öll besta popptónlistin var gerð af fólkum undir þrítugu. Jónsi og strákarnir í Sigur Rós voru 24-25 ára þegar þeir gerðu Ágætis byrjun, langbestu plötuna sína og Björk var 27 ára þegar hún gerði Debut.

Ég get haldið áfram endalaust. Stuðmenn voru ekki orðnir 25 þegar þeir voru búnir að gera sitt besta stöf, Sumar á Sýrlandi og Tívoli; Fræbbblarnir, Purrkur Pillnikk og Peysarar voru rétt skriðnir úr menntó þegar meistara-verkin hlóðust upp, Bubbi var 23 ára þegar hann gerði Ísbjarnarblús.

Þetta er sama alþjóðlega sagan. Bítarnir voru hættir áður en þeir urðu þrítugir. Á lista Rolling Stone frá árinu 2003 yfir 500 bestu plötur sögunnar er yfirgnæfandi meirihluti platna saminn og fluttur af fólkum undir þrítugu. Meðaltalið er í kringum 25 ár komst ég að þegar ég gerði visindalega úttekt á þessu.

Fyrirsögn þessarar greinar - Ekki gera tónlist yfir þrítugt! - er nú kannski einum af dramatísk samt. Auðvitað mega gamlingar gera tónlist og ættu að gera það, alltaf gaman að gera plötur og svona. Niðurstaðan blasir þó við öllum sem á annað borð hafa eyru: Stöf ellibelgja verður aldrei eins gott og ferskt og stöf ungmenna. Rollingar og McCartneyar heimsins eiga auðvitað að koma með nýjar plötur. Fólk mun jafnvel segja ef það leggur sig fram í jákvæðni: Nei, sko gamla; þetta minnir um margt á gamla stöfina hans!



ÚTGÁFUDAGUR 3. OKTÓBER

FIFA 09

SENDU SMS BTL FBB
Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ EINTAK!
Vinnningar eru FIFA 09, TÖLVULEMINN, DVD, PEPSI OG MARGT FLÉTRA!

FIFA 09

250 breytingar frá síðustu útgáfu
Grafíkin aldrei betri
Fléiri spilunarmöguleikar
Mun meiri hraði
Aukinn viðbragðshraði leikmanna
Besti FIFA til þessa

9.
BESTI VINNARI

Framverðir enska rappinsins

Tvær af skærustu stjörnum breska rappinsins eru nýbúnar að senda frá sér plötur. Roots Manuva gaf út sína sjöttu plötu, Slime & Reason, í byrjun september og hálfum mánuði seinna sendi Mike Skinner frá sér fjórðu Streets-plötuna Everything Is Borrowed. Trausti Júlíusson lagði við hlustir.

Það hefur aldrei farið mjög mikið fyrir bresku rappi. Það virðist að mestu leyti dæmt til að falla í skuggann á því bandaríska sem meiri peningum er dælt í að framleiða og markaðssetja. Ég þreystist samt seint á því að lofsygja helstu framverði breska rappinsins, en þeir hafa gert nokkrar af bestu plötum síðustu ára. Þeirra á meðal má telja bæði hvíta Birmingham-strákinn Mike Skinner sem sló í gegn fyrir sex árum með Original Pirate Material og svarta dub-skáldið og Lundúnabúann Roots Manuva sem hóf glæstan feril árið 1999 með Brand New Second Hand. Þeir voru báðir að senda frá sér nýjar plötur.

Mýkri og víðsýnni Mike Skinner

Mike Skinner hefur lýst því yfir að Everything Is Borrowed sé mýkri og jákvæðari plata heldur en The Hardest Way to Make an Easy Living sem kom út fyrir tveimur árum. Tónlistin kemur öll frá hefðbundnum hljóðfærum sem gefur mýkri og lífrænni hljóð og textarnir eru jákvæðari og opnari. Þeir fjalla um lífið í stærra samhengi en áður. Mike er ekki lengur bara að tala um hversdagslífið í hverfinu. Það eru mörg ágæt lög á plötunni, til dæmis titillagið, The Escapist og Heaven for the Weather og í raun eru engin vond lög á henni, en það vantar samt töluvert upp á að tónlistin sé jafn spennandi og manni fannst hún á fyrstu tveimur Streets-plötunum. Það er enn gaman að Mike Skinner og rímunum hans, en hann virðist samt eiga í erfiðleikum með að þróa sig áfram.

Umslagið á Everything Is



THE STREETS Þrátt fyrir ágæt tilbrif virðist Mike Skinner eiga í vandræðum með að þróa Streets-konseptið og tónlistina áfram.

Borrowed hefur vakið töluverða athygli, en á framhliðinni er ljósmynd af Skógarfossi og inni í plötubæklingnum eru fleiri myndir af villtri og tilkomumikilli náttúru, að minnsta kosti einhverjar þeirra teknar á Íslandi. Myndirnar eru úr myndröð portúgalsk/breska ljósmyndarans Edgar Martins. Þær eru eins og staðfesting á því að Mike Skinner er farinn að horfa upp úr verkamannahverfinu sínu og er byrjaður að skoða heiminn á nýjan hátt.

Enn eitt meistara-verkið

„We Don't Sell Out/Bout We Sell A Tune Or Two/We Can Buy A Wooden Spoon Or Two,“ rappar Roots Manuva meðal annars í Again & Again, fyrsta smáskífulaginu af nýju plötunni Slime & Reason. Roots Manuva er listamannsnafn Rodney Smith. Hann hefur aldrei selt jafn mikið af plötum og Mike Skinner þó að hann hafi vakið mikla athygli, sérstaklega í Bretlandi. Roots Manuva er stærsta stjarna Big Dada-útgáfunnar sem er hip-hop armur Ninja Tune.

Það er þrennt sem einkennir tónlist Roots Manuva. Í fyrsta lagi er það röddin sem er einstök. Í öðru lagi er tónlistin framsækinn og fersk, án þess að vera endilega byltingarkennd. Hljóðheimurinn er alltaf spennandi. Á nýju plötunni



SLIME & REASON Roots Manuva klikkar ekki á sinni sjöttu plötu.

mætti kalla hann elektró-skotið dub-fönk. Og í þriðja lagi eru það textarnir sem eru ljóðrænni en hjá mörgum öðrum röppurum, fullir af flottum stílbrogðum og algvöru tjáningu...

Slime & Reason er þrusu plata. Ein af plötum ársins. Upphafslagið Again & Again er algjör snilld (prófið að spila það á miklum styrk!) og svo kemur hvert gæðastykkið á fætur öðru.

PLÖTUR ROOTS MANUVA



- Brand New Second Hand (1999) ★★★★★
- Run Come Save Me (2001) ★★★★★
- Dub Come Save Me (2002) ★★★★★
- Awfully Deep (2005) ★★★★★
- Alternately Deep (2006) ★★★★★
- Slime & Reason (2008) ★★★★★

PLÖTUR THE STREETS



- Original Pirate Material (2002) ★★★★★
- A Grand Don't Come for Free (2004) ★★★★★
- The Hardest Way to Make an Easy Living (2006) ★★★★★
- Everything Is Borrowed (2008) ★★★★★



Komið í BT



8.999,-

FIFA09

- 250 breytingar frá síðustu útgáfu
- Margfalt betri grafik
- Margfalt meiri hraði
- Besti FIFA leikurinn til þessa



This is living
PLAYSTATION 3

PC

XBOX 360



> SVARTHÖFÐI HEIÐRAÐUR

Leikarinn James Earl Jones, sem er þekktastur fyrir að ljá Svathöfða í Star Wars rödd sína, verður heiðraður fyrir ævistarf sitt á Screen Actors Guild-verðlaununum á næsta ári. Jones, sem er 77 ára, var tilnefndur til Óskarsins árið 1971 og hefur hlotið sjö Emmy-verðlaun á ferli sínum. Jones er einnig þekktur fyrir að hafa talað fyrir Mufasa í Disney-myndinni The Lion King.

fólk
folk@fr



Hátt í tvö hundruð flytjendur

Hátt í tvö hundruð flytjendur hafa verið bókaðir á Iceland Airwaves-tónlistarhátíðina sem verður haldin í Reykjavík eftir tvær vikur. 117 innlendir flytjendur hafa skráð sig til leiks en 49 erlendir.

Á meðal þeirra sem hafa bæst í hópinn að undanförunu er Gudrun Gut, stofnmeðlimur þýskuhljómsveitarinnar Einstürzende Neubauten. Síðar meir varð hún meðlimur í Mania og listarokksveitinni Malaria! sem vakti mikla athygli í byrjun níunda áratugarins.

Landi Gudrun Gut, Thomas Fehlman, kemur einnig á Airwaves. Hann hefur átt langan feril og er þekktastur fyrir áralangt samstarf sitt við hljómsveitina Orb. Aðrir nýir sem hafa boðað komu sína eru Amiina, Ben Frost, Nico

Muhly, Valgeir Sigurðsson, Kasper Björke, Gavin Portland, XXX Rottweiler, Matias Tellez frá Noregi og Morðingjarnir.

Áður höfðu sveitir á borð við Boys in a Band, CSS, The Young Knives, Vampire Weekend, FMBelfast, Sprengjuhöllin og Dr. Spock staðfest þátttöku sína.

Iceland Airwaves verður haldin á eftirtöldum stöðum: Listasafni Reykjavíkur, Nasa, Tunglinu, Hressó, Organ, 22 og Iðnó. Einnig verður svokölluð „off-venue“ dagskrá á fjölmörgum stöðum í miðbænum. Miðasala fer fram á miði og kostar armbandidið 8.900 krónur.

AMIINA Hljómsveitin Amiina hefur bæst við dagskrá Iceland Airwaves sem verður haldin eftir tvær vikur.



Vinir starfa saman

Martin Scorsese mun leikstýra Robert De Niro í glæpamyndinni I Heard You Paint Houses. Þetta verður fyrsta myndin sem þeir félagar gera saman síðan mafu-myndin Casino kom út árið 1995.

Kvikmyndaáhugamenn eiga vafalítið eftir að fagna þessum tíundum því á meðal annarra mynda þeirra eru hinir sigildu Mean Streets, Taxi Driver, Raging Bull og Goodfellas.

I Heard You Paint



DE NIRO Robert De Niro fer með aðalhlutverk í myndinni I Heard You Paint Houses í leikstjórn vinar síns Martin Scorsese.

Houses verður byggð á bók eftir Charles Brandt, sem vingaðist við írka leigumorðingjann Frank „The Irishman“ Sheeran, sem lést fyrir fjórum árum. Í bókinni játtaði Sheeran á sig fjölda morða, þar á meðal að hafa komið Jimmy Hoffa fyrir kattarnef. De Niro fer með hlutverk Sheeran og mun jafnframt framleiða myndina ásamt Scorsese og Jane Rosenthal.

Meikar það í San Francisco

Ingi Örn Gíslason notar listamannsnafnid Ingi í poppinu. Hann er kominn í góð mál með frumsamda tónlist sína; dvelur þessa dagana í San Francisco og tekur upp plötu með þekktum upptökumanni, Scott Mathews. Scott tók hann upp á arma sína eftir að hafa heyrt prufuefni með honum.

„Ég var í lagasmíðanami í Hollandi og vinur minn hafði tekið upp lög með mér. Hann sendi upptökurnar til Scotts, svona aðallega til að fá hans álit á upptökugæðunum. En Scott varð hrifinn af lögum. Eitt leiddi af öðru og nú er ég bara hér í San Francisco og upptökur ganga vel!“ segir Ingi, nývaknaður á hóteli. Hann vinnur að fyrstu sólóplötu sinni í hljóðveri Scotts, Tiki Town.

Scott Mathews á farsælan feril að baki og hefur unnið náið með alls konar snillingum eins og David Bowie, Johnny Cash, Roy Orbison, Ringo Starr, Brian Wilson og Neil Young. „Hann er nú voða lítið að segja manni bransasögur,“ segir Ingi. „Hann vill frekar vinna og taka upp.“

Ingi segir Scott hafa ýmsar frumlegar hugmyndir. „Hann



SLAPPÐ AF Í HLJÓÐVERINU Ingi (til vinstri) og Scott Mathews sækja hugmyndir í bók um vanskapanir.

stakkið upp á því að tækjum hluta af einu lagi upp í einangrunarklefanum í Alcatraz-fangelsinu. Það lag fjallar um martraðir. Við tókum bara bátinn út í eyjuna og tókum allan túristapakkann í leiðinni. Þarna voru Al Capone og fleiri snillingar geymdir á sínum tíma.“

Ingi segist ekkert hafa spilað á

Íslandi en félagi hans í tónlistinni, Birkir Rafn Gíslason, var í Single Drop á sínum tíma. Birkir er með Inga úti og tekur þátt í plötugerðinni.

Hægt er að hlusta á lög Inga á mspace.com/ingiorngislason. Lögin hans eru hressandi og minna svolítið á sólskinspopparann Jack Johnson.

drgunni@frettabladid.is

Dansþáttur færður

Útvarpsþátturinn Flex á X-inu hefur verið færður af laugardagskvöldum yfir á föstudagskvöld og verður hann í loftinu frá 19 til 22. Ein af ástæðum þess er sú að hinn gamalgróni þáttur, Party Zone, er á dagskrá Rásar 2 á laugardagskvöldum.

Kristinn Bjarnason hjá Flex vill ekki meina að Flex hafi ekki þolað samkeppnina við Party Zone. „Þetta er alls ekki þannig. Ástæðan er sú að þarna voru tveir þættir á sama tíma og það er óþægður akur með föstudagana.“

-fb

Karma
í kvöld
Tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

Fyrsta afrek dagsins er góður morgunverður

Til að eiga möguleika á góðum árangri, jafnt í námi sem íþróttum, verð ég ávallt að hefja daginn með næringarríkum morgunverði. Ég ætla mér að halda áfram að keppa að góðum árangri. Þess vegna fæ ég mér Kellogg's Special K í morgunverð til að tryggja að ég fái orku, góða næringu og auðvitað lífsnauðsynleg vítamín og steinefni. Ég mæli með því að þú gerir það líka.



Ég hlakka til ...

...haustsins þegar lífið kemst í fastar skorður á ný. Ég sest á skólabeck og nýr kafli tekur við hjá mér. En eitt breytist ekki – ég fæ mér alltaf Kellogg's Special K á morgnana.

Erla Dögg Haraldsdóttir, nemi og sundkona



specialk.is

erum og verðum

ALLT AÐ ÖDÝRARI

INTEL TÖLVUPAKKI 2



- Intel Core2Duo E5200
- 2GB DUAL DDR2 800MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 512MB Geforce NX9500GT
- 19" Acer skjár, 2000:1, 5ms
- Windows Vista Home Premium

139.950

INTEL TÖLVA 1



- Intel Core2Duo E2180
- 1GB DDR2 667MHz
- 160GB SATA II WD - 16MB
- 256MB Geforce 7100
- Windows Vista Home Basic

@tt.is

69.950

AMD TÖLVA 3



- AMD Athlon 64 X2 5200
- 2GB Dual DDR2 800MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 512MB Geforce 9500GT
- Windows Vista Home Premium

@tt.is

99.950

UPPFÆRSLA B



- Intel Core2Duo E2180
- 2GB DDR2 667MHz minni
- MSI móðurborð
- Geforce 7100 skjákort
- Dolby 7.1 hljóðkort



26.950


MX 518 MÚS



Logitech MX518 Gaming Grade Optical er glæsileg og þægileg mús með fullt af tökkum

4.950


LOGITECH WAVE



Glæsilegt lykklaborð hláðri flýthmóppum, ábreiddur ísl.stafir, PS2/USB

6.950

STEELPAD OCK MÚSAMOTTA



Steelpad Ock mjúk músamotta sem er 320mm x 285mm að stærð, þetta er mottan fyrir leikjaspilarann

1.450

LOGITECH Z3



Logitech Z-3e hátalarkerfi, 40W RMS, 2 öflugir hátalarar, stórt bassabox, og fjarstýring

13.950

TURNUPPFÆRSLA 5



- Intel Core2Duo E7200
- 4GB Dual DDR2 800MHz
- 640GB SATA2 WD - 16MB
- 512MB Geforce 8800GT
- GB Lan og 7,1 hljóðkort

@tt.is

99.950

AERIO TURNKASSI



Aero Cool ExtremEngine 3T er glæsilegur svartur kassi með 250mm og 140mm víftum og víftustýringu

12.950


TAGAN AFLGJAFI



500W Tagan 2-Force II er öflugur og hljóðlátur aflgjafi með 135mm víftu

11.950


ACER EXTENSA 5220Z



- 2.13GHz Intel Celeron
- 2GB DDR2 667MHz
- 80GB SATA 5400rpm
- Intel GMA X3100
- 15.4" WideScreen skjár

69.950

500GB ICYBOX MP302



500GB IcyBox MP302 margmiðlunarspilar, spilar kvikmyndir og tónlist fjarstýring fylgir.

22.950

160GB WD PASSPORT



Litill og nettur utanálggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúinn til notkunar, fast í svörtu, hvítu og bleiku

12.750

MSI MÓÐURBORÐ



MSI P43 Neo-F Intel P43 móðurborð, 4xDDR2 1066MHz, 6xSATAII, 7.1 hljóðkort og GB lan

14.950

SAMSUNG DVD SKRIFARI



Samsung S202J svartur skrifari 20x/8x/16x DVD±R/RW, DL 12x með hugbúnaði

4.750

ACER ASPIRE ONE BLUE



- 1.6GHz Intel Atom N270
- 512MB DDR2 533MHz
- 120GB SATA 5400rpm
- 8.9" WideScreen skjár
- Aðeins 1 kg

62.950

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 750 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

Þetta er mynd af tölvu og mynd af tölvu og mynd af tölvu

Reif í Reykjavík

Myndirnar tvær mynda afar skemmtilegar andstæður. Önnur fjallar um eina hljómsveit og hin um heila senu, önnur fjallar um framúrstefnulega tónlist og hin um gamaldags upptökutækni. Það sem þær eiga þó sameiginlegt er nauðsyn þess að ganga um með sölgleraugu innandyra.

„Teipið gengur“ virðist í fyrstu vera kynningarmyndband fyrir nýja plötu Memfismafiunnar en í raun er hún svo miklu meira. Myndin sýnir á skemmtilegan hátt hvernig upptökutækni hefur þróast undanfarna hálf öld og hvaða áhrif það hefur haft á tónlistina. Kvikmyndagerðarmenn fá einnig hrós fyrir að hafa myndina mátulega langa – sem aðrir mættu taka til sín. Einnig fær hún hrós fyrir að varpa stundum fram áleitnum spurningum. Hvers vegna að endurskapa liðna tíð? Tja, hvers vegna ekki? Eða eins eins og Bob Dylan sagði: „What do you mean you can't repeat the past/Of course you can.“

Það verður mikil stemningsbreyting þegar seinni myndin hefst. Í staðinn fyrir heimabakaðar lummur erum við með umferðaröngþveiti í stórborginni Reykjavík; í staðinn fyrir að heiðra liðna tíma er verið að reyna að skapa eitthvað alveg nýtt. Rafmögnuð Reykjavík er að einhverju leyti sagnfræðileg heimildarmynd um þróun rafrænnar tónlistar á Íslandi og það er þjóðþrifaverk að einhver skuli hafa tekið merkilegan jadarhóp sem þennan fyrir. Samanburður við Rokk í Reykjavík er nánast óhjákvæmilegur þótt hún spanni styttra tímabil. Það er einnig skemmtileg tenging á milli þar sem börn Mikes Poll-ock koma hér við sögu, en hann átti jú sinn hlut í pönkinu. Hér er í



raun um að ræða eina af fáum íslenskum heimildarmyndum sem er nauðsynleg viðbót við höfuðverk íslenskra heimildarmynda um tónlist.

Munurinn er þó sá að meðan íslenska pönkið náði hápunkti sínum fimm árum á eftir hálfbróður sínum í Bretlandi þá virðist íslenska reifsenan aldrei hafa verið meira en mánuði á eftir London. Svo mikið hafði heimurinn minnkað á tíu árum enda gerðist það að Reykjavík varð um tíma partíborg Evrópu. Velgengni Bjarkar átti sinn þátt í því, en ekki síður raftónlistarmennirnir sem minna fór fyrir á yfirborðinu. Ef til vill er aðeins hægt að bera gróskuna saman við 7. áratuginn í rokkinu þegar tónlistarbylting varð í það minnsta tvisvar á ári. Það er mikill fengur að því að mikið efni var tekið upp þegar senan náði hápunkti sínum á fyrstu árum 10. áratugar. Síðan fáum við að sjá brot af því helsta sem er að gerast í dag, og það tekst vel að fanga stemninguna í bíó. Hljóta bæði tónlistarmenn og hljóðblöndunarmenn hrós fyrir.

Það sem vantar þó kannski helst

KVIKMYNDIR

Teipið gengur/Rafmögnuð Reykjavík

Leikstjórar: Elsa María Jakobsdóttir og Gaukur Úlfarsson/Arnar Jónsson

★★★★★

er að tengja upphafið og samtímann betur saman. Lítið virðist í raun hafa gerst á fimmtán árum, stefnan lifir enn góðu lífi en þróunin er ekki lengur jafn hröð og var í fyrstu. Hvað sem því líður mynda þessar tvær heimildarmyndir saman merkilega heildstæða mynd af tónlistarþróun á seinni hluta 20. aldar og sýna hve mikil áhrif tæknin hefur haft á sköpunina. Hvort þau áhrif eru til góðs eða illis er svo annað mál. Það er ekki oft sem manni finnst íslenskar heimildarmyndir hafa á einhvern hátt dýpkað sýn manns á samtímanum, og því fá þær fullt hús. Meira svona!

Valur Gunnarsson

NÝTT Í BÍÓ!

“MÖGNUÐ MYND SEM HELDUR ÁHÖFENDUM ALLAN TÍMANN” S.M.E. – MANNLÍF

“AFRAKTURINN ER MÖGNUÐ MYND Í ALLT ÖÐRUM GÆDAFLOKKI EN NOKKUR ÍSLENSK SPENNAMYND.” B.S. – FBL

“REYKJAVÍK ROTTERDAM ER ÁVÍSUN UPP Á URVALSSKEMMTUN” DÖRI DNA - DV

REYKJAVÍK ROTTERDAM kl. 5:50 - 8 - 10:10 **14**

BURN AFTER READING kl. 5:45 - 8 - 10:15 **16**

PINEAPPLE EXPRESS D kl. 8 - 10:30 **16**

MIRRORS kl. 10:30 **16**

STEP BROTHERS kl. 5:45 - 8 **12**

MAMMA MIA kl. 5:30 **L**

GRISIRNIR 3 kl. 3:45 **A 5%** **L**

LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR kl. 4 **L**

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

REYKJAVÍK-ROTTERDAM kl. 5:50 - 8 - 10:10 **14**

REYKJAVÍK-ROTTERDAM LÚXUS kl. 5:50 - 8 - 10:10 **14**

BURN AFTER READING kl. 5:45 - 8 - 10:15 **16**

PINEAPPLE EXPRESS D kl. 8 - 10:30 **16**

MIRRORS kl. 10:30 **16**

STEP BROTHERS kl. 5:45 - 8 **12**

MAMMA MIA kl. 5:30 **L**

GRISIRNIR 3 kl. 3:45 **A 5%** **L**

LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR kl. 4 **L**

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919

REYKJAVÍK-ROTTERDAM kl. 6 - 8:20 - 10:30 **14**

BURN AFTER READING kl. 5:45 - 8 - 10:15 **16**

PINEAPPLE EXPRESS kl. 10:30 **16**

BURN AFTER READING kl. 5:45 - 8 - 10:15 **L**

MAMMA MIA kl. 5:30 - 8 **L**

PINEAPPLE EXPRESS kl. 10 **16**

MAMMA MIA kl. 5:50 **A 5%** **L**

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

REYKJAVÍK-ROTTERDAM kl. 6 - 8 - 10 **14**

BURN AFTER READING kl. 8 **16**

LUKKU LÁKI - Ísl. Tal kl. 4 og 6 (**650 kr.**) **L**

JOURNEY 3D - DIGITAL 3D kl. 4 **L**

MAMMA MIA kl. 4, 6, 8 og 10 **L**

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIDANNA **mid.is**

FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞU BORGAR BÍÓMIDANNA MED KREDITKORTI **AUKAKRÖNUR**

Nýtt í bíó Sími: 553 2075 - bara lúxus

HÖRKU HASAR

REYKJAVÍK ROTTERDAM

BABYLON A.D.

LUKKU LÁKI

SYNINGARTÍMAR

REYKJAVÍK ROTTERDAM kl. 6, 8 og 10 **12**

BABYLON A.D. kl. 8 og 10 **16**

LUKKU LÁKI - Ísl. Tal kl. 4 og 6 (**650 kr.**) **L**
